

**SKOÐUN** Framtíðin virðist skipta kjósendur litlu, skrifar Sif Sigmarsdóttir. 19



**MENNING** Róbert Óliver Gíslason fetar í fótspor foreldranna og nemur leiklist í Los Angeles. 46



**SPORT** Stjarnan er komin í úrslit Íslandsmótsins en leggja átti liðið niður fyrir tæpum tveimur árum. 40







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
24. apríl 2013
95. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Bítast um steypireyði

Norðurþing vill að menningarmálaráðherra lýsi því yfir að beinagrind úr steypireyði sem rak á land á Skaga verði sett upp á Húsavík. 2

**Fær eigin 110% leið** Lífeyrissjóðir og ríkisstjórnin skrifuðu í gær undir viljayfirlýsingu um lausn á skuldavanda lánsveðshópa. 6

**Gætu fengið ESB í fangið** Ef Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur enda í ríkisstjórn gætu þeir fengið aðildarviðræður við ESB í fangið þvert á vilja þeirra. 8

**Skráð á rangt heimili** Þjóðskrá fær hundruð ábendinga á ári hverju um ranga skráningu á lögheimili. 17

RITSKOÐAÐ HALLDÓR 20

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -3° | | NA | 11 |
| Akureyri | 0° | | NA | 4 |
| Egilsstaðir | -1° | | NNA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | A | 7 |
| Reykjavík | 4° | | NA | 6 |

**Hvassast NV-til** Í dag má búast við stöku éljum norðvestanlands og skúrum eða slydduéljum SV-til og við suðausturströndina. Léttir heldur til með deginum. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

**Fólk | Hlaupaskór & fatnaður Hávaðavarnir**




# Fylgistap hjá Framsókn

Stuðningur við Framsókn og Sjálfstæðisflokk hefur dregist saman í síðustu viku samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkarnir gætu samt myndað meirihluta með 36 þingmenn.

**2013**

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn gætu myndað meirihluta með 36 þingmönnum yrði kosið í dag samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi og fyrrakvöld.

Framsókn tapar fylgi frá könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í síðustu viku. Flokkurinn mælist nú með stuðning 25,9 prósenta kjósenda og 19 þingmenn. Sjálfstæðisflokkurinn tapar einnig fylgi frá síðustu könnun og mælist með 23,8 prósent og 17 þingmenn.

Vinstri græn auka við fylgi sitt frá síðustu könnun og mælast nú með 10,4 prósent atkvæða og sjö þingmenn. Stuðningur við Samfylkinguna stendur í stað, 13,3 prósent ætla að kjósa flokkinn sem myndi skila honum 10 þingmönnum.

Björt framtíð og Píratar eru eins og áður einu nýju framboðin sem koma mönnum á þing. Björt framtíð bætir í milli kannana og er nú með stuðning 8,1 prósents kjósenda og sex þingmenn. Um 6,3 prósent ætla að kjósa Pírata, örlítið fleiri en í síðustu könnun, og fengju þeir samkvæmt þessu fjóra þingmenn.

Þrátt fyrir að fá samanlagt tæpan helming atkvæða fengju Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn ríflegan meirihluta þingmanna, enda fá flokkar sem ekki koma mönnum á þing rúmlega tíu prósent atkvæða.

**- bj /** **sjá síðu 4**

### FJÖLDI ÞINGMANNA




HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 22. OG 23. APRÍL 2013



**GRÆTUR GÖMUL TRÉ** Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur segir fellingu hæstu trjánna í Öskjuhlíð snúast um hagkvæmni í rekstri sumra flugvéla en ekki flugöryggi eins og gefið sé til kynna. „Þá er bara að orða það rétt: Hagkvæmni í rekstri versus kjarninn í útivistarsvæði Öskjuhlíðar," segir Helgi Gíslason. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skógarhögg í Öskjuhlíð:

## Fimmtungur trjánna felldur

**UMHVERFISMÁL** Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, segir að þegar fyrirhugaðri fækkun trjáa í Öskjuhlíð verði lokið hafi fimmtungur skógarins verið felldur. Sjö hektarar af elsta og besta hlutanum eigi að fara, aðeins til að auka hagkvæmni í flugrekstri.

„Það á að byrja á eitt til tvö hundruð hæstu trjánum strax og síðan fella þau jafn óðum og þau vaxa inn í fluglínuna," segir hann. Rangt sé að kalla það grisjun.

Að sögn Helga eru gestakomur í Öskjuhlíð um 160 þúsund á ári. „Verði útivistarsvæðinu spillt og stór hluti þessa hóps hættir að nota útivistarsvæðið hvað er það þá á móti átta farþegum einu sinni sem ekki komast leiðar sinnar eða þurfa að bíða eftir hagstæðari vindátt?" spyr Helgi.

Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar, segir aðeins um lítinn hluta skógarins að tefla.

**- gar /** **sjá síðu 6**






Börn oft vanrækt á heimili þeirra sem eiga við vímuefnavanda að stríða:

## Þriðjungur tengdur vímuefnum

**VELFERÐARMÁL** Þriðjungur barnaverndarmála í Reykjavík kemur upp á heimilum þar sem er áfengis- og fíkniefnavandi. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem kynnt var í velferðarráðuneytinu í gær, en hún byggir á tilkynningum til barnaverndarnefnda yfir sex mánaða tímabil.

Ástæður tilkynninga þar sem neysla var staðfest voru langoftast vanræksla, tilfinningalegt ofbeldi og heimilisofbeldi. Neysla á heimili var ekki skráð í neinni tilkynningu vegna kynferðisofbeldis og afar sjaldan skráð í tilkynningum um líkamlegt ofbeldi. „Þetta gefur ákveðið forspárgildi og er nokkurn veginn í takt við þær erlendu rannsóknir sem við skoðuðum," segir Kristín Steingrímsdóttir félagsráðgjafi, sem vann að rannsókninni með Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðingi.



**KRISTÍN STEINGRÍMSDÓTTIR**

Aldrei áður hafa gögn barnaverndarnefndar verið greind með þessum hætti hér á landi. „Þetta gefur okkur mikilvæga yfirsýn yfir hvernig barnaverndin vinnur úr vandanum, sem vissulega er margþættur," segir Kristín.

Af opinberum aðilum er það lögregla sem tilkynnir vanrækslu oftast til barnaverndar eða í 37 prósentum tilfella. Athygli vekur að leikskólar og skólar tilkynna slíkt mun sjaldnar, eða í átta og tveimur prósentum tilfella. Engin tilkynning var skráð frá SÁÁ sem rekur meðferðarstofnanir og sinnir fjölskyldum í neysluvanda. Úr nærumhverfi barnanna eru það svo nágrannar og ættingjar sem tilkynna vanrækslu oftast eða í 17 prósentum tilfella hvor.

**- mlþ**

**8.661** tilkynningar bárust barnaverndarnefndum árið 2011. Árið 2010 voru þær 9.264.




## SPURNING DAGSINS



Ólafur, er hægt að kenna einhverjum um þetta?

**„Ja, það mætti kenna sveitarfélögunum ýmislegt um þetta.“**

Ólafur Loftsson er formaður Félags grunnskólakennara. Kjaradeila milli kennara og sveitarfélaganna hefur staðið um hríð og sýnist sitt hverjum í þeim málum.

Réttað yfir stórtækum barnaníðingi í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Karl Vignir gaf skýrslu og fór

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli barnaníðingsins Karls Vignis Þorsteinssonar hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Réttarhöldin eru lokuð og því ekki hægt að greina frá því sem þar fór fram. Þeim lýkur í maí.

Karl Vignir gaf fyrstur skýrslu fyrir dóminum. Þeirri skýrslugjöf lauk fyrir hádegi og að henni lokinni yfirgaf Karl Vignir dómhúsið í fylgd lögreglumanna sem fluttu hann aftur í gæsluvarðhald á Litla-Hrauni.

Karl Vignir gekkst við því á upptökum sem birtar voru í Kastljósi í janúar að hafa um áratugaskeið misnotað tugi barna. Sjálfur hafði hann ekki tölu á fórnarlömbum sínum. Í kjölfarið bárust kærur á hendur honum vegna nýlegra brota og skömmu síðar var hann handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald sem hann hefur setið í síðan.

Ekki hafa fengist upplýsingar um það hversu mörgum Karli Vigni er gefið að sök að hafa brotið gegn í ákærunni. - sh



**MÆTTI OG FÓR** Karl Vignir hefur viðurkennt brot gegn tugum barna.

CCP setur hátíð í dag:

# Metfjölda spáð á EVE Fanfest

**TÆKNI** Búist er við um tvö þúsund gestum á EVE Fanfest-hátíð tölvuleikjafyrirtækisins CCP, sem hefst í Hörpu í dag og stendur í fjóra daga. Aldrei hafa fleiri mætt á hátíðina, en fyrirtækið fagnar nú tíu ára afmæli EVE-heimsins.

Á annað hundrað dagskrárliða eru í boði, meðal annars pallborðsumræður um hlutverk og samband leikjaþróunar og listar og kosningar í fulltrúaráð EVE Online-spilara, þar sem nær 400.000 manns eru á kjörskrá. - þj



**Á STÓRA SVIÐINU** Fjögur hundruð leikskólabörn skemmtu gestum í Hörpu með ljúfum söng á Barnamenningarhátíð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Barnamenningarhátíð var sett í gær:

# Börnin eiga sviðið

**MENNING Barnamenningarhátíð var sett í þriðja sinn í Hörpu í gær. Hátíðin hófst á því að 1.300 nemendur í fjórða bekk í grunnskólum Reykjavíkur fluttu tónverkið 268° eftir Áka Ásgeirsson, en það sækir innblástur í tölvuleikjamenninguna.**

**Eftir hádegið hélt fjölbreytt dagskráin áfram og meðal annars stigu 400 börn úr 20 leikskólum á svið, ásamt nemendum úr Tónskóla Sigursveins og Hamrahlíðarkórnum, og fluttu lög Atla Heimis Sveinssonar.**

**Hátíðin heldur áfram næstu daga, en henni lýkur með stórtónleikum í Laugardalslaug á sunnudag.** - kóp

# Ingólfur Júlíusson látinn



Ingólfur Júlíusson, ljósmyndari og hönnuður, er látinn 42 ára að aldri. Hann greindist með bráðahvítblæði í október á síðasta ári og vakti þjóðarathygli fyrir æðruleysi í veikindum sínum.

Ingólfur var kvæntur Monicu Haug og eiga þau tvær dætur, Hrafnhildi og Söru.

Jóhanna Sigurðardóttir:

# Lokafundurinn eftir 35 ára starf

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra mun ávarpa sinn síðasta kosningafund í dag þegar hún kemur fram á hvatningarfundi Samfylkingar í dag.

Jóhanna segir skilið við stjórnmálin þegar kjörtímabilinu lýkur eftir 35 ár á þingi, en þetta er fyrsti og eini kosningafundurinn sem hún tekur þátt í fyrir þessar kosningar.

Fundurinn er opinn og fer fram í kosningamiðstöð Samfylkingarinnar að Laugavegi 18b, og hefst klukkan 17. - þj

# Perlan fær steypireyði sem Húsavík stólaði á

Norðurþing vill að menningarmálaráðherra lýsi yfir að beinagrind úr steypireyði sem rak á land á Skaga verði sett upp á Húsavík. Forstjóri Náttúrfræðistofnunar segir hvalinn hins vegar fara í Perluna ef Náttúruminjasafn Íslands biður um það.

**MENNINGARMÁL** Afar fágæt beinagrind úr steypireyði sem rak á land við Ásbúðir á Skaga sumarið 2010 er nú orðin bitbein Hvalasafnsins á Húsavík og Náttúruminjasafnsins í Perlunni.

„Við höfum búið okkur til ákveðna sérstöðu í þessum efnum og teljum eðlilegt að þessi grind komi hingað,“ segir Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri Norðurþings, þar sem bæjarráðið skoraði á síðasta fundi á Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, sem æðsta yfirmann safnamála í landinu, að lýsa því yfir að beinagrindin yrði sett upp á Húsavík. Ekki náðist tal af Katrínu í gær.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, sem á steypireyðina og er að verka beinin, segir þau mjög merkileg og að aðalatriðið sé að þau verði til sýnis fyrir almenning. Bæði Hvalasafnið á Húsavík og Náttúruminjasafn Íslands, sem fengið hafi 500 milljónir frá ríkinu til að búa til sýningu í Perlunni, vilji fá hvalinn.

„Okkur er svo sem sama hvar hún er, svo framarlega sem hún er til sýnis. Ef Náttúruminjasafnið vill fá hvalinn í sína grunnsýningu um náttúru Íslands þá munum við láta hann fara þangað. Ef ekki þá eru Húsvíkingarnir næstir í röðinni,“ segir Jón Gunnar og bendir á að dýrt sé að setja beinagrindina upp. „Þar verður ekkert tjaldað til einnar nætur. „Ef við setjum hana upp í Perlunni verður hún þar í að minnsta kosti tíu til tuttugu ár.“

Hvalasafnið og félagið Garðarshólmi eru í samstarfi um uppbyggingu safna-, menningar- og fræðastarfsemi á lóð Hvalasafnsins á Húsavík. Beinagrindinni af steypireyðinni er ætlað að verða krúnudjásnið í verkefninu og frumdrög að húsi yfir hana eru tilbúin.

Einar Gíslason, framkvæmdastjóri Hvalasafnsins, segir að frá því að steypireyðina rak á land hafi Hvalasafnið, með vitund og vilja mennta- og menningarmálaráðuneytisins, unnið að því að fá grindina norður.

„Að fá slíka segla inn á svæðið styrkir auðvitað það yfirlýsta markmið ríkisstjórnarinnar að dreifa ferðamönnum meira um landið. Þessi beinagrind á auðvitað ekkert heima í Perlunni heldur hér í höfuðborg hvalaskoðunar í Evrópu,“ segir framkvæmdastjóri Hvalasafnsins. gar@frettabladid.is



**SÝN HÚSVÍKINGA** Þannig sjá hvalasafnsmenn fyrir sér steypireyðina af Skaga í nýrri byggingu á Húsavík. Beinagrindin er 25 metra löng og fjórir metrar á hæð. MYND/HVALASAFNIÐ HÚSAVÍK

> **Að fá slíka segla inn á svæðið styrkir auðvitað það yfirlýsta markmið ríkisstjórnarinnar að dreifa ferðamönnum meira um landið.**
>
> *Einar Gíslason, framkvæmdastjóri Hvalasafnsins á Húsavík.*



**HVALREKI Á SKAGA** Steypireyðurin við Ásbúðir var engin smásmíð. MYND/VALUR ÖRN ÞORVALDSSON






Hönnun og smíði Vestmannaeyjaferju verður boðin út á EES-svæðinu:

# Smíði ferju ljúki í lok árs 2015

**SAMGÖNGUR** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra kynnti í gær ákvörðun sína um að hönnun og smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju verði boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu. Miðað er við að hönnunin verði boðin út í byrjun maí og að henni ljúki í desember 2013. Smíði ferjunnar á að vera lokið síðla árs 2015.

Ögmundur tilkynnti að markmiðið væri að smíða ferju sem gæti sinnt öllum flutningum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar árið um kring með lágmarksröskun. Samhliða hönnun ferjunnar yrði unnið áfram að rannsóknum á höfninni og ráðist í nauðsynlegar endurbætur.

Ráðherra sat fund með bæjarstjórn Vestmannaeyja í gær þar sem Eyjamenn settu fram þrjú áhersluatriði. Hönnun ferjunnar yrði boðin út sérstaklega og að ferjan gæti siglt á Þorlákshöfn þegar ekki gæfi á Landeyjahöfn, og að aðbúnaður farþega vegna siglinga til Þorlákshafnar yrði viðunandi. Ráðist yrði í endurbætur á Landeyjahöfn meðan ferja er smíðuð, og í þriðja lagi að kannað yrði hvort unnt væri að fá annað skip til að annast siglingarnar þar til ný ferja kæmist í gagnið. - shá



**HANDSALAÐ** Ögmundur og Elliði Vignisson bæjarstjóri ánægðir með dagsverkið. MYND/ÓSKAR


Samfylkingin
Við horfðumst í augu við vandann og tókum á honum
Nú horfumst við í augu við tækifærin og nýtum þau!
Sköpum ný verðmæti til lausnar á vanda heimilanna
Leyfum atvinnulífinu að blómstra og tryggjum vel launuð störf
Treystum þjóðinni til að ákveða hvort Ísland gengur í ESB
Aukum verðmæti - eflum mannlíf
Nánar á xs.is
xs

## GENGIÐ 23.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,13 | 117,69 |
| Sterlingspund | 178,37 | 179,23 |
| Evra | 152,03 | 152,89 |
| Dönsk króna | 20,393 | 20,513 |
| Norsk króna | 19,824 | 19,940 |
| Sænsk króna | 17,722 | 17,826 |
| Japanskt jen | 1,1879 | 1,1949 |
| SDR | 175,73 | 176,77 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
207,2419

Umfangsmikil vændisrassía hefur staðið yfir á höfuðborgarsvæðinu um nokkurt skeið:

# Um 60 vændiskaupendur voru yfirheyrðir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur undanfarnar vikur og mánuði yfirheyrt hátt í sextíu manns sem grunaðir eru um vændiskaup. Þeir eru á aldrinum 16 til 70 ára. Þá hefur sjö vændiskonum, fimm erlendum og tveimur íslenskum, verið veitt aðstoð og ráðgjöf vegna málanna.

Þetta er meðal þess sem kom fram á sameiginlegum blaðamannafundi fulltrúa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á Suðurnesjum og tollstjóra í gær. Þar var farið yfir árangurinn af vinnu sérstaks teymis um rannsóknir á skipulagðri glæpastarfsemi, meðal annars í tilefni þess að í gærmorgun samþykkti ríkisstjórnin tillögu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um að veita 25 milljóna aukafjárveitingu í það verkefni.

Karl Steinar Valsson frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fór yfir það að vinna hópsins hefði gert það að verkum að verulega hefði dregið úr starfsemi vélhjólagengja hérlendis.

Það hefði aftur skapað svigrúm fyrir teymið að leggjast í rannsóknir á vændismarkaðnum, aðallega með áherslu á netið.

Á fundinum kom fram að nú væru tvö mansalsmál tengd vændi til skoðunar og tvö önnur tengd almenna vinnumarkaðnum.

- sh



**Á BLAÐAMANNAFUNDINUM** Kári Gunnlaugsson frá Tollinum, Jón Bjartmarz frá Ríkislögreglustjóra, Gunnar Schram frá lögreglunni á Suðurnesjum og Karl Steinar Valsson frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sátu fyrir svörum á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FYLGI FLOKKANNA

HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 22. OG 23. APRÍL 2013




### ➜ Aðferðafræðin

Úrtakið í könnuninni var **1.390** manns en hringt var þar til náðist í **1.000** samkvæmt lagskiptu úrtaki mánudaginn 22. apríl og þriðjudaginn 23. apríl. Svarhlutfallið var **71,9** prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku **67,4** prósent þátttakenda í könnuninni afstöðu til spurningarinnar.

# Stuðningur við B- og D-lista dalar

Framsókn og Sjálfstæðisflokkur fá samanlagt 36 þingmenn þó þeir séu aðeins með tæplega 50 prósent atkvæða samkvæmt niðurstöðum könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Ríflega tíundi hver kjósandi ætlar að kjósa flokka sem ekki eru líklegir til að ná mönnum á þing.

**2013**

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokk hefur minnkað frá því í síðustu viku, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Framsókn og Sjálfstæðisflokkur fá samanlagt nærri helming atkvæða kjósenda, 49,7 prósent. Þeir fá þrátt fyrir það talsvert meira en helming þingmanna, alls 36 af 63, eða 57 prósent þingmanna. Ástæðan er meðal annars sú að ríflega tíundi hver kjósandi ætlar að kjósa framboð sem ekki eru líkleg til að ná þingsætum miðað við niðurstöður kannana.

Alls ætla 25,9 prósent að kjósa Framsóknarflokkinn nú, og er hann enn stærsti flokkurinn. Stuðningurinn hefur dalað frá könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í síðustu viku, þegar 30,3 prósent ætluðu að kjósa flokkinn. Yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnunina fengi Framsóknarflokkurinn 19 þingmenn.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur einnig dalað milli kannana. Alls ætla 23,8 prósent að kjósa flokkinn nú, samanborið við 26,9 prósent fyrir viku. Þessi stuðningur myndi skila flokknum 17 þingmönnum.

## Einn af tíu kýs flokk sem kemst ekki inn

Ríflega tíundi hver kjósandi ætlar að greiða atkvæði sitt framboði sem nær ekki mönnum á þing, samkvæmt niðurstöðu könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Alls ætla 11,1 prósent að kjósa eitthvað af níu framboðum sem eru í þeirri stöðu þremur dögum fyrir kosningar.

Af þeim framboðum sem ekki ná inn þingmönnum er staða Lýðræðisvaktarinnar, Hægri grænna, Flokks heimilanna og Dögunar best. Framboðin fjögur eru öll með um 2,5 prósenta fylgi samkvæmt könnuninni.

Staðan er erfiðari hjá Húmanistaflokknum, Regnboganum, Sturlu Jónssyni, Landsbyggðarflokknum og Alþýðufylkingunni. Stuðningur við þessi framboð er innan við eitt prósent.

Samfylkingin er þriðji stærsti flokkurinn samkvæmt könnuninni, en fylgið er ekki svipur hjá sjón samanborið við nærri 30 prósenta kjörfylgi. Alls ætla 13,3 prósent að kjósa Samfylkinguna nú, svipað hlutfall og fyrir viku, og fengi flokkurinn 10 þingmenn kæmu þessar tölur upp úr kjörkössunum.

Fylgi Vinstri grænna hefur aukist frá því í síðustu viku, og ætla 10,4 prósent að kjósa flokkinn nú samanborið við 7,9 prósent í síðustu könnun. Nærri 22 prósenta kjörfylgi flokksins er þó fráleitt í augsýn. Flokkurinn fengi sjö þingmenn yrðu þetta niðurstöður kosninga.

Björt framtíð bætir einnig við sig milli kannana. Um 8,1 prósent styður flokkinn nú samanborið við 6,5 prósent í síðustu könnun. Flokkurinn fengi sex þingmenn samkvæmt könnuninni.

Píratar mælast nú með stuðning 6,3 prósenta kjósenda, 0,7 prósentustigum meira en í síðustu viku. Flokkurinn fengi fjóra þingmenn samkvæmt þessu.

brjann@frettabladid.is

**49,7%** kjósenda ætla að kjósa annað hvort Framsóknarflokkinn eða Sjálfstæðisflokk

## SKIPTING ÞINGSÆTA




HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 22. OG 23. APRÍL 2013

➜ Stjórnarflokkarnir eru með samanlagt 23,7 prósenta fylgi og 17 þingsæti samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.




**BAKAÐAR KJÚKLINGABRINGUR**

Prófaðu bökuðu kjúklingabringurnar, fylltar með ferskum kryddjurtum og rjómaosti. Gottimatinn.is

Gott í MATINN


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SUMAR Á MORGUN?** Í dag er síðasti vetrardagur en enn er vetrarlegt á norðurhelmingi landsins og einhver bið verður á sumrinu. Þar verður frost á morgun en á föstudaginn hlýnar og það hvessir af suðri við vesturströndina.




**Á morgun**
Norðlægar áttir, 3-8 m/s.




**Föstudagur**
Snýst í vaxandi S-átt

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | 19° | Friedrichshafen | 21° | Las Palmas | 25° | New York | 18° | París | 21° |
| Aþena | 24° | Billund | 12° | Gautaborg | 11° | London | 21° | Orlando | 29° | San Francisco | 20° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 22° | Kaupmannahöfn | 11° | Mallorca | 19° | Ósló | 12° | Stokkhólmur | 12° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Lækkum verð
## um þriðjung (33%)
## á öllum barnafatnaði




**33%**
**AFSLÁTTUR**
af öllum
barnafatnaði
24.-28. apríl

Barnafatnaður á Íslandi getur lækkað mikið í verði ef skattar og tollar hér væru sambærilegir og víða erlendis.



**Skorum á verðandi þingmenn að endurskoða skatta og tolla eftir kosningar! Það er aukinn kaupmáttur!**

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvers vegna hefur Kasha Jaqueline Nabagesera sætt ofsóknum í heimalandi sínu?
**2.** Hvað heitir brottrekinn þjálfari kvennaliðs danska handknattleiksliðsins Viborg?
**3.** Hvaða íslenski tónlistarmaður semur tónlist fyrir myndina Prisoners?

**SVÖR:**
**1.** Hún er samkynhneigð. **2.** Óskar Bjarni Óskarsson. **3.** Jóhann Jóhannsson.

Lífeyrissjóðirnir og ríkisstjórnin skrifuðu í gær undir viljayfirlýsingu um lausn á skuldavanda lánsveðshóps:

# Lánsveðshópur fær loks eigin 110% leið

**LÁNAMÁL** Ríkisstjórnin og Landssamtök lífeyrissjóða gerðu í gær með sér samkomulag um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila sem eru með lán með veð í eignum annarra. Er stefnt að því að þessi heimili fái nú svipaða lausn sinna mála og öðrum yfirveðsettum heimilum stóð til boða í gegnum 110% leiðina.

„Þessi lausn er mikið réttlætismál þar sem lánsveðshópnum býðst sama úrlausn mála og þeim sem fóru 110% leiðina. Við höfum barist fyrir þessu lengi og þetta er mjög ánægjuleg niðurstaða,“ segir Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra.

Skrifað var undir viljayfirlýsingu um samkomulagið í gær. Samkvæmt því skal stefnt að því að eftirstöðvar húsnæðislána með lánsveð verði færðar niður að 110% af verðmæti fasteignar lántaka.

Kostnaðurinn við þessar aðgerðir mun dreifast þannig að lífeyrissjóðirnir greiða fyrir 12% en ríkissjóður fyrir 88%. Áður en hægt er að framkvæma þær þarf ríkisstjórnin þó að afla lagaheimilda til þess að skuldbinda ríkissjóð til þessa kostnaðar. Auk þess þarf að afla staðfestingar frá stjórnum hlutaðeigandi lífeyrissjóða.

Samkvæmt niðurstöðum sérfræðingahóps sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið skipaði í fyrra var í lok árs 2011 1.951 lántakandi, sem fjármagnaði húsnæðiskaup með lánsveði á árunum 2004 til 2008, með húsnæðisskuld umfram 110% af fasteignamati. Þessi hópur gat ekki tekið þátt í 110% leiðinni þar sem lífeyrissjóðirnir, sem eru eigendur langflestra lánanna, töldu það ekki heimilt samkvæmt lögum. **- mþl**



**FASTEIGNIR** Í lok árs 2011 var alls 1.951 lántakandi sem fjármagnaði húsnæðiskaup með lánsveði á árunum 2004 til 2008 með húsnæðisskuld umfram 110% af fasteignamati. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Fjölskylduhjálp Íslands,**
**nytjamarkaður**
**í Eskihlíðinni í Reykjavík**

Fjölskylduhjálp Íslands

Nú seljum við allan fatnað á 100 krónur í dag frá kl. 12 til 17. Komið og gerið góð kaup.

***Fjölskylduhjálp Íslands***

**HAFBERG**
*fiskbúð sælkerans*

**GLÆNÝR HUMAR**

**HEITUR MATUR Í HÁDEGINU**

**OPIÐ LAUGARDAGA**

**Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686**



**Í SKÓGINUM** Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, segir að gestakomur í Öskjuhlíð séu um 160 þúsund talsins á ári. Hætta sé á að stór hluti hópsins hætti að nýta sér útivistarsvæðið verði skógurinn felldur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

# Besti hlutinn verður felldur á tíu árum

Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur segir að fimmtungur af skóginum í Öskjuhlíð verði felldur á fimm til tíu árum, þar á meðal elsti og besti hluti skógarins. Garðyrkjustjóri segir aðeins um lítinn hluta af skóginum að ræða.

**UMHVERFISMÁL** „Þegar þessu er lokið eftir fimm til tíu ár hafa verið gjörfelldir sjö hektarar, sem er fimmtungur af skóginum í Öskjuhlíð og þar að auki elsti og besti hluti skógarins,“ segir Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, um fyrirhugaða fækkun trjáa í Öskjuhlíð.

„Það á að byrja á eitt til tvö hundruð hæstu trjánum strax og síðan að fella þau jafn óðum og þau vaxa upp í fluglínuna,“ segir Helgi, sem kveður rangt að nefna þetta grisjun.

Þá vísar Helgi í frásögn Ríkisútvarpsins um að Flugfélag Íslands hafi skilið eftir átta farþega og farangur til að flugtak væri mögulegt út af trjánum í Öskjuhlíð. „Nú er það svo að tré vaxa ekki að vetrarlagi. Þau hafa því ekki verið að hækka og skapa þessa hættu á undanförnum mánuðum. Fyrir þetta atvik, og reyndar eftir það einnig, hefur Flugfélagið getað tekið á loft í austurátt með fulllestaðar vélar án vandræða. Ástæður hljóta því að vera aðrar en hæð trjánna,“ segir hann.

Að sögn Helga eru gestakomur í Öskjuhlíð um 160 þúsund á ári. „Verði útivistarsvæðinu spillt og stór hluti þessa hóps hættir að nota útivistarsvæðið hvað er það þá á móti átta farþegum einu sinni sem ekki komast leiðar sinnar eða þurfa að bíða eftir hagstæðari vindátt?“ spyr Helgi Gíslason.

Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar, segir aðeins um lítinn hluta skógarins að tefla. Þótt hann hefði sjálfur valið slíku annan stað muni rjóður myndast og nýtast til útivistar og gamlar sjávarklappir verða aðgengilegri. „Við nálgumst þetta þannig að gera eins jákvæða hluti og hægt er úr þessu,“ segir garðyrkjustjórinn. **gar@frettabladid.is**

> **Það á að byrja á eitt til tvö hundruð hæstu trjánum strax og síðan að fella þau jafn óðum og þau vaxa upp í fluglínuna**
> *Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur.*




„Ég hef tekist á við ný verkefni í starfi mínu sem ég hefði aldrei gert nema fyrir tilstilli MBA-námsins“

Margrét Hauksdóttir
*Lögfræðingur og forstjóri Þjóðskrár Íslands*

**Kynntu þér MBA-nám við Háskóla Íslands.**
Kynningarfundur og létt hádegishressing **24. apríl kl. 12-13**
í stofu 101 á Háskólatorgi
**Skoraðu á þig og taktu skrefið**

**www.mba.is** HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA

Jón H. Guðmundsson ætlar að selja Kaupás-keðjuna og fjölda sérverslana:

# Selur eignir en heldur Byko

**VIÐSKIPTI** Viðræður eru hafnar á milli Jóns Helga Guðmundssonar, forstjóra og eiganda Norvikur, og framtakssjóðsins SÍA II um kaup á Krónunni, Nóatúni, Elko og fleiri verslunum.

Frá þessu greinir Viðskiptablaðið.

Jón Helgi hefur ákveðið að selja stóran hluta í félagi sínu Norvik að byggingavörustórveldinu Byko undanskildu. Í frétt Viðskiptablaðsins kemur fram að til sölu sé Kaupás-keðjan, þar með talin Krónan, Nóatún og Kjarval. Einnig sérvöruverslanir félagsins, svo sem Elko, Intersport og fleiri dótturfélög. Söluviðræður eru hafnar við sjóðinn SÍA II, sem rekinn er af Stefni, dótturfélags Arion banka. Viðskiptablaðið segir frá því að margir hafi sýnt kaupunum áhuga.

Jón Helgi ítrekar í frétt blaðsins að salan sé á byrjunarstigi og ætlar að samningaviðræður muni koma til með að taka nokkrar vikur. Hann segir einnig að mikilvægt sé að selja ekki til samkeppnisaðila fyrirtækjanna heldur fjárfesta sem vilja að fyrirtækið verði skráð á markað. Því séu engar kollsteypur í farvatninu. **- shá**

**STÓRAR VERSLANIR TIL SÖLU**
- Krónan
- Nóatún
- Kjarval
- Elko
- Intersport

TM

# Hlutafjárútboð í TM

## Lýkur klukkan 16:00 í dag

- **TM er eitt stærsta tryggingafélag landsins.** Félagið byggir á 57 ára farsælli sögu og hefur um 26% markaðshlutdeild meðal skaðatryggingafélaga á Íslandi, miðað við iðgjöld árið 2011.
- **Sterkt vörumerki.** TM hefur mælst með ánægðustu viðskiptavini íslenskra tryggingafélaga 12 af undanförnum 14 árum.
- **Hagnaður fyrir skatta er áætlaður 2,3 ma.kr. í ár** samkvæmt rekstraráætlun félagsins. Í fyrra nam hagnaður fyrir skatta 3,0 mö.kr.
- **Góð framlegð af vátryggingastarfsemi.** Í fyrra var samsett hlutfall tjóna og rekstrarkostnaðar 88,5%, hið lægsta meðal íslenskra vátryggingafélaga. Jákvæð framlegð hefur verið af vátryggingarekstrinum undanfarin þrjú ár.
- **Traustur efnahagur.** Í lok síðasta árs nam eigið fé TM 10,2 mö.kr. og eiginfjárhlutfallið var 37,3%.
- **Stefnt er á reglulegar arðgreiðslur.** Arðgreiðslur skulu nema a.m.k. 50% af hagnaði eftir skatta, samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins.
- **Styrkleikamat BBB- hjá Standard & Poor‘s.** Matið var hækkað fyrr á þessu ári, með tilvísun í sterkari fjárhag og lengri sögu um jákvæða afkomu af vátryggingarekstri félagsins.
- Um 2/3 hlutafjár var selt í fyrra, til hóps lífeyrissjóða og annarra innlendra fjárfesta.

Hlutafjárútboð í Tryggingamiðstöðinni hf. (TM) stendur frá kl. 10:00 þann 22. apríl 2013 til kl. 16:00 þann 24. apríl 2013. Í útboðinu hyggjast Stoðir hf. selja 218.550.000 áður útgefna hluti í TM, sem samsvarar 28,7% af útgefnum hlutum í TM. Útboðsgengi í útboðinu mun liggja á verðbilinu 17,75-20,10 krónur á hvern hlut í TM. Söluandvirði útboðsins getur numið á bilinu 3,9-4,4 milljörðum króna. Gjalddagi áskrifta er 3. maí 2013.

NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) hefur samþykkt umsókn stjórnar TM um töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Samþykkið er háð því að félagið uppfylli skilyrði reglna fyrir útgefendur fjármálagerninga í NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutafjár fyrir skráningardag. Gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með hluti TM á markaði verði 8. maí nk., en Kauphöllin mun tilkynna um fyrsta viðskiptadag með minnst eins viðskiptadags fyrirvara.

TM hefur birt lýsingu, sem dagsett er 11. apríl 2013, í tengslum við hlutafjárútboðið og umsókn um töku allra hlutabréfa í TM til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar. Lýsinguna má nálgast rafrænt á www.tm.is/fjarfestar og útprentuð eintök má nálgast í höfuðstöðvum TM í Síðumúla 24 í Reykjavík. Áður en fjárfestar taka ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í TM eru þeir hvattir til þess að kynna sér allar upplýsingar sem lýsingin hefur að geyma, þ. á m. skilmála útboðsins og umfjöllun um áhættu sem þar kemur fram.




Nánari upplýsingar um útboðið er að finna á www.landsbankinn.is og www.islandsbanki.is.

**Umsjónar- og söluaðilar útboðs og töku hlutabréfanna til viðskipta**
**Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans,** Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, sími 410 4000, tmutbod@landsbankinn.is.
**Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka,** Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, sími 440 4000.

**Ráðgjafar Landsbankans** veita upplýsingar um áskriftarhluta útboðsins í síma 410 4040, tölvupóstur: fjarmalaradgjof@landsbankinn.is, frá kl. 9:00-20:00 þann 22. og 23. apríl og fram til loka útboðsins kl. 16:00 þann 24. apríl 2013.

Íslandsbanki

## LANDIÐ




### Hjúkrunarheimili þokast nær

**1** Viljayfirlýsing um uppbyggingu húsakynna Hjúkrunarheimilisins Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis á Hellu í Rangárþingi ytra, var undirrituð í gær. Framkvæmdin hlaut styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2011 en forsendur annarrar fjármögnunar hafa breyst og því er talið að hefðbundin fjármögnunarleið sé fýsilegasti kosturinn, eða að kostnaður skiptist milli ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs aldraðra og sveitarfélagsins. Framkvæmdunum er ætlað að fjölga einbýlum og færa aðbúnað heimilismanna til samræmis við þær kröfur sem velferðarráðuneytið gerir.

### Ný vatnsveita í Reykholtsdal

**2** Ný vatnsveita verður tekin í notkun í Reykholtsdal í dag. Eftir mikla leit að fullnægjandi vatnsbóli fyrir Reykholt og Kleppjárnsreyki var ákveðið að virkja vatnsból við mynni Rauðsgils og leggja 4,4 kílómetra langa aðveitulögn milli Rauðsgils og Reykholts. Lítil dælu- og stjórnstöð var byggð í grennd við vatnstökustaðinn. Áður var búið að tengja saman vatnsveiturnar í Reykholti og á Kleppjárnsreykjum til að geta miðlað vatni þar á milli. Með nýrri vatnsveitu er aðgangur íbúa Reykholtsdals að vatni til neyslu og brunavarna tryggður.

### Nýtt hótel á Ísafirði opnar

**3** Nýtt hótel verður opnað í miðbæ Ísafjarðar 1. júní og hefur það fengið nafnið Hótel Horn. Vestur.is segir frá. Hótelið verður opnað í tveimur áföngum; 12 herbergi á annarri hæð hússins í sumar en næsta sumar önnur 12 herbergi á þriðju hæð. Sérstaklega er stílað inn á fjölskyldufólk á Hótel Horni en endurbætur á húsinu hafa staðið yfir í allan vetur.



# Gætu þurft að semja óviljugir um ESB

**Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur vilja stöðva aðildarviðræður við ESB en gætu samt þurft að klára viðræður ef þjóðin ákveður slíkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.**

**EVRÓPUMÁL** Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gætu komið til með að stýra lokaspretti aðildarviðræðna að ESB þvert á eigin stefnu, ef flokkarnir verða við stjórn eftir kosningar og þjóðin samþykkir að ljúka viðræðunum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Formenn flokkanna segja að það sé sannarlega ekki kjörstaða en með því verði að minnsta kosti komið umboð frá þjóðinni.

Eins og staðan er nú í skoðanakönnunum bendir margt til þess að flokkarnir taki upp samstarf eftir kosningar. Eins sagðist meirihluti aðspurðra í síðustu könnun Fréttablaðsins fylgjandi því að aðildarviðræðum yrði lokið með samningi sem svo yrði kosið um.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist munu standa við þá stefnu sem mörkuð var á síðasta landsfundi flokksins að aðildarviðræðurnar yrðu stöðvaðar, fari Sjálfstæðisflokkur í ríkisstjórn.

„Ég tel rétt að við notum tímann eftir kosningar til að taka saman stöðuna í viðræðunum og jafnframt ræða stöðuna í Evrópu."

Bjarni segist hafa miðað við að kosið yrði á fyrri hluta komandi kjörtímabils. Tímasetningin velti hins vegar á ýmsu, en sýnt sé þó að Evrópumál séu kjósendum ekki efst í huga.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segist líta svo á að það sé komið hlé á viðræðum og ekki gerist þörf á að slíta þeim með formlegum hætti, en þráðurinn verði ekki tekinn upp að nýju „nema með umboði frá þjóðinni úr þjóðaratkvæðagreiðslu".

Varðandi tímasetningu þjóðaratkvæðagreiðslu segir Sigmundur að hún gæti jafnvel orðið snemma á næsta kjörtímabili.

Bjarni og Sigmundur játa báðir að það væri engin kjörstaða ef þjóðin samþykkti framhald á meðan hugsanlegir stjórnarflokkarnir væru á því að Íslandi væri betur borgið utan ESB.

„Það er í sjálfu sér ekki góð staða og vissar flækjur í því ef ríkisstjórn er að framkvæma eitthvað sem hún er ekki hlynnt," segir Sigmundur en bætir við að þetta sé afleiðing þess að núverandi stjórn hafi hafið ferlið „á röngum forsendum".

Bjarni segir málin munu ráðast þegar að því kemur.

„Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að við eigum ekki að ganga í Evrópusambandið og greiddi atkvæði gegn umsókn," segir hann. „En við höfum haft það sem hluta af okkar stefnu að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu til að útkljá þetta mál og við munum standa við það."

thorgils@frettabladid.is



**LÍKLEGT STJÓRNARMYNSTUR** Margt þykir benda til þess að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn myndi saman stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Það er í sjálfu sér ekki góð staða og vissar flækjur í því ef ríkisstjórn er að framkvæma eitthvað sem hún er ekki hlynnt,**
>
> *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknarflokksins*




NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

OPIÐ LAUGARDAG
FRÁ 12–16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l / 100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070




# Evrópu- og heimsmeistari

Það er óhætt að segja að skammt sé stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki eru nema nokkrar vikur síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og á dögunum bættist enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva úr heiminum útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 39 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.390.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

B|L

VINSÆLIR
ENDA SPARNEYTNIR ATVINNUBÍLAR

RENAULT KANGOO DÍSIL
EYÐSLA 4,9 L / 100 KM*
KANGOO II EXPRESS
VERÐ: 2.541.833 KR. ÁN VSK.
1,5 DÍSIL - 90 HÖ VERÐ: 3.190.000 KR. M. VSK.



RENAULT TRAFIC DÍSIL
EYÐSLA 6,9 L / 100 KM*
TRAFIC STUTTUR
VERÐ FRÁ: 3.418.327 KR. ÁN VSK.
2,0 DÍSIL - 115 HÖ VERÐ: 4.290.000 KR. M. VSK.



RENAULT MASTER DÍSIL
EYÐSLA 8,0 L / 100 KM*
MASTER MILLILANGUR
VERÐ FRÁ: 4.292.821 KR. ÁN VSK.
2,3 DÍSIL - 125 HÖ VERÐ: 5.390.000 KR. M. VSK.



www.renault.is
RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.
Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi.

RENAULT

BL ehf. Sævarhöfða 2 / 525 8000
Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

ENNEMM / SÍA / NM56564 *Eyðsla á 100 km miðað við blandaðan akstur.

Bílasprengja sprakk við sendiráð Frakklands í Trípólí í gærmorgun:

# Ráðist gegn Frökkum í Líbíu

**TRÍPÓLÍ, AP** Bílasprengja sprakk við franska sendiráðið í Trípólí, höfuðborg Líbíu, í gærmorgun. Tveir franskir öryggisverðir særðust í árásinni auk líbísks tánings. François Hollande, forseti Frakklands, sagði árásina árás á öll lönd sem berjast gegn hryðjuverkum.

Nú þegar tvö ár eru liðin frá borgarastyrjöldinni í Líbíu eiga þarlend stjórnvöld enn erfitt með að tryggja öryggi í landinu. Þetta er þó í fyrsta skipti sem ráðist er gegn sendiráði í Trípólí. Ráðist var á sendiráð Bandaríkjanna í Benghazi í september með þeim afleiðingum að fjórir létust.

Enginn hópur hefur lýst yfir ábyrgð vegna árásarinnar í Trípólí í gær en grunur hefur fallið á hryðjuverkamenn með tengsl við AQIM, Norður-Afríkudeild Al-Kaída, sem er talin hafa staðið að baki árásinni í Benghazi.

Í síðustu viku hótaði AQIM hefndaraðgerðum gegn öllum ríkjum sem tekið hafa þátt í hernaðaraðgerðum Frakka í Malí. - mþl



**TRÍPÓLÍ Í GÆR** Sendiráð Frakka var illa leikið eftir bílasprengjuna sem sprakk við sendiráðið í gærmorgun. Mildi þykir að enginn lést. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kynferðisofbeldi í öllum íþróttum

Sérfræðingur í forvörnum gegn kynferðisofbeldi í íþróttum segir mikla vinnu fyrir höndum í forvarnarstarfi hér á landi. Mikilvægt sé að draga lærdóm af reynslu annarra landa. Þjálfarar geta hjálpað börnum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.

**ÍÞRÓTTIR** „Það er mikil vinna fyrir höndum og margir sem eru í afneitun með að kynferðislegt ofbeldi í íþróttum fyrirfinnist hér á landi,“ segir Celia Brackenridge, prófessor í íþróttum og menntun við Brunel-háskóla.

Celia er stödd hér á landi til að flytja erindi á ráðstefnu á vegum samtakanna Blátt áfram og Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd undir yfirskriftinni Forvarnir eru besta leiðin, sem stendur nú yfir.

Ísland er að hennar mati langt að baki öðrum löndum þegar kemur að forvörnum vegna kynferðisofbeldis en Celia er sérfræðingur í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi í íþróttum. Málefnið er henni hugleikið en hún hefur barist fyrir auknu forvarnarstarfi í íþróttahreyfingum í 35 ár.

Að sögn Celiu er ekki til sú íþrótt þar sem kynferðisofbeldi þrífst ekki. „Það er ekki rétt ef iðkendur og þjálfarar tiltekinnar íþróttar segja að kynferðisofbeldi þekkist ekki þar. Þá eru þeir augljóslega að horfa fram hjá vandanum.“

Erindi Celiu á ráðstefnunni fjallar um forvarnir og hvernig draga megi lærdóm af reynslu annarra landa af kynferðisbrotum í íþróttum og forvörnum sem tengjast þeim.

Hún segir mikla vinnu hafa verið lagða í forvarnarstarf víðs vegar í heiminum sem hafi gefið mjög góða reynslu. „Margir halda að íþróttir séu eins og ævintýraland þar sem engin vandamál eru. En það er vitað að þar þrífast vandamál eins og kynþáttafordómar og kynjamisrétti og þar má einnig finna kynferðisofbeldi. Við þurfum að átta okkur á því að þjálfarar hafa mikil völd og að lítill hluti þeirra er stundum þátttakandi í ofbeldisfullri hegðun.“



**EFLA SKAL FORVARNIR** Mikilvægt er að efla forvarnir er varða kynferðisbrot gegn börnum í íþróttum hér á landi segir Celia Brackenridge, prófessor í íþróttum og menntun við Brunel-háskóla. NORDICPHOTOS/AFP

Hún bendir einnig á að mikilvægt sé að þjálfarar séu meðvitaðir um einkenni sem geta komið fram hjá börnum sem hafa orðið fyrir ofbeldi og kunni að grípa til viðeigandi ráðstafana fái þeir vitneskju um slíkt.

„Hluti þeirra barna sem stunda íþróttir kemur frá heimilum þar sem þau hafa orðið fyrir ofbeldi. Þjálfarar hafa tækifæri til þess að hjálpa þessum börnum með að þekkja einkenni kynferðisofbeldis. Það er sameiginleg ábyrgð allra að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi gegn börnum. Allir verða að hafa vakandi auga fyrir því.“ hanna@frettabladid.is



**Við þurfum að átta okkur á því að þjálfarar hafa mikil völd og að lítill hluti þeirra er stundum þátttakandi í ofbeldisfullri hegðun.**

*Cecilia Brackenridge, prófessor í íþróttum og menntun við Brunelháskóla.*

Atvinnu- og nýsköpunarráðherra bárust sjö kærur vegna Almenninga:

# Kæra sauðfjárbeit við Þórsmörk

**LANDVERND** Sjö mismunandi aðilar hafa kært sauðfjárbeit á Almenningum í Rangárþingi eystra til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins. Almenningar eru afréttur við Þórsmörk og því þjóðlenda.

Svæðið hefur verið í uppgræðslu síðustu tvo áratugi en Ítölunefnd var skipuð í fyrra af sýslumanninum á Hvolsvelli. Nefndinni var falið að áætla beitarþol svæðisins. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni en niðurstaðan varð að endingu 50 tvílembur, alls 150 dýr, fyrstu fjögur árin og svo fjölgun í 130 tvílembur, alls 390 dýr á næstu átta árum.

Krafa kærenda er sú að fram fari yfirítölumat með tilstuðlan ráðherra, Steingríms J. Sigfússonar. Allir aðilar kæra á þeim grunvelli að landið sé of viðkvæmt og birkigræðlingar þoli illa ágang fjár.

Almenningar eru á stóru eldfjallasvæði og gróður á þessu svæði heftir því öskufok sem borist getur til höfuðborgarinnar og annarra sveitarfélaga í nágrenninu.

Kærendur telja að ekki hafi verið farið að náttúrusjónarmiðum við gerð ítölunnar. - mlþ

## Almenningar í Rangárþingi eystra




Eins og sést á kortinu eru Almenningar umkringdir jöklum.

## ÞAU LÖGÐU FRAM KÆRU VEGNA ALMENNINGA

Þessi hópur sendi inn athugasemd til ráðuneytisins og fer fram á að sauðfjárbeit við Almenninga verði endurskoðuð með tilliti til náttúruverndar. Skógrækt Ríkisins, Skógræktarfélag Íslands, Jón Kr. Arnarsson og Sigurður Arnarson, dr. Ingibjörg Svala Jónsdóttir og dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessorar við líf- og umhverfisvísindasvið Háskóla Íslands, Landgræðsla ríkisins, Landbúnaðarháskóli Íslands og Landvernd. - mlþ

Dönsk stjórnvöld:

# Lækka gjöldin á gos og bjór

**DANMÖRK** Sérstakt gjald á gosdrykki verður afnumið og gjöld á bjór verða lækkuð á næstunni. Þverpólitísk samstaða er um þessar aðgerðir á danska þinginu og kemur fyrsti áfangi aðgerðanna til framkvæmda í sumar.

Alls er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins dragist saman um tæpan milljarð danskra króna vegna þessa, en 360 milljónir skili sér aftur í ríkiskassann þar sem Danir muni síður sækja í að kaupa bjór og gos í verslunum í Þýskalandi. - þj

Danskir foreldrar hafa fengið nóg af verkbanni á kennara eftir nær fjórar vikur:

# Vilja að stjórnvöld grípi inn í kjaradeilu

**DANMÖRK** Samtökin Foreldrar og skóli í Danmörku vilja að stjórnvöld grípi inn í til að binda enda á kjaradeilu kennara og sambands sveitarfélaga. Kannanir sýna að meirihluti landsmanna er á þeirri skoðun og að meiri samúð er með sjónarmiðum kennara en sveitarfélaganna.

Nú er gengið á fjórðu viku síðan sveitarfélögin settu verkbann á kennara til að knýja á um breytingar á vinnufyrirkomulagi. Ekkert hefur þokast í samkomulagsátt og er ástandið farið að hafa mikil áhrif á heimilin í landinu, enda þurfa foreldrar að gera ráðstafanir vegna þeirra 600.000 barna sem sitja heima.

Ríkisstjórnin hefur ekkert gefið út um hvort og þá hvernig verður gripið inn í en Politiken hefur eftir sérfróðum að þess verði vart langt að bíða. Líklegast verður um lagasetningu að ræða, en stjórnvöld geta nýtt sér flýtimeðferð til að keyra málið í gegnum þingið í einum rykk í stað hinna hefðbundnu þriggja umræðna.

Verkbannið gengur nú inn á prófatíma og segir Barnaheill í Danmörku að það sé farið að koma niður á börnunum. Of lítið tillit sé tekið til þeirra hagsmuna. - þj



**KJARABARÁTTA** Næstum fjórar vikur eru síðan verkbann var sett á um 70.000 danska kennara. Aukinn þrýstingur er á að ríkið höggvi á hnútinn. NORDICPHOTOS/AFP



**DAUÐ SVÍN** Mikill fjöldi svínshræja hefur verið hreinsaður úr á í Sjanghæ í Kína undanfarnar vikur. Engin skýring hefur fengist á dauða dýranna. NORDICPHOTOS/AFP

Efnaverksmiðjum lokað:

# Engin skýring á dauðum dýrum

**KÍNA** Efnaverksmiðjum í nágrenni þorps í Kína hefur verið lokað eftir að hundruð dauðra svína og hunda fundust í nágrenninu. Ótti hefur gripið um sig meðal íbúanna þar sem engin eðlileg skýring hefur fundist á dauða dýranna.

BBC greinir frá því að 410 svín og 122 hundar hafi fundist dauð í þorpinu Dongtun í Henan-héraðinu í vikunni. Ljóst er að dýrin voru ekki sýkt af fuglaflensu eða öðrum sjúkdómi og því var efnaverksmiðjunum lokað á meðan á rannsókn stendur. Íbúar þorpsins kenna eiturgufum úr verksmiðjunum um dauða dýranna og segja afar sterka lykt hafa legið yfir bænum á mánudag.

Meira en 16.000 dauð svín voru dregin upp úr stærstu ánni í Sjanghæ í síðasta mánuði. - sv



**FLÓTTAMENN** Meira en ein milljón Sýrlendinga hefur flúið landið vegna átaka uppreisnarmanna og stjórnarhersins. NORDICPHOTOS/AFP

Eykur þrýsting á Bandaríkin:

# Efnavopnum beitt í Sýrlandi

**SÝRLAND, AP** Itai Brun, yfirmaður í ísraelsku leyniþjónustunni, segir augljóst að sýrlensk stjórnvöld hafi beitt efnavopnum gegn uppreisnarmönnum í landinu í síðasta mánuði. Með því tók hann undir ásakanir breskra og franskra stjórnvalda.

Yfirlýsingin eykur þrýsting á bandarísk stjórnvöld að bregðast við. Þau hafa lýst því yfir að ekki verði unað við að efnavopnum verði beitt. Stjórnvöld í Ísrael óttast að efnavopn komist í hendur hópa sem andsnúnir eru Ísrael.

Brun sagði líklegt að stjórnvöld í Sýrlandi hefðu beitt taugagasinu sarin, en benti á að þau hefðu einnig yfir öðrum efnavopnum að búa. - bj

Viðræður Íslands við Evrópusambandið snúast um lífskjör og framtíð okkar allra

Vextir
Lífskjör
Kaupmáttur
Framtíð
Matvælaverð
Gjaldmiðill
Tækifæri
Evra
Verðtrygging
Tollar
Þróun
Stöðugleiki
Bensínverð
Húsnæðislán
Aðflutningsgjöld
Verðbólga
Króna

Samkvæmt nýjustu könnunum vilja 61% þjóðarinnar ljúka aðildarviðræðunum við Evrópusambandið.*

Við skorum á stjórnmálamenn að virða vilja meirihluta þjóðarinnar þegar kemur að myndun nýrrar ríkistjórnar Íslands.

Já! ÍSLAND

*Könnun Capacent sem gerð var dagana 7. -15. mars. Af þeim sem tóku afstöðu vildu 61 % klára viðræðurnar en 39% slíta þeim. Spurt var: "Hvort vilt þú klára aðildarviðræður við ESB eða slíta þeim?."

Benidorm
Eldri borgara ferð 8. maí
Frá kr. 129.900
með með fullu fæði
20 nátta ferð – einstakt tækifæri
Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 20 nátta ferð til Benidorm þann 8 maí. Í boði er m.a. Mont Park hótelið með fullu fæði. Mikil dagskrá í boði.
Hotel Mont Park ***
Kr. 129.900 - með fullu fæði.
Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbýli. Aukagjald fyrir einbýli kr. 26.000.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Fjáröflun fyrir menntasjóð Mæðrastyrksnefndar brátt af stað:

# Mæðradagurinn undirbúinn

**SAMFÉLAGSMÁL** Mæðradagurinn verður haldinn hátíðlegur þann 12. maí næstkomandi. Í tilefni dagsins verður hið svokallað Mæðrablóm selt sem hluti af fjáröflun fyrir menntasjóð Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja efnalitlar konur og mæður til náms. Á yfirstandandi námsári styrkti hann um fimmtán konur til náms.

Þetta er í annað sinn sem sjóðurinn stendur fyrir sölu á Mæðrablóminu, sem er að þessu sinni hannað af Snæfríði Þorsteinsdóttur. Hópur stuðningsmanna menntasjóðsins safnaðist saman í gær til þess að útbúa eintök af blóminu sem verður eins og áður sagði selt á Mæðradeginum, 12. maí. - mþl



**HALLVEIGARSTÖÐUM Í GÆR** Hópur stuðningsmanna menntasjóðs Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur safnaðist saman á Hallveigarstöðum í gær til þess að útbúa eintök af Mæðrablóminu 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FORMENN FLOKKA Í HÖRPU** Í opnunarræðu sagði forstjóri Kauphallarinnar óvissu vegna hrunsins ekki nægja sem skýringu til langframa. Hætt væri við að fjárfestar litu á óvisst umhverfi sem þjóðareinkenni. Það hamlaði fjárfestingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Magma-mistök að kreista kröfuhafa

Formenn stærstu flokka ræddu í gær afnám gjaldeyrishafta og framtíðarstefnu í peningamálum. Fundinn héldu VÍB og Kauphöllin. Önnur Magma-mistök í uppsiglingu sagði formaður Samfylkingar um niðurfærslu eigna kröfuhafa bankanna.

**2013**

Formenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks töluðu fyrir hörku í samskiptum við erlenda kröfuhafa föllnu bankanna í umræðum formanna þeirra sex stjórnmálaflokka sem stærstir mælast í könnunum. Tekist var á um mál sem tengjast aðstæðum íslensks atvinnulífs á fundi VÍB og Kauphallar Íslands í Hörpu í gær.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokks, sagði ekki þurfa að taka langan tíma að vinna á gjaldeyrishöftum. Ríkisvaldið hefði í hendi sér tækin sem þyrfti til að knýja á um ásættanlega niðurstöðu í viðræðum við kröfuhafa bankanna. Fordæmin væru í öðrum löndum í aðgerðum sem til skamms tíma hefðu þótt óhugsandi, svo sem á Kýpur. „Með skattlagningu er hægt að flýta fyrir þessari þróun og mjög eðlilegt að gera það."

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði loks búið að ná utan um verkefnið, með því að þrotabúin hefðu kortlagt skuldir sínar og eignir. Kröfurnar þyrfti hins vegar að afskrifa að stórum hluta til þess að aflétta mætti höftunum. „Ég sé fyrir mér að hægt sé að ganga í þetta verk á næstu mánuðum og láta á þetta reyna. Þar eigum við að hafa í handraðanum ýtrustu kröfur," sagði hann. Gangi samningar of hægt ætti ekki að hika við að færa viðkomandi fjármálastofnanir úr slita- í gjaldþrotameðferð og beita skattlagningarvaldi til að knýja fram hagstæða niðurstöðu.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, benti hins vegar á að eignarréttur kröfuhafa væri varinn í stjórnarskrá og læra ætti af mistökum sem ríkisstjórnin hefði gert í Magma-málinu. „Það er ekki hægt að gera eignir útlendinga upp að vild," sagði hann.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagði þverpólitíska sátt um meginlínur við afnám hafta fagnaðarefni og vísaði í þeim efnum til starfa þverpólitískrar nefndar og áætlunar um afnám hafta. „En síðan hafa verið nefndar ýmsar leiðir í því hvernig losa ætti um þessar krónueignir og koma þeim úr landi. Og það hefur alltaf legið fyrir að þær yrðu verðfelldar á þeirri leið. Þar nefndum við upphaflega myndarlegan útgönguskatt, en aðrar leiðir sem hafa verið nefndar eru eins konar viðskipti með eignirnar eða bara samningar." Mikilvægast væri að ná samhljómi um þær leiðir sem fara ætti. Síðan væri hægt að fara að tala um framtíðina í efnahagsstefnunni. „Því ljóst er að þótt við losnum við krónueignirnar og afnemum höftin þá er íslenska krónan enn þá lítill gjaldmiðill í alþjóðahagkerfi og þess vegna þarf að kortleggja þá möguleika."

Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, sagði afnám hafta kalla á samstarf allra flokka. „Fólk leyfir sér að tala mjög óábyrgt af því að það eru höft. Við þurfum að velta því fyrir okkur hvert það leiðir okkur. Ég er ekki viss um að það sé góður staður," sagði hún líka.

Smári McCarthy, einn kapteina Pírata, sagðist ekki trúaður á valdbeitingarúrræði í tengslum við krónueignir kröfuhafa, þótt hann styddi hugmyndir um útgönguskatta. Til að leysa vandann þyrfti líka að fá aflandskrónur með meiri hraða inn í landið, svo sem með áframhaldandi uppboðum Seðlabankans og afsláttarleiðum í tengslum við fjárfestingar. olikr@frettabladid.is

## Sjá tækifæri í fríverslunarsamningi en slá um leið varnagla

Forsvarsmenn flokkanna sex sem mest fylgis njóta samkvæmt skoðanakönnunum og tóku þátt í fundi VÍB og Kauphallar Íslands í gær eru meðmæltir fríverslunarsamningi Íslands og Kína.

Smári McCarthy, einn oddvita Pírata, sagðist þó sakna ákvæða sem tryggðu fríverslun í upplýsingatæknigeira, svona í ljósi þess að ritskoðun væri viðhöfð í Kína. Þá kvaðst Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, styðja fríverslunarsamning að því tilskyldu að hann yrði nógu góður og fullnægði þörfum landsins á sviði vinnuverndar. „Við viljum ekki setja íslensk fyrirtæki í þá stöðu að vera í opinni samkeppni við fyrirtæki sem þræla út börnum eða nota pólitíska fanga sem vinnuafl." Í svipaðan streng tók Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, sem hún sagði róttækan mannréttindaflokk. Mikilvægt væri að styðja ekki að eða vera í samkeppni við barnaþrælkara.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokks, sagðist mjög hlynntur samningnum við Kína. Áhugi Kínverja á að semja við Íslendinga væri áminning um gríðarleg tækifæri hér á landi. Um leið benti Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á að þótt í augnablikinu hallaði á Íslendinga í tollaniðurfellingu vegna viðskipta landanna myndi það snúast við. „Við höfum verið með um 40 prósenta vöxt í útflutningi til Kína ár eftir ár og þannig mun það halda áfram að þróast ef við berum gæfu til að grípa tækifærin sem verða á þessu markaðssvæði," segir hann. Þá áréttaði Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, að tækifærin í fríverslunarsamningnum væru á afmörkuðum sviðum. Ekki væri um að ræða réttindi til landa eða eignakaupa. „Þannig að við höfum stutt þetta."

MARKAÐSTÆKIÐ ÍSLANDSSTOFA
ÁRSFUNDUR 2013
þriðjudaginn 30. apríl, kl. 11-13
á Grand Hótel Reykjavík
DAGSKRÁ
Setning fundar
Friðrik Pálsson, formaður stjórnar
Ávarp utanríkisráðherra
Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra
Litið yfir árið
Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu
ÚH – Útflutningsverkefni
Myndband - útskrift og verðlaunaafhending
Áhrif erlendra kvikmyndaverkefna á hagkerfið
Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri TrueNorth
Markaðssetning - Fjárfesting eða kostnaður?
Jón Ólafur Ólafsson, arkitekt hjá Batteríinu
Fundarstjóri
Inga Jóna Friðgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Brims hf.
Klukkan 12.30 verður boðið upp á veitingar
Vinsamlega skráið ykkur á
www.islandsstofa.is
ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND
www.islandsstofa.is

Rangárþing eystra:

## Kaupa húsnæði fyrir ráðhús

**HVOLSVÖLLUR** Sveitarstjórn Rangárþings eystra gekk á dögunum frá kaupum á lóð og húsum við Austurveg á Hvolsvelli fyrir 70 milljónir króna. Húsinu á að breyta í ráðhús og koma starfsemi sveitarfélagsins þar með undir eitt þak. Frá þessu segir á vef Dagskrárinnar.

Þar er jafnframt vitnað í bókun minnihlutans í sveitarstjórn sem segist styðja kaupin, en óskar eftir nánari útlistun á kostnaði við endurbætur húsnæðisins. - þj

Banaslysum og alvarlegum umferðarslysum hefur fækkað á milli ára:

# Enginn lést vegna ölvunaraksturs í fyrra

**UMFERÐIN** Banaslysum í umferðinni hefur fækkað mikið á síðustu árum. Samkvæmt slysaskýrslu Umferðarstofu 2012 létust níu manns í umferðinni árið 2012, sem er um 28 á hverja milljón íbúa en það er með því allra lægsta í heiminum.

Síðastliðin fimm ár, eða á árunum 2008 til 2012, hafa 58 látist í umferðarslysum á Íslandi en næstu fimm ár þar á undan, 2003 til 2007, létust 111 með sama hætti. Það er um 48 prósenta fækkun.

Enginn lést vegna ölvunar við akstur á síðasta ári og er það einsdæmi síðan skráningar hófust árið 1986. Í skýrslunni kemur hins vegar fram að einn hafi látist af völdum fíkniefnanotkunar og einn vegna löglegra lyfja.

Alvarlega slösuðum fækkar einnig á milli ára úr 154 í 136, eða um tólf prósent. Lítið slösuðum fækkar einnig talsvert, eða úr 1.063 í 899, sem er 15 prósenta lækkun. Í heildina fækkar látnum og slösuðum úr 1.229 í 1.044.

Slysum meðal ungra ökumanna á aldrinum 17-20 ára hefur einnig fækkað mjög og þá sérstaklega frá árinu 2007 þegar svokallað akstursbann var sett í lög. Samkvæmt því er handhafi bráðabirgðaskírteinis settur í ótímabundið akstursbann ef hann fær fjóra punkta í ökuferilsskrá eða er sviptur ökuréttindum vegna alvarlegra umferðarlagabrota. Akstursbanninu er ekki aflétt fyrr en að loknu sérstöku námskeiði og endurtöku ökuprófs. - hó



**GÓÐUR ÁRANGUR** Banaslysum í umferðinni hefur fækkað mikið á síðustu árum.



**POKAST ÁFRAM** Framkvæmdastjórn ESB telur að Serbía uppfylli skilyrði fyrir því að aðildarviðræður geti hafist. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjórn ESB:

## Vilja viðræður um aðild Serbíu

**BRUSSEL** Framkvæmdastjórn ESB hefur mælst til þess við aðildarríkin að formlegar aðildarviðræður verði teknar upp við Serbíu.

Þessi yfirlýsing kemur í kjölfar þess að Serbía og Kósóvó undirrituðu sáttasamning í síðustu viku þar sem meðal annars var kveðið á um aukna vörn til handa serbneska minnihlutanum í Kósóvó. Framkvæmdastjórnin leggur einnig til að samskipti ESB við Kósóvó verði færð á næsta stig með boði um þátttöku í ýmsum verkefnum ESB. Óvíst er þó hvenær samningaviðræður milli ESB og Serbíu hefjast ef af verður. - þj

Stefnubreyting í ESB:

## Sögð hætta við skatt á fjármagnsflutninga

**EVRÓPA** Dvínandi áhugi virðist vera á meðal ESB-ríkja á að setja skatt á fjármagnsflutninga. Ríkin ellefu sem hafa talað fyrir slíku, þar á meðal Frakkland og Þýskaland, virðast vera að heykjast á áformunum, að því er kemur fram á vef EUobserver.

Ástæðan er að slíkt gæti aukið fjármagnskostnað ríkja með álagi á skuldabréf, auk þess sem skatturinn gæti verið flóknari í framkvæmd en áður var talið. Bretar eru alfarið mótfallnir skattinum og hafa höfðað mál fyrir Evrópudómstólnum til að stöðva málið. - þj

Nýsköpunarverðlaun afhent:

## Hanna tæki og hugbúnað fyrir fiskvinnslu

**IÐNAÐUR** Fyrirtækið Valka fékk Nýsköpunarverðlaun Íslands 2013. Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Völku, veitti verðlaununum móttöku á Nýsköpunarþingi á Grand Hóteli Reykjavík fyrir helgi. Þar var sérstaklega fjallað um stöðu „sprettfyrirtækja“, en svo nefnast fyrirtæki sem vaxið hafa hratt.

Valka er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslu. Fyrirtækið var stofnað árið 2003, en þar starfa nú átján manns við tækjahönnun, hugbúnaðargerð, framleiðslu og sölu. - óká



# KARNIVAL

## OPINN DAGUR Á ÁSBRÚ

### 25. APRÍL, KL. 13.00–16.00

**Hinn árlegi Opni dagur á Ásbrú í Reykjanesbæ, sumardaginn fyrsta.**
*Verið velkomin að fagna sumrinu með okkur.*

**KVIKMYNDAVERIÐ**
ATLANTIC STUDIOS

### KARNIVALSTEMNING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

**Matarbásar.** Fjölbreytt úrval.
**Þrautir og leikir.**
**Andlitsmálning.**
**Ingó Veðurguð** syngur.
**Fáðu mynd** af þér með Obama.
**Ný vatnsgusugræja.**

**Draugahús.** Þorir þú að kíkja?
**Chili&Pie-keppni** í borði sendiráðs Bandaríkjanna.
**Kynningar- og skemmtibásar**
**Hoppukastali.**
**Trúður, blöðrukall** og alls kyns uppákomur.
**Flugsýning** Flugakademíunnar.

### KARNIVAL

Á tímum Varnarliðsins héldu íbúar árlegt KARNIVAL í fjáröflunarskyni. Íslendingar voru þá boðnir velkomnir í fjörið og gátu keypt amerískar vörur og tekið þátt í skemmtilegum karnivalleikjum. Nú höldum við KARNIVAL með svipuðu sniði á Ásbrú og bjóðum alla velkomna að skemmta sér og sínum.

**KARNIVAL ★ ÁVAXTAKARFAN ★ HOPPUKASTALAR ★ DRAUGAHÚS ★ SIRKUS**

ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ

Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.

**Nánari upplýsingar á www.asbru.is.**

PIPAR\TBWA • SÍA




**Opinn dagur**

Opinn dagur á Ásbrú er haldinn ár hvert á sumardaginn fyrsta. Landsmenn allir eru hvattir til að koma og kynna sér starfsemina á svæðinu. Að deginum standa **Kadeco, Keilir** og **Háskólavellir** með aðstoð bandaríska sendiráðsins á Íslandi.



# ER ÞETTA EITTHVAÐ SEM GÆTI GAGNAST ÞÉR?




Vegna frábærra viðbragða flytjum við fyrirlesturinn í **Silfurberg, Hörpu** til að fleiri komist að!

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-0906

## VIÐ BJÓÐUM ÞÉR Á FYRIRLESTUR
## HJÁ HÖFUNDI BUSINESS MODEL CANVAS

**Skráning á fyrirlestur Alexander Osterwalder fór fram úr björtustu vonum, svo við ákváðum að flytja hann í Silfurberg í Hörpu svo fleiri komist að.**
**Takk fyrir frábærar viðtökur.**

Alexander Osterwalder, höfundur Business Model Canvas og metsölubókarinnar Business Model Generation, heldur fyrirlestur um aðferð sína í **Silfurbergi, Hörpu, 30. apríl klukkan 09.00–10.30.**

Við hvetjum þig til að nýta þér þetta frábæra tækifæri. Aðgangur ókeypis. **Skráning á arionbanki.is.**

Takmarkað sætaframboð.




Metsölubókin **Business Model Generation**

Arion banki

# Fólk skráð barnlaust og á rangt heimili

Tölvukerfi Þjóðskrár getur ekki skráð barn með tvö lögheimili eða tengsl við líf-foreldra, þótt lögum þess efnis væri breytt. Engin leið er fyrir TR að sjá hverjir búa saman í íbúðum fjölbýlishúsa. Hundruð ábendingar um röng lögheimili árlega.



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is

Sú krafa að stjórnvöld endurskoði lög um lögheimilisskráningu barna sem búa til skiptis hjá báðum foreldrum hefur verið hávær undanfarið. Málið hefur ratað inn á þing, en stofnaður var starfshópur til að skoða möguleikana og hvað það hefði í för með sér að skrá barn á tvö lögheimili.

### Ekki hægt að skrá tvö heimili

Þjóðskrá hefur ekki möguleika á að skrá barn á tvö heimili af því að kerfið býður ekki upp á það. Sama vandamál skapast þegar annar makinn þarf að flytjast búferlum vegna vinnu sinnar, því samkvæmt lögum þurfa hjón að eiga sama lögheimili. Fólkið slítur því samvistum á pappírnum, einfaldlega vegna þess að annar möguleiki er ekki í stöðunni. Einn megintilgangur Þjóðskrár er að vita hvar fólk býr. Með lögum sem þessum má þó segja að verið sé beinlínis að hvetja fólk til þess að fara á svig við lögin, hvort sem það er að skrá sig úr hjónabandi eða að þykjast búa á öðrum stað en það gerir.

### Engin blóðtengsl við foreldra

Blóðtengsl barna við foreldra sína er heldur ekki hægt að skrá með neinum hætti hjá Þjóðskrá. Þegar hjón skilja eða forsjá barns er skipt verður því að rjúfa tengsl annars foreldrisins við barnið í skráningunni, þar sem einungis er hægt að skrá eitt lögheimili.

Forsvarsmenn Þjóðskrár segja þetta afar slæmt því engin leið er til að ná í upplýsingar um líffræðilega foreldra barns án þess að skoða fæðingarskrár í frumritum. Þetta ræðst af því að Þjóðskrá styðst við þrjátíu ára gamalt tölvukerfi. Sigrún J. Guðmundsdóttir, forstöðumaður Þjóðskrár, sagði í samtali við Fréttablaðið í síðasta mánuði að henni liði eins og hún gengi inn í fornöld þegar hún kæmi til vinnu.

Lítið hefur breyst í lagaumhverfi Þjóðskrár síðan 1952 þegar lög um hana voru sett. Það endurspeglast meðal annars í vandanum sem blasir við öllum þeim lykilstofnunum samfélagsins sem reiða sig á upplýsingar þaðan.

### ➜ Brýnar úrbætur á kerfi Þjóðskrár

Samkvæmt forsvarsmönnum Þjóðskrár er afar brýnt að uppfæra skráningarkerfi stofnunarinnar, meðal annars til að geta skráð:

- Vensl barna við líffræðilega foreldra
- Vensl barna við lögforeldra
- Forsjá barna
- Íbúa í fjölbýlishúsum niður á íbúðir



**FORELDRAR Í RAUN EN ÞÓ EKKI Í KERFINU** Þau börn sem ekki hafa lögheimili hjá báðum foreldrum sínum eru einungis skráð með eitt foreldri í Þjóðskrá. Ekki er hægt að skrá blóðtengsl í skránni sökum annmarka á kerfinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Alvarlegir gallar á lögheimilisskráningu landsins

### ➜ Engin leið að vita hversu margir búa saman í íbúðum fjölbýlishúsa



Þjóðskrá getur ekki náð utan íbúafjölda í stökum íbúðum fjölbýlishúsa. Sem dæmi má taka íbúðablokkina Æsufell 6. Þar eru 42 íbúðir skráðar í Fasteignaskrá og alls 85 einstaklingar með lögheimili. Vegna tæknilegra annmarka í kerfi Þjóðskrár er þó engin leið að skrá hverjir búa saman í íbúðum og eru því allir 85 einungis skráðir í húsnúmerið. Þetta skapar vandkvæði innan kerfisins, þá sér í lagi hjá trygginga- og félagsmálayfirvöldum þar sem húsnæðisbætur fara eftir íbúafjölda hverrar íbúðar.

Tryggingastofnun (TR) greiðir allar greiðslur á grundvelli lögheimilis. „Það væri því til mikilla hagsbóta að geta staðsett greiðsluþega og aðra sem þeim tengjast við ákveðið íbúðarnúmer. Væri viðkomandi skráður á íbúðarnúmer þar sem aðrir eru skráðir og ljóst að engin tengsl eru milli aðila, þá myndi það auðvelda Tryggingastofnun að leiðrétta skráningu sem getur leitt til leiðréttingar á greiðslum viðkomandi hjá TR," segir í svari Tryggingastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

### ➜ Hægt að skrá lögheimili hjá hverjum sem er

- Ekki er nauðsynlegt að fá samþykki eigenda íbúða til að skrá lögheimili sitt þar. Engum leigusamningi þarf að framvísa, né neinu öðru sem staðfestir að viðkomandi búi á því heimili sem hann vill skrá sig á. Hver sem er getur því skráð sig hvar sem er, svo framarlega sem um sé að ræða löggilda íbúð. Þjóðskrá hefur enga lagalega heimild til að hafna flutningi lögheimilis.
- Hvorki er heimilt að skrá lögheimili sitt í atvinnuhúsnæði né sumarbústað, en engu að síður er staðreynd að fjöldi fólks býr í slíku húsnæði.
- Nokkur hundruð ábendingar um röng lögheimili berast Þjóðskrá á ári hverju. Það er þó meira en að segja það að sannreyna hvort ábendingin eigi við rök að styðjast, sökum þeirra annmarka sem einkenna kerfið.

## Þjóðskrá Íslands í framtíðinni?




www.volkswagen.is




Volkswagen Amarok

**Fágaður og fullur af orku**

Volkswagen Amarok sameinar kosti lúxusjeppa og pallbíls og býður upp á mikla notkunarmöguleika fyrir fjölbreyttan lífsstíl. Amarok fæst nú með 2.0 TDI 180 hestafla dísilvél með 8 gíra sjálfskiptingu og 3.200 kg dráttargetu.

Eyðsla 7,6 lítrar/100km.*

**Amarok Double Cab 2.0 TDI 180 hestöfl kostar frá**

**7.590.000 kr.**

**(6.047.809 kr. án vsk)**

*Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Amarok Double Cab 2.0 TDI

Atvinnubílar

Komdu í reynsluakstur

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Loksins fær Ísland nafn við hæfi:

# Týnum okkur í sérgæskunni

Let‘s Get Lost Land er önnur tveggja tillagna sem valdar hafa verið til úrslita í samkeppni um nýtt nafn fyrir Ísland sem Inspired by Iceland efndi til á heimasíðu sinni. Hvers vegna nauðsynlegt þótti að finna nýtt nafn á landið er ekki ljóst en tengist þó eitthvað þeim álitshnekki sem nafnið Ísland varð fyrir í aðdraganda hrunsins, hruninu sjálfu og eftirmálum þess. Ísland er ekki lengur óflekkað og söluvænlegt nafn, því tengjast of margar dökkar hliðar.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Let‘s Get Lost, sem útleggst týnum okkur, villumst, látum okkur hverfa, er hins vegar kjörið nafn fyrir þetta litla land þar sem draumar flestra virðast einmitt snúast um að týna sér. Týna sér í græðgi, týna sér í heimtufrekju, týna sér í skítkasti, týna sér í tittlingaskít, týna sér í endalausu þrasi. Segja sig úr lögum við umheiminn og ráfa áttavillt um í þrasþokunni.

Aldrei hefur þessi áttavilla verið augljósari en á þessum síðustu dögum fyrir kosningar. Kjósendur flykkjast um þá flokka sem kynda undir villtustu vonunum og skella skollaeyrum við því þótt bent sé á að flest séu loforðin óefnanleg og gylliboðin innantóm. Kjósendur vilja meira fyrir sinn snúð, lægri skuldir, betri vegi, jarðgöng og brýr, betra heilbrigðiskerfi, betra menntakerfi, betri kjör og átakaminna líf. Ofarlega á óskalistanum eru líka lægri skattar, þótt vandséð sé hvernig bæta eigi vegi, sjúkrahús og skóla ef enginn er tilbúinn til að borga sinn skerf í sameysluna. Peningarnir eiga bara að koma eins og aukakrónur Landsbankans um árið, hvaðan eða með hvaða hætti virðist algjört aukaatriði. Kjósendur hegða sér eins og keipakrakkar og heimta sitt gotterí og leikföng hvort sem foreldrarnir eiga fyrir þeim eða ekki.

Þeir frambjóðendur sem mestrar hylli njóta virðast hafa áttað sig á þessu strax í upphafi kosningabaráttu. Allur þeirra málflutningur gengur út á loforð sem snúa beint að einstaklingnum. Hvað þú færð í þinn hlut prívat og persónulega, skítt með heildina. Stjórnarflokkarnir þumbast við að reka sinn kosningaáróður út frá því sem þeir hafi gert vel á kjörtímabilinu og leggja áherslu á velferð heildarinnar, en þar sem fólk hefur ekki séð krónunum fjölga í eigin vasa með þeim aðgerðum fellur sú áróðurstækni í grýttan jarðveg. Einstaklingshyggjan og sérgæskan virðist ráða valinu hjá flestum kjósendum.

Let‘s Get Lost Land getur líka haft merkinguna látum okkur hverfa úr samfélagi þjóðanna. Felum okkur í eigin þjóðhyggju og rembingi og gleymum því að við erum hluti af stærri heild með þau réttindi og skyldur sem því fylgja. Við erum auðvitað mest og best og þurfum ekkert á öðrum þjóðum að halda. Förum öll á íslenska kúrinn, hættum að taka þátt í stuðningi við vanþróaðri þjóðir, lokum á ESB og lifum hamingjusöm í týnda landinu upp frá því. Let‘s get lost.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

FAAS

**Aðalfundur FAAS**

Aðalfundur FAAS – félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma - verður haldinn föstudaginn þann 10. maí 2013 á Grand Hóteli, Sigtúni 38 í Reykjavík og hefst hann kl. 17:30

**Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.**

Vakin er athygli á að samkvæmt lögum FAAS hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem lokið hafa greiðslu árgjalds liðins árs.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hugmynd**
Skuldaleiðréttingarhugmyndir Framsóknarflokksins njóta ekki alls staðar jafnmikillar hylli. Fréttablaðið greindi frá því í gær að Brynjar Níelsson, væntanlegur þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefði talað þær í kaf á framboðsfundi hjá Reykjavíkurborg og sæi ekki fyrir sér að hægt yrði að koma þeim fyrir með raunhæfum hætti í stjórnarsáttmála flokkanna tveggja. Það sama er að segja um hina stóru flokkana. Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, er hins vegar með nýstárlega lausn á þessum vanda sem menn ættu að gefa gaum.



**Einfalt**
Eiríkur veltir lausninni upp á Facebook: „Verði niðurstaða þingkosninga í samræmi við skoðanakannanir legg ég til að Framsókn myndi minnihlutastjórn sem verði varin falli á meðan flokkurinn lækkar skuldir allra um 20%, og afnemur verðtryggingu og setur vaxtaþak á óverðtryggð lán í samræmi við kosningaloforð, allt án þess að íþyngja skattgreiðendum eða auka verðbólgu. Það eina sem flokkurinn þarf að lofa er að láta náttúru landsins njóta vafans og einkavæða ekki ríkisfyrirtæki á meðan. Fái þeir að gera þetta einir og óáreittir tekur þetta örugglega fljótt af. Ef þetta gengur eftir er ég viss um að aðrir flokkar verða fúsir til að ganga til formlegs stjórnarsamstarfs við flokkinn. Einfalt og allir ánægðir?“



**Ekki í framboði**
Þingmaðurinn Mörður Árnason, sem gæti nú verið á útleið af þingi, vekur athygli á því á bloggsíðu sinni að eini umræðufundurinn um umhverfismál og náttúruvernd hafi farið fram í Háskóla Íslands í fyrradag. Þangað hafi allir flokkar sent fulltrúa. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins hafi verið lítt þekktur maður sem heitir Magnús Júlíusson, sem sé ekki einu sinni á framboðslista fyrir komandi kosningar. Það er spurning hvað það segir um áherslur flokksins í umhverfismálum.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Samfylkingin er velferðarflokkur

VELFERÐARMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
1. sæti Samfylkingar í Reykjavík suður

Heilbrigðisþjónusta óháð efnahag er eitt stærsta velferðarmálið. Samfylkingin mun því nýta það svigrúm sem er að skapast í ríkisrekstrinum til uppbyggingar í heilbrigðismálum og við höfum nú þegar náð fram mikilvægum umbótum til jöfnuðar í heilbrigðiskerfinu.

**Tannlækningar barna**
Nýr samningur um tannlækningar barna hefur verið undirritaður, sá fyrsti í 21 ár. Framvegis munu öll börn hafa sinn eigin heimilistannlækni sem mun boða börn í reglulegt eftirlit, sjá um forvarnir og aðrar nauðsynlegar tannlækningar þeirra. Foreldrar munu einungis greiða komugjald sem ákveðið verður með reglugerð.

**Réttlátara lyfjagreiðslukerfi**
Nýja lyfjagreiðsluþátttökukerfið er einfaldara og réttlátara en núgildandi kerfi. Það mun auka jöfnuð, hætta að mismuna sjúklingum eftir sjúkdómum og verja þá sem mest þurfa á lyfjum að halda fyrir miklum kostnaði. Þeir sem lítið nota af lyfjum munu þurfa að borga meira en áður. Öryrkjar, aldraðir, börn og barnafjölskyldur eru varin fyrir háum greiðslum öðrum fremur. Velferðarráðherra hefur gefið út nýja reglugerð um endurgreiðslu á umtalsverðum kostnaði við læknishjálp, lyf og þjálfun og stórhækkað fjárhæða- og tekjumörk til að mæta aðstæðum tekjulágra sem kunna að lenda í erfiðleikum með upphafsgreiðslur fyrir lyf í nýju lyfjagreiðsluþátttökukerfi. Samfylkingin vill útvíkka kerfið þannig að það nái einnig til heilbrigðisþjónustu.

**Nýr Landspítali**
Samfylkingin mun leggja ofuráherslu á byggingu nýs Landspítala til að tryggja öryggi sjúklinga, boðlegt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk og til að auka rekstrarhagræði. Með nýju sjúkrahúsi munu um þrír milljarðar sparast árlega í rekstri en sjúkrahúsið er í sautján byggingum í dag.

**Betri almannatryggingar**
Fyrsta velferðarmál Samfylkingarinnar eftir kosningarnar verður að leggja fram frumvarp um nýtt almannatryggingakerfi. Með nýju kerfi munu meðaltalsgreiðslur til ellilífeyrisþega hækka um 25% og kerfið verður einfaldara og skiljanlegra. Sambærilegar breytingar fyrir örorkulífeyrisþega eru forgangsmál á næsta kjörtímabili.

Við viljum jöfnuð og velferð óháð efnahag – þess vegna er mikilvægt að styðja Samfylkinguna í kosningunum á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Játningar kjósanda

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



Ég hef sjaldan látið góða tískubólu fram hjá mér fara. Ég fékk mömmu til að klippa á mig tjásutopp eins og Eiríkur Hauksson var með daginn eftir að Gleðibankinn sigraði undankeppni Júróvisjón. Ég hljóp um á klumbuskóm á barmi ökklabrots svo mánuðum skipti eftir að hljómsveitin Spice Girls söng: „Yo tell me what you want, what you really, really want“. Ég get því ekki látið hjá líða að máta hér með þann stakk sem fólk mun vafalaust taka að klæðast í auknum mæli í opinberri umræðu eftir að formaður Sjálfstæðisflokksins kom, sá og sigraði með laginu Bjarna-blús í viðtali í Sjónvarpinu fyrir skemmstu: Einlægni.

Í viðtalinu lýsti Bjarni Benediktsson áhyggjum sínum af fylgi flokksins í skoðanakönnunum og óvissri framtíð hans. Hann horfði stórum, mógráum augum á þáttarstjórnendur og kvaðst svo fullur efa um eigin burði til að leiða Sjálfstæðisflokkinn áfram að hann íhugaði að segja af sér formennsku. En svo framúrskarandi var frammistaða formannsins að ekki aðeins á hún skilið tilnefningu til Óskarsverðlaunanna heldur jókst fylgi Sjálfstæðisflokksins nógu mikið við hana til að allt tal um afsögn formannsins gufaði upp eins og dögg að sumarmorgni.

Um leið og ég segi bravó Bjarni geri ég hér með tilraun til að endurspegla sambærilega einlægni, sjálfsefa, áhyggjur og ótta við hvað framtíðin ber í skauti sér – nema hinum megin við atkvæðið. Játningar stjórnmálamanns slógu í gegn. Það sem fylgir hér á eftir eru játningar kjósanda.

**Upp úr klósettskálinni**

Ég er eigi kona einsömul. Eftir að hafa mánuðum saman þurft að rífa höfuðið upp úr klósettskálinni með handafli til að mæta til vinnu á morgnana svo gegnsýrð af hormónum að misritað orð getur kallað fram táraflóð á við það sem kennt er við Nóa og heimskuleg ummæli stjórnmálamanns í kosningaslag jafnmikla réttláta reiði og Adam og Eva fengu að kynnast þegar þeim var sparkað út úr aldingarðinum hefur afkvæmið hlotið bráðabirgðanafnið Skrímslið.

Áhyggjur mínar er varða nánustu framtíð lúta einkum að ótta við að ég sé búin að tapa baráttunni við að finna gallabuxur sem passa yfir óléttuvömbina og líta ekki út eins og tískuslys frá áttunda áratugnum. Horfi ég hins vegar aðeins lengra fram á veginn tekur við uggur yfir þeim praktísku vafamálum sem allir foreldrar þurfa að glíma við: Formúla eða brjóstamjólk? Taubleiur eða pappírsbleiur? Viskílögg í pelann eða ekki?

Helsta birtingarmynd óttans við eigin vanhæfni er draumur sem mig dreymir reglulega: Skrímslið er komið í heiminn en ég er búin að týna því, ég finn það hvergi sama hvað ég leita, í bakaraofninum, fataskápnum, skottinu á bílnum – alveg eins og Bjarni Ben óttast að hann sé búinn að týna fylgi Sjálfstæðisflokksins. Og rétt eins og Bjarni hefur áhyggjur af því hvaða afleiðingar komandi kosningar munu hafa fyrir framtíð flokks hans hef ég áhyggjur af því hvaða áhrif þær munu hafa á framtíð Skrímslisins.

**Þynnka á Mývatni**

Þrír dagar eru til kosninga og flest bendir til þess að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gangi senn í eina sæng. Síðast þegar þessir tveir flokkar rugluðu saman reytum sínum skildi samband þeirra eftir sig svo sviðna jörð að nú, sex árum eftir að því lauk, glímum við enn við afleiðingarnar. Ég get því ekki annað en velt fyrir mér eftirfarandi spurningum:

- Þegar Skrímslið er orðið unglingur og fer á útihátíð á Akureyri í óþökk foreldranna sem vildu heldur að það væri heima um verslunarmannahelgina og æfði sig á píanóið, læsi Schopenhauer og sannaði hina ósönnuðu stærðfræðitilgátu Riemanns, mun það geta komið við á Mývatni í þynnkunni og notið fegurðar þess eins og þunnir útihátíðagestir hafa gert kynslóðum saman? Eða mun stöðuvatnið hafa hlotið sömu örlög og Lagarfljót, skorpnað sökum ósvalandi virkjanaþorsta stjórnmálamanna á höttunum eftir skjótfengnum gróða (í besta falli) eða fleiri atkvæðum (í versta falli)?
- Þegar Skrímslið verður dregið með í Kringluna til að kaupa í matinn þar sem það mun spranga um með hauspoka, svo mikil skömm er að sjást með foreldrum á almannafæri, mun það þá enn rýja fólk inn að skinni að fæða kjarnafjölskylduna því fósturjarðarelskandi einangrunarsinnar á Alþingi vilja ekki leyfa innflutning á matvælum sökum þess hve fögur íslenska sauðkindin er?

> Mun Skrímslið búa við gjaldeyrishöft? Mun það sjá nýja stjórnarskrá?

- Þegar Skrímslið fer út á vinnumarkaðinn til þess að safna sér pening svo það geti flutt að heiman og losnað undan yfirþyrmandi foreldrunum sem hafa ekki enn gefið upp vonina um að það leysi tilgátu Riemanns, munu skattar þess enn þá fara í að greiða niður kosningaloforð Framsóknarflokksins frá árinu 2013 um glæfralegar niðurfellingar skulda í skiptum fyrir atkvæði?
- Þegar Skrímslið fer að búa, mun það lifa við sömu háu vextina, verðbólguna og óstöðuga gjaldmiðilinn og við gerum nú vegna þess að fánaveifandi þjóðerniskútum þykir þorskurinn á íslensku krónunni blika fallegar en flúr annarra gjaldmiðla?
- Mun Skrímslið búa við gjaldeyrishöft? Mun það sjá nýja stjórnarskrá? Mun það njóta arðs af náttúruauðlindum landsins eða mun hann fara í vasa flokksgæðinga að þjóðlegum sið?

**Umbun í dag**

Af niðurstöðum skoðanakannana að dæma virðist sem framtíðin skipti kjósendur litlu. Með atkvæði sínu kjósa þeir umbun í dag – niðurfellingu persónulegra skulda, stórframkvæmdir í kjördæmi sínu – sama hver kostnaðurinn kann að vera fyrir komandi kynslóðir. Við Skrímslið segi ég því: Sorrí.

# Fegurð hins smáa

KOSNINGAR
Sverrir Björnsson
hönnuður



Íslenskir stjórnmála- og athafnamenn hafa alltaf hugsað stórt.

Nýjust er hugmyndin um að setja niður stór hótel í miðri Reykjavík í stað þess að nýta minni húsrými sem þegar eru til staðar í miðbæjarhverfunum.

Það á líka að byggja sjúklega dýran risaspítala í borginni á kostnað minni eininga grunnþjónustunnar í nærumhverfi fólks.

Vegna stórlausnahugsunar höfum við risavaxin stóriðjuver en fá lítil iðnfyrirtæki.

Ofurvirkjanir byggðar með risalánum í stað minni umhverfisvænni virkjana.

Miklar auðlindir en lítinn arð af þeim.

Fáar stórútgerðir í stað fjölmennrar smábátaútgerðar í litlum byggðum.

Fáa stóra banka í stað margra lítilla sparisjóða.

Vildardíla fyrir stórfyrirtæki en engan stuðning við smáfyrirtækin sem eru 80% atvinnulífsins.

Gígantískar skuldaniðurfellingar til stóreignamanna meðan smáfuglarnir éta það sem úti frýs.

Risavaxnar ríkisskuldir eftir langvarandi fjármálafyllerí stjórnmála- og athafnamanna landsins.

Ef við bara fengjum frið fyrir stórhuga stjórnendum væri þessi duglega smáþjóð líklega í fínum málum.

Hugsum smátt – kjósum smátt.



FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU
VINSTRI GRÆN

# Við eigum betra skilið en sirkus Geira ósmart

STJÓRNMÁL



**Sigurður Ragnarsson**
háskólakennari og starfar m.a. við forystuþjálfun

Síðustu ár hafa verið súrrealísk. Hrunið hér varð algert. „Góðærið“ var keyrt áfram af botnlausri græðgi, skammtímasýn og hannað af viðskipta- og fjárglæfratöframönnum sem margir böðuðu sig í frægðarsól. Þar kom þó að því að frægðarsólin brenndi og dagsljósið birti hroðalega mynd siðleysis, hirðuleysis og egóisma. Heimilin í landinu og almenningur ásamt flestum fyrirtækjum líða fyrir þetta. Nú er ljóst hvers konar sirkus var í gangi. Það var sirkus Geira ósmart.

Málið er einfalt. Við eigum betra skilið. Við sem búum hér viljum byggja upp sanngjarnt og gagnsætt samfélag þar sem allur getur liðið vel. Fráfarandi ríkisstjórn lofar fögru í dag en veit samt að hún féll á prófinu. Verkin segja allt sem segja þarf. Forgangsmál stjórnarinnar var að senda björgunarleiðangur til að bjarga bankakerfinu. Auðvitað þurfum við öflugt bankakerfi en það eru fleiri stoðir sem þarf að sinna. Heilbrigðiskerfið, menntakerfið, löggæslan o.s.frv. var allt sett skör neðar. Það er í lagi að setja mörg hundruð milljarða í bankakerfið en að hjálpa bágstöddum, eignalausum, sjúklingum o.fl. skiptir greinilega minna máli. Það sem svíður svo einna verst er að búið er að selja þrotabúin til hrægammasjóða. Við erum bara tölur í excelskjali þeirra miklu spekinga sem reyna að mjólka íslenskt samfélag.

**➜ Við eigum skilið forystu sem vill byggja upp og þjóna heilbrigðu samfélagi…**

Við eigum skilið stjórn sem tekur á þessu og vill vinna fyrir fólkið og fyrirtækin í landinu. Stjórnarflokkarnir féllu á prófinu. Þeir fengu sinn tíma og nýttu hann illa, þó bankakerfið og hrægammasjóðir þakki þeim vel og innilega fyrir.

### Heiðarleg vinnubrögð

Við verðum að skoða vel hvaða kostir eru í boði og fara fram á heiðarleg og sönn vinnubrögð hjá þeim sem bjóða sig fram til forystu fyrir okkur. Við eigum skilið frábært samfélag. Samfélag sem líður ekki ójöfnuð, líður ekki að ákveðnir hópar, stofnanir, fyrirtæki eða sjóðir geti blómstrað á kostnað annarra og setið hjá í aðgerðarleysi og láti sig vandamálin ekki varða. Við þurfum meiri samstöðu. Nú þurfa allir einstaklingar og hópar, hvort heldur þeir eru ríkir eða fátækir, fyrirtæki, fjármálastofnanir, samtök, lífeyrissjóðir og allir aðrir að taka höndum saman. Það er mál allra að byggja hér upp sanngjarnt og siðferðilegt samfélag.

Við eigum skilið forystu sem getur komið atvinnulífinu aftur í gang og hefur raunverulegan kjark til að iðka réttlæti. Við eigum skilið forystu sem hefur kraft og þor til að hjálpa þeim sem eru í vanda staddir og leiðrétta þá eignaupptöku sem hefur átt sér stað. Við eigum skilið forystu sem vill byggja upp og þjóna heilbrigðu samfélagi og hefur í heiðri hina gullnu reglu: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“

# Lausnir Hægri grænna

STJÓRNMÁL



**Guðmundur Franklín Jónsson**
formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Verkefni næstu ríkisstjórnar eru skýr. Þau eru: 1) leiðrétta og lækka skuldir heimilanna, 2) lækka skatta og 3) vængstífa hrægammasjóðina, lækka skuldir ríkissjóðs og afnema gjaldeyrishöftin með nýjum gjaldmiðli. Lausnirnar á þessum málum hafa Hægri grænir sett fram á ítarlegan hátt á heimasíðu sinni XG.is, en leitað var í smiðju annarra þjóða og erlendra sérfræðinga. Allar okkar aðferðir hafa verið notaðar annars staðar með góðum árangri.

### Verkefnið

Framsóknarflokkurinn myndar aldrei ríkisstjórn með flokki sem kjósendur hafa hafnað og þess vegna er það önnur vinstri stjórn sem við erum að fá yfir okkur, með öllum þeim hörmungum sem því fylgir. Þessu er samt hægt að breyta, því Hægri grænir er klárlega góður valkostur og síðasta stoppistöð kjósenda Sjálfstæðisflokksins, enda stefna okkar frelsisstefna. Við megum ekki gleyma því að fólkið í landinu horfir til okkar sem bjóðum okkur fram til stjórnmálastarfa – með von um betri framtíð. Okkar skylda er að rísa undir þeim væntingum, stuðla að betri framtíð, betri lífskjörum og hugsa í lausnum, en ekki leggja stein í götu alls sem til framfara horfir.

### Hernaðinum verður að linna

Efnahagslífið er einn vefur og starfsskilyrði atvinnulífs og lífskjör fólksins eru samofin. Hernaði stjórnvalda gegn fjölskyldum og fyrirtækjum þessa lands verður að linna. Hægri grænir er flokkur fólksins og við erum með lausnirnar. Við erum grænn borgara- og millistéttarflokkur. Við erum flokkur tíðarandans og raunsæisstjórnmála. Sem umbótasinnaður endurreisnarflokkur vonumst við til að Íslendingar yrki sína Höfuðlausn á einni nóttu þann 27. apríl nk. Brettum upp ermarnar og merkjum X við G í komandi kosningum.

**➜ Hernaði stjórnvalda gegn fjölskyldum og fyrirtækjum þessa lands verður að linna.**

# Kjósum stöðugleika, ábyrgð og jöfnuð

STJÓRNMÁL



**Katrín Júlíusdóttir**
fjármála- og efnahagsráðherra og 2. sæti Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi

Á laugardag kjósum við um hvort heimilum og fyrirtækjum verður tryggður stöðugleiki með ábyrgri efnahagsstjórn til að bæta lífskjör og efla fjárfestingu í nýjum atvinnutækifærum eða hvort blása eigi út nýja bólu.

Viljum við halda þeim möguleika opnum að losna við verðtryggingu og vaxtaokur til frambúðar, bæta lífskjör og starfsskilyrði atvinnulífsins með upptöku gjaldgengrar myntar með því að ljúka aðildarsamningi við ESB og leyfa þjóðinni sjálfri að taka upplýsta ákvörðun eða viljum við skella þeim dyrum á heimilin og fyrirtækin strax að loknum kosningum?

Verður ævarandi eignarréttur þjóðarinnar á verðmætum auðlindum sínum virtur og tryggt að þjóðin öll njóti auðlindaarðsins eða verður horfið til einkavæðingar bæði auðlinda og þess arðs sem úthlutun sérleyfa til nýtingar skapar?

Á tekjuskattskerfið áfram að stuðla að auknum jöfnuði með þrepaskiptingu sem tryggir hinum tekjulægstu og fólki með meðaltekjur lægri skattbyrði eða verður sérstök lækkun á sköttum hinna tekjuhæstu að forgangsverkefni í skattamálum?

Verður svigrúmi til að bæta stöðu heimilanna í landinu varið til að bæta stöðu þeirra sem eiga í vanda eða eru að kaupa fyrstu eign, styðja enn frekar við barnafjölskyldur og efla húsnæðisbætur sem renna einnig til þess fólks á leigumarkaði eða á að nýta bróðurpartinn í þágu efnamestu fjölskyldnanna á höfuðborgarsvæðinu?

### Treystum stjórnvöldum

Treystum við þeim stjórnvöldum sem höfðu kjark og framsýni til að verja íslenska hagsmuni gegn erlendum kröfuhöfum með því að færa erlendar eignir þeirra undir gjaldeyrishöftin eða þeim sem stíga fram í aðdraganda kosninga og segja „nú get ég“ eftir að hafa setið hjá eða greitt atkvæði gegn lagasetningunni sem skapaði þá sterku samningsstöðu sem nú vekur vonir um heildarlausn á losun fjármagnshafta?

Munu grunngildi jafnaðarmanna um gagnsæi, markaðslausnir á forsendum samfélagslegrar ábyrgðar og heilbrigðrar samkeppni ráða endurreisn fjármálakerfisins úr höndum erlendra kröfuhafa eða verður framkvæmdin á ábyrgð og forsendum sömu flokka og valdablokka og einkavinavæddu bankana með þeim afleiðingum sem þjóðin er enn að vinna úr?

Kjósendur standa frammi fyrir þeim veruleika að aðeins styrkur Samfylkingarinnar, jafnaðarmannaflokks Íslands, að loknum kosningum, ræður svarinu við þessum spurningum. Andspænis því bandalagi sérhagsmunaflokkanna sem við blasir dugar aðeins sameinaður og öflugur flokkur jafnaðarmanna. Jafnaðarmenn, stöndum saman á kjördag, setjum X við S.

**➜ Jafnaðarmenn, stöndum saman á kjördag…**

# Sóknaráætlun landshluta og sjálfbær þróun

SAMFÉLAG



**Inga Sigrún Atladóttir**
guðfræðingur og bæjarfulltrúi í Vogum, skipar 2. sæti á lista VG í Suðurkjördæmi

Það er mikilvægt að byggja upp öflugt atvinnulíf. En það er ekki sama hvernig það er gert. Atvinnulíf þarf að byggja á vilja og hæfileikum fólksins í landinu og ríkið á að eiga í stöðugu og kröftugu samtali við það og veita orku sinni og fjármagni í sjóði til að efla nýsköpun og fjölbreytni.

Núverandi ríkisstjórn hefur sett fram nýja stefnu í byggðamálum undir yfirskriftinni Sóknaráætlun landshluta, þar sem áhersla er lögð á að landið er ein heild og höfuðborg og landsbyggðir eiga sameiginlega hagsmuni í að um land allt sé öflugt samfélag og atvinnulíf. Síðasti landsfundur VG sló því föstu að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sé þar lykilatriði, þar sem miklu skiptir að byggja atvinnulíf á fjölbreyttum stoðum, nýta nærumhverfið, draga úr flutningskostnaði og treysta grunnstoðir samfélagsins.

### Lykilatriði og forgangsmál

Annað lykilatriði er að fjárveitingar eru í auknum mæli fluttar heim í hérað þannig að heimamenn koma sjálfir að forgangsröðun fjármuna. Þessi hugmyndafræði byggir á lýðræðislegu samráðsferli um land allt. Miklu skiptir að byggja áfram á henni og styrkja þannig byggðir landsins. Þar mun Byggðastofnun einnig skipta máli sem stuðningsaðili við byggðir sem á þurfa að halda. Þá er jöfnun flutningskostnaðar, sem loksins komst á í tíð núverandi ríkisstjórnar, mikið byggðamál.

Eitt af forgangsverkefnum byggðamála á komandi árum þarf að vera ljósleiðaravæðing í dreifbýli og full jöfnun húshitunarkostnaðar. Treysta þarf byggð í landinu með sanngjarnari skiptingu tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins til ákvarðana um grunnþjónustu.

Í stefnuyfirlýsingu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segir m.a.: „Stöðu landsbyggðarinnar verður að styrkja með róttækum kerfisbreytingum og valddreifingu til að treysta byggð. Afar brýnt er að bregðast við fólksflótta frá landsbyggðinni, fyrst af öllu með því að leiðrétta þá fjárhagslegu mismunun sem landsbyggðarfólk býr við í námskostnaði, húshitun og vöruverði. Fjölbreytt atvinnulíf og öflug menningarstarfsemi ásamt traustri samfélagsþjónustu og góðum skólum er undirstaða lífvænlegrar byggðar.“

**➜ Atvinnulíf þarf að byggja á vilja og hæfileikum fólksins í landinu…**

# Vaxtarverkir í skólastofunni

STJÓRNMÁL



**Áslaug María Friðriksdóttir**
varaborgarfulltrúi og 5. sæti Sjálfstæðisflokks í Reykjavík suður

Menntun er lykilhugtak nútímans. Menntun drífur áfram nýsköpun og leiðir af sér vöxt. Íslensk þjóð hefur löngum verið stolt af því að vera kölluð bókaþjóð og Íslendingar hreyknir yfir því að eiga menntað fólk. Við rekum mjög marga skóla miðað við höfðatölu og nám er aðgengilegt. En erum við tilbúin í næsta vaxtarskeið?

### Það skemmtilega

Ísland er fremst í flokki þegar kemur að jöfnum tækifærum til náms. Öll börn fara í grunnskóla og hafa tækifæri til að verða læs, skrifandi og skapandi. Minni tengsl eru hér á landi á milli þess hvort einstaklingur fer í nám og þess að eiga vel menntaða foreldra. Okkur hefur tekist að jafna möguleika fólks til að stunda nám.

Hið opinbera greiðir mun meira til grunnskóla en gerist annars staðar sem sýnir væntanlega að í samfélaginu sé áhersla lögð á að börn hér á landi fái að njóta góðs skólakerfis og hér leggi fólk áherslu á að mennta börnin.

Háskólamenntun skilar miklum verðmætum. OECD telur að á síðasta áratug hafi um helmingur vaxtar í vergri landsframleiðslu í aðildarríkjum stafað af því að háskólamenntað fólk fékk hærri tekjur. Nokkuð ljóst er að menntun skilar verðmætum og hagsæld.

### Það leiðinlega

En svo er þetta leiðinlega. Því miður er það svo að námsárangur barna hér á landi endurspeglar ekki það fé sem lagt er til skólakerfisins. Námsárangurinn er svipaður og hjá þjóðum þar sem mun minna fé er lagt til skólakerfisins. Það er því eðlilegt að við reynum að átta okkur á því í hverju við erum að fjárfesta.

Sérkennsla er áhyggjuefni en 27% barna hér á landi þurfa sérkennslu á meðan eðlilegt hlutfall að mati sérfræðinga er 5%. Við hrukkum upp við þær fréttir fyrir um ári að fjórðungur 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns og að stúlkur sýna einkenni kvíða og vanlíðunar meira en drengir í grunnskólunum. Kennsluefni og aðferðir virðast ekki svara þörfum barnanna nægilega vel.

Fjöldi þeirra sem lýkur framhaldsskóla á fjórum árum hér á landi er minni en það sem gengur og gerist innan OECD-ríkjanna. Framhaldsskólinn er undir gríðarlegu álagi og fjársveltur. Nemendur í tækni- og raungreinum eru ekki nægilega margir og hægt gengur að auka hlutdeild verk- og iðnnáms. Nemendur á háskólastigi eru einnig of lengi í námi. Atvinnurekendur kvarta yfir því að skortur sé á fólki með þá menntun sem þörf er á.

### Það nauðsynlega

Atvinnulífið á Íslandi þarf að fara í gegnum mikla vaxtarverki á næstunni. Ef ekkert verður að gert fækkar hér fólki og samfélaginu hrakar. Breytingar á skólakerfinu eru óumflýjanlegar. Skólar verða að hafa fullt frelsi til að reyna að takast á við þessar breytingar. Hefðbundnar leiðir mega ekki standa í vegi fyrir því að nýjar fái að líta dagsins ljós. Gæta verður þess að kjarni náms týnist ekki í óþörfu flækjustigi. Finna verður fé til að bæta upplýsingatækni innan skólanna. Tækifæri geta legið í því að fást við kennslu á óhefðbundnari hátt en hingað til hefur verið gert og þá sérstaklega á efri námsstigum. Nýta má fjarkennsluaðferðir betur og auka hlut rafrænna verkefna.

Það allra mikilvægasta er að finna leiðir til að byggja upp áhuga og drifkraft nemenda þannig að þeirra eðlislægi áhugi nái að fylgja þeim frá leikskóla og áfram í gegnum öll námsstig. Aðeins þannig fær vinnumarkaðurinn þá orku sem hann þarf til að takast á við spennandi og krefjandi framtíð.

**➜ Íslensk þjóð hefur löngum verið stolt af því að vera kölluð bókaþjóð…**

# ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR

ORMSSON



ÞVOTTA DAGAR

## Gerið hreinlega *frábær kaup* á eðal heimilistækjum!

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60260FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

Listaverð: 135.900,-

**Þú sparar: 27.180,-**

TILBOÐSVERÐ – **108.720,-**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60460FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

Listaverð: 145.900,-

**Þú sparar: 29.180,-**

TILBOÐSVERÐ – **116.720,-**

### UPPÞVOTTAVÉL FAVORIT 45010-W/M




12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A

TILBOÐSVERÐ – **87.920,-** HVÍT **95.920,-** STÁL

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75470FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

Listaverð: 179.900,-

**Þú sparar: 35.980,-**

TILBOÐSVERÐ – **143.920,-**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75670FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




1600 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

Listaverð: 189.900,-

**Þú sparar: 37.980,-**

TILBOÐSVERÐ – **151.920,-**

## 20%
**afsláttur af öllum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum**

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 87680FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




1600 snúninga
Taumagn 8 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

Listaverð: 197.900,-

**Þú sparar: 39.580,-**

TILBOÐSVERÐ – **158.320,-**

### ÞURRKARI LAVATHERM T76280AC
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




Barkalaus
Rakaskynjari
Taumagn: 8 kg
Íslensk notendahandbók

Listaverð: 149.900,-

**Þú sparar: 29.980,-**

TILBOÐSVERÐ – **119.920,-**

### UPPÞVOTTAVÉL ZDF2010 - W/M




12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hraðastillingar
A/A/A orkunýting
Hljóð 51db
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A

TILBOÐSVERÐ – **79.900,-** HVÍT **89.990,-** STÁL

### ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI — PAR 1
LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




**ÞVOTTAVÉL**
1400 snúninga · Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn 8 kg
Íslensk notendahandbók
Íslensk notendahandbók

Listaverð á PARINU: 329.800,-

**Þú sparar: 65.960,-**

TILBOÐSVERÐ – PARIÐ **263.840,-**

### ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI — PAR 2
LAVAMAT 87680FL & LAVATHERM T86280IC

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ




**ÞVOTTAVÉL**
1600 snúninga · Taumagn 8 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Kolalaus mótor
Íslensk notendahandbók

**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 8 kg
Stafrænn framvinduskjár
Íslensk notendahandbók

Listaverð á PARINU: 363.800,-

**Þú sparar: 72.760,-**

TILBOÐSVERÐ – PARIÐ **291.040,-**

Umboðsmenn um land allt



ORMSSON

LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
3.6% lántökugjald

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON AKRANESI SÍMI 530 2870 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

# Alþýðufylkingin og kosningarnar

STJÓRNMÁL



**Þorvaldur Þorvaldsson**
trésmiður, formaður Alþýðufylkingarinnar

Kreppan hefur varpað ljósi á nauðsyn róttækra breytinga á íslensku samfélagi. Undanfarna áratugi hefur ójöfnuður verið aukinn kerfisbundið með auknu fáveldi í íslenskum fjármálaheimi. Almenningur hefur verið miskunnarlaust féflettur með verðbótum og vaxtaokri á húsnæðislánum. Auðmenn koma hundraða milljarða gróða í skjól meðan enn stærri skuldum er velt yfir á almenning gegnum ríkissjóð, lífeyrissjóði og húsnæðisskuldir. Aukinn hagvöxtur mun að óbreyttu ekki bæta þetta ástand heldur þveröfugt.

### Skuldir heimilanna

Nauðsynlegt er að létta á byrði heimilanna í landinu með því að taka kúfinn af húsnæðislánum sem hafa stökkbreyst í kreppunni um leið og greiðslugeta flestra hefur minnkað. Þó er enn þá mikilvægara að huga að nýju félagslegu kerfi til fjármögnunar húsnæðis fyrir almenning. Með því að hætta að sækja fé að láni á okurvöxtum á markaði til húsnæðislána en safna þess í stað samfélagslegu eigin fé til að lána til húsnæðiskaupa að vissu hámarki án vaxta og verðbóta er hægt að spara miklar greiðslur frá almenningi til auðmanna.

### Lífeyrissjóðir og framfærslutrygging

Alþýðufylkingin vill vinna að samkomulagi um algera uppstokkun lífeyriskerfisins. Grundvöllur þess gæti verið nokkurra ára aðlögun að sömu lífeyrisréttindum fyrir alla sem fjármögnuð væri gegnum skattkerfið með óverulegri sjóðsöfnun. Greiðslur í lífeyrissjóði verði stöðvaðar og hætt að þvinga fólk til að kaupa sér ótrygg lífeyrisréttindi með greiðslum í fjárfestingasjóði. Einfalda þarf lífeyriskerfið og koma á samræmdri framfærslutryggingu fyrir alla sem ekki geta unnið fyrir sér á vinnumarkaði.

**➜ Byrjað verði á að draga til baka þann mikla niðurskurð sem átt hefur sér stað undanfarin ár og vinda ofan af einkarekstri og viðskiptavæðingu í kerfinu.**

### Velferð og aukin lífsgæði

Alþýðufylkingin leggur sérstaka áherslu á að endurreisa velferðarkerfið og þá sérstaklega heilbrigðiskerfið. Byrjað verði á að draga til baka þann mikla niðurskurð sem átt hefur sér stað undanfarin ár og vinda ofan af einkarekstri og viðskiptavæðingu í kerfinu. Markmið heilbrigðiskerfisins á að vera aukið heilbrigði þjóðarinnar en ekki gróði auðfélaga af fjárfestingum og viðskiptum með þjónustu. Efling velferðarkerfisins verður aðeins kostuð með þeim samfélagslega sparnaði sem felst í félagsvæðingu í fjármálakerfinu.

# Hvað ætlarðu að gera við peningana sem frúin í Hamborg gaf þér?

FJÁRMÁL



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Með lögum um gjaldeyrismál sem sett voru fyrir réttu ári skóp núverandi ríkisstjórn þá samningsstöðu gagnvart erlendum kröfuhöfum föllnu viðskiptabankanna sem þjóðin nýtur nú í dag og allir stjórnmálaflokkar ætla sér að nýta á næsta kjörtímabili. Umræðan í samfélaginu minnir aftur á móti mest á bollaleggingar um hvernig eigi að ráðstafa stórum happdrættisvinningi eða þann ágæta leik sem kenndur er við frúna í Hamborg.

Að vísu er kálið ekki sopið, en þegar tekst að semja við kröfuhafana, hvað á þá að gera við peningana? Verða það jafn margir milljarðar og þeir sem mestu lofa segja okkur? Er þeim örugglega best varið með því að lækka skuldir allra sem skulduðu árið 2008? Eða væri þeim betur varið í að reka sjúkrahúsin á Ísafirði, Sauðárkróki, Húsavík, Neskaupstað og Vestmannaeyjum eða til að hækka bætur til öryrkja og einstæðra foreldra?

### Þreföldun barna- og vaxtabóta?

Eins og málinu hefur verið stillt upp er eins og að sjálfsagt og eðlilegt sé að fjármununum verði varið í almenna skuldalækkun. Hvers vegna er þeim best varið svo? Er eitthvert vit í því að lækka skuldir moldríkra einstaklinga bara af því að þeir skulduðu árið 2008? Jafnvel þó svo skuldir allra skuldara verði lækkaðar um 10% verður þá ekki stór hópur áfram í vandræðum? Hvernig á að hjálpa þeim? Þarf ekki að láta sem mest renna til þeirra sem mest þurfa á skuldalækkunum að halda?

Í óðagoti þeirra sem vilja skilyrðislausa skuldalækkun allra, jafnt þeirra sem hennar þurfa með og þeirra sem þurfa ekki á henni að halda, þá hefur algjörlega skort málefnalega umræðu um hvað kemur fólki best. Hvort það komi þeim ekki betur, sem eru í verulegum vandræðum, að fá hærri vaxtabætur og hærri barnabætur? Þær leiðir eru mun líklegri til að tryggja að fjármunirnir renni til þeirra sem þurfa mest á þeim að halda og fleiri losni úr skuldaklafanum.

### Húseignir hækka í verði

Forsendubresturinn (gengis- og vísitöluhækkunin) sem varð þegar lánin hækkuðu, mun með tíð og tíma leiða til þess að húseignirnar sem lánin hvíla á, hækka í verði. Þær munu einfaldlega hækka í verði vegna þeirrar verðbólgu sem forsendubresturinn olli. Þetta gerist ekki strax og það gerist ekki jafnt yfir línuna. Spurningin sem við hljótum þá að spyrja okkur er, eiga allir þeir einstaklingar sem fengu lánin sín lækkuð um 10% einnig að fá að njóta verðhækkunarinnar á húsnæðinu, af völdum sama forsendubrests, þegar þeir selja það?

Og svo það sem flestir forðast að tala um, hvernig á að koma í veg fyrir að svona gerist aftur? Þurfum við að búast við að svona ríði yfir með reglulegu millibili? Meðan gjaldmiðillinn er króna, hvort sem hún er verðtryggð eða óverðtryggð, þá er eins líklegt að hamfarir með álíka forsendubresti og urðu 2008 hvolfist yfir okkur með reglubundnum hætti í framtíðinni.

**➜ Í óðagoti þeirra sem vilja skilyrðislausa skuldalækkun allra, jafnt þeirra sem hennar þurfa með og þeirra sem þurfa ekki á henni að halda, þá hefur algjörlega skort málefnalega umræðu um hvað kemur fólki best. Hvort það komi þeim ekki betur, sem eru í verulegum vandræðum, að fá hærri vaxtabætur og hærri barnabætur?**



# Ég kýs þá sem ætla að efna þessi loforð sem gefin voru síðast!

## Það þýðir ekkert hálfkák í þetta sinn.

**STEFNA Í MÁLEFNUM ALDRAÐRA TIL NÆSTU ÁRA**

Hinn 27. júní 2008 kynnti félags- og tryggingamálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir áhersluatriði sem unnið verður að í málefnum aldraðra á næstu misserum:

- **Aldraðir fái viðeigandi stuðning og einstaklingsmiðaða þjónustu til að geta dvalið sem lengst á eigin heimili.**
- Aldraðir og aðstandendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um réttindi og þjónustu.
- Almannatryggingakerfið verði einfaldað og réttindi aldraðra verði betur skilgreind.
- Réttur aldraðra til sjálfstæðrar búsetu og sjálfsforræðis verði virtur.
- **Öldruðum standi til boða fjölbreytt val búsetuforma.**
- Dagvistar-, hvíldar- og skammtímarýmum verði fjölgað.
- Gæðaviðmið um þjónustu við aldraða verði sett.
- Eftirlit með þjónustu við aldraða verði aukið og bætt.
- **Nýjar áherslur verði teknar upp við uppbyggingu hjúkrunarheimila og endurbætur á eldra húsnæði.**
- Greiðsluþátttöku aldraðra í hjúkrunar- og dvalarrýmum verði breytt þannig að aldraðir haldi fjárhagslegu sjálfstæði og greiðslur vasapeninga lagðar af.
- **Hjúkrunarrýmum verði fjölgað til að mæta þörf.**
- **Fjölbýlum á hjúkrunarheimilum verði útrýmt að mestu leyti.**
- Tryggt verði að öldrunarþjónustan hafi ávallt á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki.
- Heildarábyrgð á þjónustu við aldraða verði færð til sveitarfélaga eigi síðar en á árinu 2012.

**4**
DAGAR TIL KOSNINGA!



Helgi Vilhjálmsson, eldri borgari



†

Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,

**MARÍA JÓNÍNA SIGURÐARDÓTTIR**
**hárgreiðslumeistari,**
**Þórunnarstræti 91, Akureyri,**

lést föstudaginn 19. apríl sl. á Hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 29. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Öldrunarheimili Akureyrar eða Oddfellowregluna á Akureyri.

**Gunnar Jónsson** **Svanhildur Daníelsdóttir**
**Daníel Gunnarsson** **Sigurður Þorri Gunnarsson**



†

Okkar hjartkæra

**SIGRÍÐUR ÓSK GEIRSDÓTTIR**
**Hátúni 12, Reykjavík,**

sem andaðist þann 10. apríl sl., verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, föstudaginn 26. apríl kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjargarfélagið í Reykjavík.

**Signý Þ. Óskarsdóttir**
**Þorkell G. Geirsson**
**Egill Þorkelsson**
**Agnes Þorkelsdóttir**
**Jón Eiríksson**



†

Ástkær maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MAGNÚS SIGURÐSSON**
**Selvogsbraut 15, Þorlákshöfn,**

lést á Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði sunnudaginn 31. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Ási fyrir alla umhyggju og hlýhug, og öllum ættingjum og vinum.

**Anna Jóhannsdóttir**
**Hafdís Magnúsdóttir** **Gunnar Benediktsson**
**Valdís Magnúsdóttir** **Gunnar Halldórsson**
**Sigurður Magnússon** **Katrín Guðnadóttir**
**Jóhann Magnússon** **Sigríður Karlsdóttir**
**Magnús Ragnar Magnússon** **Hólmfríður Einarsdóttir**
**börn og barnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR**
**Brekku, Garði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, laugardaginn 13. apríl. Útförin verður frá Útskálakirkju, föstudaginn 26. apríl kl. 14.00.

**Kristján Vilhjálmsson** **Vigdís Böðvarsdóttir**
**Sigurður Vilhjálmsson**
**Kristjana Vilhjálmsdóttir** **Friðrik Ágúst Pálmason**
**Halldór Vilhjálmsson** **Gunnhildur Ásgeirsdóttir**
**Vilhjálmur Vilhjálmsson**
**Stefanía Vilhjálmsdóttir** **Kristinn Kristinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GRÉTAR EMIL INGVASON**
**Hrafnistu í Hafnarfirði,**
**áður Hæðargarði 29, Reykjavík,**

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði, miðvikudaginn 17. apríl, verður jarðsunginn frá Garðakirkju föstudaginn 26. apríl kl. 15.00.

**Ingvi Rúnar Grétarsson** **Virginia K. Grétarsson**
**Anna Margrét Grétarsdóttir**
**Brynjólfur Grétarsson** **Elín Sigrún Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

***Fjölbreytt úrval legsteina***
***Frí áletrun og uppsetning***

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin
*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granithollin.is*
*Sími 555 38 88*



**ÁTTRÆTT UNGMENNI** Hörður ætlar að nýta daginn í undirbúning fyrir afmælisveislu seinni partinn, þar sem hann ætlar að sjálfsögðu að flytja tölu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hef þessa ástríðu að vera alltaf að messa

Hörður Bergmann, kennari og þjóðfélagsgagnrýnandi, er áttræður í dag. Hann segist sposkur rétt ætla að vona að fyrrverandi samstarfsmenn noti nú tækifærið til að mæra verk hans. Heimsósóminn sé þó minna áhugamál nú en fyrrum.

Ég mun verja deginum í að búa mig undir að mæta í afmælisveislu sem börnin mín gefa mér í afmælisgjöf og verður haldin milli fimm og sjö í dag," svarar Hörður Bergmann spurður hvernig hann hyggist verja afmælisdeginum. Hann segist ekki vita í smáatriðum hvað boðið verði upp á í veislunni. „En ég veit allavega að ég ætla að halda þar ræðu eins og ég geri yfirleitt þegar fjölskyldan kemur saman. Þarna verður hins vegar fleira fólk þannig að þetta verður svona í framhaldi af því sem ég hef verið að pæla í og skrifa um ævina og ég vona sannarlega að fyrrverandi samstarfsmenn komi þarna og mæri verk mín."

Ertu enn þá að skrifa? „Ég hef mest skrifað þjóðfélagsrýni um þróun þjóðfélags og lífshátta og síðasta bókin af því tagi kom út fyrir kosningarnar 2007. Hún heitir Að vera eða sýnast – gagnrýnin hugsun á tímum sjónarspilsins og náttúrulega ætti hún ekkert síður erindi á markað núna þegar kjósendur standa frammi fyrir því að greina á milli sýndar og þess sem er í raun. Það er aðalviðfangsefnið enn þann dag í dag."

Þú ert enn þá titlaður kennari í símaskránni? „Já, það var lengsti áfanginn á starfsferlinum að kenna í unglingaskóla. Svo er ég með þessa ástríðu að vera alltaf að messa og kannski bera bækurnar mínar vitni um það að ég þykist stundum vita betur en flestir aðrir. Það fylgir gagnrýnu sjónarhorni."

Ertu alveg hættur að skipta þér af þjóðmálunum? „Nei, nei, ég er í pólitískum félögum og mæti á fundi enn þá." Hefurðu einhvern tíma verið í framboði? „Já, ég var einhvern tíma á lista hjá Alþýðubandalaginu, en það var nú bara svona upp á punt. Ég hef aldrei verið duglegur að taka þátt í kosningabaráttu. Ætli maður sé ekki svolítið einrænn og kunni best við að pæla út af fyrir sig og glíma við að senda frá sér sæmilegan texta." En ertu enn þá vinstrisinnaður? „Já, já, ég hef reynt að endurnýja skilning minn á því sem er að gerast og hvað sé skynsamlegt að segja og ætli það falli ekki vinstra megin þegar það er skoðað."

Það er töluverður tími síðan þú hættir að vinna, snýst lífið enn þá um að skoða og skilgreina þjóðfélagið? „Það sem ég fæst við tengist nú minna og minna einhverri rýni í heimsósómann og að bregðast við honum. Ég legg meira upp úr samskiptum við góða félaga og vini. Svo er maður í rólegheitum að dunda við einhverja forræktun og koma því í garða hjá börnunum. Tengist maður ekki með aldrinum betur hringrás náttúrunnar? Og er það ekki eldra fólkið sem bíður með sérstakri eftirvæntingu eftir vori og blómum?" spyr þetta áttræða ungmenni.

fridrikab@frettabladid.is

## Ferill Harðar Bergmann

Hörður Bergmann fæddist 1933 í Keflavík. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Laugarvatni 1954 og BA-prófi frá Háskóla Íslands 1956 í uppeldisfræði, dönsku og sögu. Hann hefur starfað sem kennari, námsstjóri, fræðslufulltrúi hjá Vinnueftirlitinu og sem framkvæmdastjóri Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Hann hefur samið á þriðja tug námsbóka fyrir grunnskóla og fullorðinsfræðslu og þrjár bækur um þjóðfélagsmál. Hann var kvæntur Dórótheu Einarsdóttur leiðbeinanda, sem lést í ágúst 2011, og á fjögur börn, níu barnabörn og níu barnabarnabörn.



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN ORMAR EDWALD**

sem lést þriðjudaginn 16. apríl, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju föstudaginn 26. apríl kl. 13.00.

**Ágústa Úlfarsdóttir Edwald**
**Jón Haukur Edwald** **Álfheiður Magnúsdóttir**
**Birgir Edwald** **Ragnheiður Óskarsdóttir**
**Helga Edwald**
**Eggert Edwald** **Jacqueline McGreal**
**Kristín Edwald**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**GRÉTARS MAGNA GUÐBERGSSONAR**
**jarðfræðings,**
**Hvammkoti í Skagafirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og hjúkrunarþjónustu Karitas fyrir góða umönnun.

**Guðný Þórðardóttir**
**Sigfús Grétarsson**
**Þórður Grétarsson**
**og fjölskyldur.**

grænn apríl
Umhverfisátak

Til að spara orku í eldhúsinu er best að nota þá stærð af potti sem passar hellunni. Hafið lokið á pottinum á meðan á suðu stendur. Notið ekki meira vatn en nauðsynlega þarf.



















# BRASILÍA UNDIRBÝR HM

**UPPGANGUR** *Helgi Þór Þorbergsson hefur búið í Brasilíu í sautján ár og líkar vel þar. Borgin hans heitir Fortaleza og er fimmta stærsta borg Brasilíu. Hún verður ein af gestgjöfunum á HM í fótbolta á næsta ári.*

Helgi Þór starfar við myndbands- og kvikmyndaklippingar og hefur nýverið klippt heimildarmynd um fótboltaáhugann í borginni í tengslum við heimsmeistarakeppnina. „Hér er allt komið á fullt fyrir HM, enda mikill áhugi á fótbolta. Framkvæmdir við gatnagerð eru á fullu en þrír leikir í álfukeppninni, sem er nokkurs konar æfing fyrir sjálfa keppnina, fara fram hér.“ Helgi Þór er klippari auglýsinga, heimildarmynda, kvikmynda og fleira. Hann kom fyrst til borgarinnar með vini sínum sem hafði verið skiptinemi og féll fyrir henni.

Fortaleza er strandborg og staðsett í norðausturhluta Brasilíu. Þar búa yfir tvær milljónir íbúa. Helgi Þór segir að þarna sé gott veður árið um kring, 30 stig á daginn og 25 stig um nætur. „Borgin hefur verið í miklum vexti undanfarin ár og hér eru mörg tækifæri,“ segir Helgi Þór.

Þegar hann er spurður hvort ferðamannastraumur sé mikill segir hann það vera og muni væntanlega aukast með HM. „Flestir ferðamenn koma til að njóta strandanna sem eru margar og fallegar hér og í nágrannabæjum. Hér eru einnig sérstaklega góðar aðstæður fyrir seglbretti og „kitesurf“, hlýr sjór og alltaf vindur. Borgin býður einnig upp á skemmtilega strandgötu með veitingastöðum, íþróttaaðstöðu og útimarkaði. Þá er hér stór menningarmiðstöð með þjóðminjasafni og fleiri listasöfnum. Í nágrenninu er líka skógi vaxið fjallahérað með mörgum fossum og fallegu útsýni.

Þegar hann er spurður um hættur, svarar hann: „Það eru hverfi sem eru mjög hættuleg en yfirleitt er frekar rólegt á helstu ferðamannastöðum. Samt er dálítið mikið um þjófnaði og því best að bera ekki mikið á sér, eins og armbandsúr og skartgripi.“

Ekki er úr vegi að spyrja um uppáhaldsmat á þessum slóðum? „Ferskur grillaður sirigado-fiskur, þykk flök sem verða stökk að utan og djúsí að innan. Einnig er ég mikið fyrir feijoada sem er nánast þjóðarréttur Brasilíu, pottréttur úr svörtum baunum með alls kyns svínakjöti og kryddpylsum,“ svarar hann.

Færðu heimþrá? „Nei, það er lítið um það, sakna helst bjartra sumarnótta fyrir utan fjölskyldu og vini að sjálfsögðu, hérna sest sólin alltaf kl. 17.30 og dimmt kl. 18.“


■ elin@365.is


**MIKILL ÁHUGI**
Helgi Þór Þorbergsson hefur nýlega unnið við klippingu á heimildarmynd um fótboltaáhuga í Fortaleza í Brasilíu þar sem hann býr. Borgin verður ein af gestgjöfunum á HM 2014.

## HM 2014

Keppnin FIFA WORLD CUP fer fram í Brasilíu 12. júní til 13. júlí 2014. Mikill áhugi er fyrir HM í Brasilíu, enda margir góðir fótboltamenn þar í landi.




## KONUR ÞORA EKKI TIL INDLANDS



**Fréttir af nauðgunum og ofbeldi á Indlandi hafa fælt konur frá því að heimsækja landið. Kvenkyns ferðamönnum frá Kanada, Bandaríkjunum og Ástralíu hefur fækkað um 72% á síðustu þremur mánuðum. Í heildina fækkaði ferðamönnum til Indlands um 25% í fyrra.**

NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is

# ESJAN ALLA DAGA

**SUMARGÖNGUR** *Sumarið kemur á morgun og á sumrin leggja margir land undir fót. Í túnfæti Reykjavíkur lúrir Esjan há, ein fyrsta ögrun göngufólks.*



Esjan er æfingafjall Reykvíkinga, brött, há og alls ekki á hvers manns færi,“ segir Helga Garðarsdóttir, einn þrautreyndra fararstjóra Ferðafélags Íslands.

Esjan gegnir stóru hlutverki hjá Ferðafélaginu í sumar því eina viku í júlí verður gengið á Esjuna alla daga klukkan 18. Þá er ótalið verkefnið Esjan eftir vinnu, sem er sex vikna gönguverkefni með fararstjórn frá miðjum júní, Esjudagur FÍ seinnipartinn í júní og Esjuhappdrætti FÍ 15. maí þegar allir sem skrifa nafn sitt í gestabækur Ferðafélagsins fara í pott sem dregið verður úr í lok ágúst.

„Alls eru 25 gönguleiðir á Esjuna en vinsælastar eru leiðirnar á Þverfellshorn, Kerhólakamb, Gunnlaugsskarð og Kistufell,“ útskýrir Helga.

Hún segir Esjuna engan bæjarhól þótt menn taki stundum til orða að þeir ætli „að skreppa á Esjuna“. „Helst ber að varast veður og brött klettabeltin sem oft reynast lofthræddum mikil raun. Til að auka þol láta óvanir sér nægja að ganga upp fyrir læk og síðar upp að Steini. Vanir skjótast upp Esjuna með léttu og sumir setja steina í bakpokann til að auka enn á áreynsluna.“

Helga segir töfra Esjunnar felast í fagurri náttúru, fjölbreyttum gönguleiðum og stórbrotnu útsýni yfir höfuðborgina og nágrenni.

„Esjan er kjörin til útivistar og þegar fólk vill reyna á sig enda útheimtir hún mikla áreynslu. Því er mikilvægt að hver og einn fari á sínum hraða, upp smátt og smátt og lengra næst.“

Að sögn Helgu eykst umferð á Esju hratt með hækkandi sól enda fari þá margir að undirbúa lengri göngur sumarsins og byggja upp þol.

„Á vorin er jarðvegurinn viðkvæmur og því þarf að ganga um með gát. Öruggasta leiðin er upp stíginn á Þverfellshorn og að fara upp að Steini en varhugavert er að fara ofar á meðan snjór er enn í fjallinu vegna bleytu og hálku. Þá skyldi ekki farið á Esjuna í norðanátt og þegar sér í kuldakúf að ofan því þá er ískalt uppi.“

■ **thordis@365.is**

**GÖNGUM MEÐ GÁT**
Um miðjan maí kynnir Ferðafélag Íslands nýtt áhættumat fyrir allar gönguferðir á Esju, að sögn Helgu. Við sama tækifæri verður kynnt áhættumat fyrir fjölmargar aðrar gönguleiðir.

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
Sumarkort fylgir öllum námskeiðum!
Vertu í S-inu þínu í sumar!
Innritun hafin - sími 581 3730
Ný námskeið hefjast 29. apríl
TT-Akranes morgun- og síðdegistímar

TT námskeið
Rétta leiðin til að breyta um lífsstíl, komast í kjörþyngd og gott form.
**8 eða 16 vikna námskeið – 3x í viku – morgun-, dag- og kvöldtímar.**

TT3 stelpur 16-25 ára
TT3 fyrir 16-25 ára. 70 mín 2x í viku, salur + tæki. Vigtun - mæling - mataræði.
Frjáls mæting í opna kerfinu og tækjasal. **8 eða 16 vikna námskeið.**
Kynntu þér frábæran árangur á jsb.is!

BM MÓTUN
Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur - aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Aðeins 15 í hóp.
**6 vikna námskeið 2x í viku – morgun- og síðdegistímar.**

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Frábær leið til líkamlegrar og andlegrar uppbyggingar.
**6 vikur – 2x í viku – morgun-, hádegis- og síðdegistímar.**

HOT YOGA
Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal. Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan.
**6 vikna námskeið – 2x í víku kl 18:30.**

FIT PILATES
Krefjandi æfingakerfi sem stuðlar að betri líkamsbeitingu og þjálfar alla helstu vöðvahópa líkamans.
**6 vikur – 2x í viku – síðdegistímar.**

60 PLÚS
Líkamsrækt á rólegri nótunum fyrir konur 60 ára og eldri.
**6 vikna námskeið - 2x í viku kl 9:30.**

S&S stutt og strangt
Markvissar æfingar í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi. Hámark 6 í hóp.
Tilvalin leið til að koma sér af stað! **2 vikna námskeið – 5x í viku eða 3x í viku í 4 vikur.**
Skráning alltaf í gangi.

Kíktu á vefinn jsb.is
Velkomin í okkar hóp!
LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

## KRÆKLINGAFERÐ Í HVALFJÖRÐ

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands bjóða þriðja árið í röð upp á stuttar og fræðandi gönguferðir undir yfirskriftinni „Með fróðleik í fararnesti“.

Önnur ferðin á þessu vori verður farin á laugardag kl. 10. Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, leiða ferð á slóðir kræklingsins í Hvalfirði. Kræklingi verður safnað og fræðst um hann og verkun hans. Lagt verður af stað frá Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.



***Mælt er með því að þátttakendur taki með sér stígvél og ílát fyrir krækling. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.***

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

PLOKKFISKUR Í FYRIRTÆKI
Aðeins 300 kr. á mann
400 kr. með heimalöguðu rúgbrauði og smjöri
Nánar á sjavarbarinn.is
Sótt – Lágmark 5
SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

HLAUPASKÓR &FATNAÐUR

**Kynningarblað** Ævintýraleg maraþon, þjálfunarráð, vítamín, ný tækni í skóhönnun, flott föt.

# Frábært úrval – allt fyrir hlauparann á einum stað

Verslunin Útilíf leggur áherslu á góða þjónustu við viðskiptavini. Nú hefur verið sett upp sérstakt hlaupahorn í verslun Útilífs í Kringlunni þar sem hlauparinn getur nálgast allt sem þarf í hlaupin á einum stað í einni ferð.

Í Útilífi er hægt að nálgast öll aðalmerkin í hlaupunum. Þar eru bæði stærstu merkin, eins og Nike, Adidas, ASICS og Under Armor, og einnig gott úrval frá merkjum eins og Puma, Brooks, CW-X, 2XU, Helly Hansen, The North Face, Compresspport, Seger og Camelbak.

„Úrval hlaupavara er mikið í öllum verslunum Útilífs en nú höfum við tekið saman allar hlaupavörurnar okkar á einn stað fremst í verslun okkar í Kringlunni og gert þær þannig enn aðgengilegri viðskiptavinum," segir Svanhildur Kristjónsdóttir, innkaupastjóri Útilífs.

„Í hlaupadeildinni leggjum við áherslu á gott úrval og bjóðum upp á sérhæfingu í vöruúrvalinu. Þar má til dæmis nefna svokallaðar Compression-vörur eða aðhaldsvörur fyrir hlaupara. Þær gera þeim kleift að hlaupa lengur og halda betur út þar sem Compression-fatnaðurinn þrýstir vel að öllum vöðvum og eykur blóðflæðið. Einnig má fá hjá Útilífi hlaupavörur sem eru hugsaðar fyrir utanvegahlaup, til dæmis frá Helly Hansen og The North Face auk stóru merkjanna.

Við munum einnig bjóða reglulega upp á faglega ráðgjöf í hlaupahorninu, frá fulltrúum birgjanna okkar en við leggjum mikla áherslu á að starfsfólk okkar sé vel þjálfað og þekki vöruna sem það selur," segir Svanhildur. „Við leggjum metnað okkar í að geta veitt sem besta þjónustu. Einkunnarorð okkar eru: Frábært úrval á einum stað og allt í einni ferð fyrir hlauparann."



Frábært úrval á einum stað og allt í einni ferð fyrir hlauparann í Útilífi Kringlunni. MYND/VILHELM

## GEFÐU Í GOTT MÁLEFNI OG FÁÐU AFSLÁTT AF NÝJUM SKÓM

Næstu daga geta viðskiptavinir komið með gömlu hlaupaskóna sína í verslunina til okkar og fengið tuttugu prósenta afslátt af nýjum hlaupaskóm. Gömlu skónum munum við safna saman og gefa í Rauða Krossinn og þangað til hengjum við þá upp í loft hér í búðinni til að koma fólki í hlaupagírinn.

adidas
asics
2XU HUMAN PERFORMANCE. MULTIPLIED.
UNDER ARMOUR
CW-X CONDITIONING WEAR
PUMA
THE NORTH FACE
BROOKS
SEGER
HH HELLY HANSEN
CAMELBAK HYDRATE OR DIE
COMPRESSPORT VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY
ÚTILÍF

NORÐURKRILL

**NORÐURKRILL er eitt hreinasta og öflugasta form af OMEGA 3-fitusýrum. Unnið úr botnsjávardýrinu krill sem er veitt við ómengað Suðurskautið.**

Aðeins þarf 1-2 hylki á dag til að mæta dagsþörfinni og það er ekkert eftirbragð, uppþemba eða magaólga sem oft fylgir inntöku á fiski- og jurtaolíum.






## Betri einbeiting og betri líðan

Þegar maður rekur sitt eigið fyrirtæki, er í fullu fjarnámi og á auk þess tvö ung börn, þá skiptir öllu máli að heilinn virki rétt og vel. Ég byrjaði að nota Norðurkrill fyrir fjórum mánuðum og fann nánast strax mun á mér. Einbeitingin varð betri auk þess sem ég varð vör við mjög jákvæð áhrif á lesblinduna hjá mér. Fyrir utan skarpari einbeitingu líður mér allri betur líkamlega og andlega.

Það skiptir mig miklu máli að Omega 3 í Norðurkrill sé hreint og ómengað og eftir að hafa prufað þó nokkuð margar tegundir af Omega 3 olíum get ég fullyrt að Norðurkrill er besta Omgea 3 olía sem ég hef notað.

Ég hvet alla þá sem vilja skerpa á minni og einbeitingu að taka inn Norðurkrill. Heilinn í okkur verðskuldar aðeins það besta.

*Jóhanna S. Hannesdóttir,*
*þjóðfræðinemi og eigandi Sunnlenska.is*

PRENTUN.IS

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is

Fæst flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.




Hlauparar þurfa að huga að ýmsu áður en þeir leggja í hann.

# *Algeng vandamál hlaupara*

***Langflestir hlauparar þurfa að kljást við líkamleg vandamál á einhverjum tímapunkti. Hér verða tínd til nokkur algeng vandamál og lausnir á þeim.***

## Svartar táneglur

Sumir hlauparar, sérstaklega þeir sem hlaupa langar vegalengdir, fá svartar táneglur.
**Lýsing:** Nöglin virðist svört (sem orsakast af mari undir nöglinni). Á endanum getur nöglin dottið af.
**Ástæður:** Svartar táneglur verða til þegar neglurnar núast stanslaust við fremsta hluta skósins. Blóðblaðra myndast undir nöglinni. Maraþonhlauparar sem hlaupa mikið niður í móti eru líklegastir til að þjást af þessu, einnig þeir sem hlaupa í heitu veðri þar sem fætur bólgna meira þegar heitt er úti.
**Forvörn og lausn:** Velja þarf réttu stærð af hlaupaskóm en þeir eiga að vera hálfu númeri stærri en venjulegt skónúmer fólks. Nægt rými þarf að vera fyrir tærnar. Gott er að halda fótum eins þurrum og kostur er og svo þarf að halda tánöglunum snyrtilegum. Einnig þarf að velja réttu hlaupasokkana, ekki vera í bómullarsokkum. Ef tánöglin er þegar orðin svört er best að láta hana óáreitta svo lengi sem sársaukinn er ekki yfirþyrmandi. Sársaukinn er verstur fyrsta daginn en skánar svo. Ekki þvinga gömlu nöglina af, hún dettur af af sjálfu sér. Ef táin virðist rauð og sýkt skal leita læknis.

## Bólur á andliti, brjóstkassa og baki

**Lýsing:** Bólur á þessum stöðum eru algengar hjá hlaupurum, sérstaklega konum.
**Ástæður:** Svitaholur stíflast vegna svita og auk þess bætist við nudd frá fötum. Einnig getur farði eða sólarvörn aukið á vandann.
**Forvörn og lausn:** Til að koma í veg fyrir bólur sem verða til við æfingar þarf að huga vel að hreinlæti. Fara úr svitastorknum fötum strax að loknum hlaupum og fara í sturtu eins fljótt og auðið er. Þrífa þarf vel þau svæði þar sem bólurnar myndast frekar. Ekki nota farða og notið sólarvörn án olíu.

## Kláði á fótum

**Lýsing:** Þegar hlaupið er af stað kemur kláðatilfinning í fæturna sem er svo slæm að fólk þarf stundum að hætta að hlaupa. Kemur oftar fyrir þegar fólk byrjar að hlaupa eftir nokkurt hlé.
**Ástæður:** Algengustu ástæðu kláðans er að finna innan í fætinum. Við æfingar þenjast háræðar og stærri æðar út í vöðvum. Hjá þeim sem eru í þjálfun haldast æðarnar þandar og opnar en hjá öðrum geta æðarnar lagst saman og aðeins lítið blóð kemst leiðar sinnar og orsakar kláðatilfinninguna.
**Forvörn og lausn:** Vandamálið leysist af sjálfu sér eftir því sem fólk kemst í betra form.

## Aumar geirvörtur



**Lýsing:** Sumir hlauparar, oftast karlmenn, verða aumir í geirvörtunum af hlaupunum og sumir fá blæðandi vörtur. Þetta er afar sársaukafullt vandamál.
**Ástæðan:** Við hlaup nuddast geirvörturnar við hlaupabolinn, oft það mikið að sár hljótast af. Þar sem konur eru oftast í þröngum brjóstahöldurum er þetta ekki vandamál hjá þeim.
**Forvörn:** Auðvelt er að koma í veg fyrir þetta vandamál. Sumir setja vaselín eða annað sleipiefni á vörturnar fyrir hlaup, aðrir setja plástur yfir þær. Einnig ætti að athuga að hlaupa ekki í bómullarbolum heldur bolum úr gerviefni. Á lengri hlaupum ætti fólk einnig að huga að því að setja sleipiefni á aðra líkamshluta þar sem hætta er á nuddi.


www.gongugreining.is

**Atlas göngugreining velur Brooks skó sem henta þér!**

Brooks DNA miðsólinn er að hluta framleiddur úr gelvökva sem veitir hlaupurum óháð þyngd sömu höggdempun. DNA miðsólinn gefur 30% meiri höggdempun en venjulegur EVA og er tvisvar sinnum fljótari að ná sinni upprunalegu lögun eftir niðurstig.







BROOKS

Brooks Trance 12 er stöðugur með mikla höggdempun.



**Af hverju selur Atlas göngugreining Brooks?**

Atlas selur einungis gæða skó. Brooks notar háa prósentu af tekjum í rannsóknir og þróun og hefur gert samninga við þekkta háskóla um rannsóknarvinnu. Brooks skórnir hafa unnið gæðaverðlaun hjá flestum helstu hlaupamiðlum.

ATLAS GÖNGUGREINING

Engjavegur 6 - 104 Reykjavík - Sími 55 77 100


**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512 5427
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




Trail-utanvegalínan hentar vel þar sem aðstæður og veðurfar getur breyst og Pursuite-línan er sérhönnuð lausn fyrir hlaupahópa og frjálsíþróttafélög.

# Ronhill mætir kröfum hlaupara

Breska íþróttavörumerkið Ronhill var stofnað af maraþonhlauparanum Ron Hill árið 1970 og hefur allar götur síðan sérhæft sig í fyrsta flokks hlaupafatnaði sem hentar fyrir ólíkar aðstæður og markmið. Fatnaðurinn er fallega hannaður, léttur, þægilegur og á mjög góðu verði.

Söluaðilar okkar hafa tekið Ronhill afar vel. Þeir vita hvað sérhæfing er mikilvæg á markaði þar sem viðskiptavinurinn gerir sífellt meiri kröfur um efni og lausnir,“ segir Berglind Þóra Steinarsdóttir hjá Danssporti, sem er umboðs- og dreifingaraðili Ronhill á Íslandi.

„Ronhill er íþróttavörumerki sem sérhæfir sig í að mæta kröfum hlaupara og hefur framleitt og hannað hlaupafatnað síðan 1970,“ útskýrir Berglind um vörumerkið sem nefnt er eftir stofnanda þess, dr. Rons Hill, sem árið 1970 varð fyrstur Breta til að sigra í Boston-maraþoninu.

„Ronhill hefur frá upphafi leitast eftir að hugsa fyrst og fremst um þarfir hlauparans. Afraksturinn eru fjórar sérhæfðar fatalínur fyrir hlaupara og fatnaðurinn er á mjög góðu verði hjá söluaðilum okkar. Má þar nefna hlaupajakka fyrir fullorðna frá 9.990 krónum og hlaupabuxur frá 7.990,“ upplýsir Berglind.

Fatalínur Ronhill samanstanda af Vizion-götulínu, Trail-utanvegarlínu, Pursuit-hópa- og liðalínu og Advance-keppnisfatnaði fyrir þá sem vilja fara hratt yfir.

„Vizion er litaglaður fatnaður með endurskinsmerkjum og fæst einnig með LED-ljósabúnaði,“ segir Berglind og bætir við að öll efni séu sértaklega létt og þægileg.

„Trail-línan mætir kröfum um vasa fyrir gel og annan nauðsynlegan útbúnað þegar tekist er á við erfiðar aðstæður og veður sem getur snögglega breyst. Með Pursuit er svo loks komin lausn fyrir frjálsíþróttafélög, hlaupahópa og þá sem leita eftir íþróttafatnaði fyrir heildina en þar fæst sama línan í barna-, kven- og herrastærðum,“ segir Berglind og skorar á hlaupahópa og félög að leita tilboða hjá Danssporti.

Helstu söluaðilar Ronhill eru Afreksvörur í Glæsibæ, Atlas göngugreining á Engjavegi og Fjölsport í Firðinum.

Nánari upplýsingar um þjónustu og söluaðila má sjá á www.danssport.is. Dansport ehf. er í Sundaborg 1. Sími 553 0700. Netfang er danssport@danssport.is.



Vision-fatalínan er með endurskinsmerkjum og LED-ljósabúnaði.



Berglind Þóra Steinarsdóttir hjá Dansspporti. MYND/STEFÁN






# Hvaða vítamín hentar þér?

**Allt í einni töflu**

Allir geta fundið vítamín við sitt hæfi innan Vitabiotics-línunnar. Vítamínin eru hugsuð á þann veg að fólk geti tekið eina vítamíntöflu sem inniheldur allt sem viðkomandi þarf á að halda. Allar töflurnar eru með sama steinefna- og fjölvítamíngrunninn, þannig að allir fá nauðsynleg grunnvítamín sem líkaminn þarfnast, en hver og ein tegund inniheldur svo alls kyns aukavítamín og bætiefni sem henta þörfum markhópsins hverju sinni. Til dæmis eru til töflur fyrir konur og karla á öllum aldri, heilann og minnið, íþróttafólk, ófrískar konur, börn, konur á breytingaskeiði og svo mætti lengi telja.

Vitabiotics-vítamínin eru þau mest seldu á Bretlandi. Þá hefur fyrirtækið tvisvar sinnum hlotið konunglegu verðlaunin „The Queen's Awards for Enterprise" í Bretlandi. Einstök vítamín frá Vitabiotics hafa einnig hlotið ýmis verðlaun, til dæmis frá Bootskeðjunni í Bretlandi.

Vitabiotics-vítamínin fást í flestum apótekum sem og völdum dagvöruverslunum eins og Krónunni, Hagkaupum og Fjarðarkaupum.




## WELLMAN SPORT

Wellman – vítamín og orka sérstaklega hannað fyrir karlmenn

Wellman Sport er fyrir karlmenn sem vilja auka árangur sinn og viðhalda orku í daglegu lífi. Það er kraftmikil blanda af 28 bætiefnum, vísindalega samsettum til að gera karlmönnum kleift að fullnýta orku sína. Helsti kostur Wellman Sport er að næringargildi þess er einkar öflugt. Það stuðlar að auknum þrótti og eflir ónæmiskerfið. Wellman Sport er þróað á grundvelli nýjustu rannsókna hóps sérfræðinga. Mörg atvinnumannalið í íþróttum nota Wellman Sport sem þátt í sinni þjálfun.




## WELLWOMAN SPORT&FITNESS

WellWoman SPORT er alhliða fjölvítamín formúla fyrir aktívar konur á öllum aldri. Sport&fitness töflurnar innihalda góða samsetningu af mikilvægum næringarefnum sem hjálpa okkur að vernda okkar hefðbundnu næringu svo hún nýtist sem best í kringum æfingar. Vítamínið er sérhannað til að hjálpa konum að ná betri árangri í íþróttum og líkamsrækt jafnt sem daglegu lífi. Það minnkar þreytueinkenni, spornar við stressi og styður við ónæmiskerfið. .






www.gongugreining.is

Getum við ekki örugglega gert eitthvað fyrir þig...

Ætlar þú
**að byrja að hlaupa eða ganga í sumar...**
komdu og við hjálpum þér að velja skó sem henta þínu fótlagi og niðurstigi.

Ert þú
**með verki í skrokknum...**
komdu í göngugreiningu og við balancerum þig af með innleggjum og réttum skóbúnaði.



Atlas göngugreining

- Sérfræðingar Atlas hafa tekið yfir 40.000 íslendinga í göngu– og hlaupagreiningu.
- Fullkominn greiningarbúnaður og alltaf það nýjasta í innlegjum, skóm og fylgihlutum.
- Sérverslun fyrir hlaupara með fagfólk í sölu og þjónustu. Í versluninni er mikið úrval af Asics, Ecco, Brooks og Under Armour gæðaskóm.
- Atlas göngugreining er staðsett í Íþróttamiðstöð Íslands í Laugardalnum.
- Atlas fer með göngugreiningar og sölu á skóm á yfir 30 staði á landsbyggðinni.



ATLAS GÖNGUGREINING

Engjavegur 6 - 104 Reykjavík - Sími 55 77 100

## *Mælt með fjögurra mánaða undirbúningi*

Maraþonhlaup er mikil þolraun sem krefst aga og undirbúnings en nauðsynlegt er að byggja líkamann hægt og rólega upp fyrir síaukin átök. Þótt einstaka dæmi séu um það í sögunni að fólk hafi hlaupið maraþon án þess að æfa sig sérstaklega er það alls ekki til eftirbreytni.

„Almennt er mælt með því að fólk æfi skipulega í sextán vikur eða um það bil fjóra mánuði fyrir maraþonhlaup. Þá er yfirleitt miðað við að fólk sé að hlaupa fjórum til sex sinnum í viku og að eitt hlaup í viku geti talist langhlaup," segir Andy Dixon, ritstjóri hlaupatímaritsins Runner´s World. „Samhliða hlaupaæfingunum þarf að huga að mataræðinu og auka kolvetnainntöku til að byggja upp glýkógenbirgðir en þær virka eins og bensín fyrir hlauparann. Eins þarf að hvíla vel á milli. Þá þarf að drekka hæfilega af vatni á meðan á hlaupunum stendur og jafnvel íþróttagel og -drykki með glúkósa sem gefa nauðsynlega orku á lengri hlaupum."

Ef undirbúningurinn er ekki nægjanlega góður eða ef undirliggjandi vandamál eru til staðar geta hlaupin verið varasöm. Því miður er alltaf eitthvað um að hlauparar fái hjartaáfall og geta þá falin vandamál eða jafnvel ofdrykkja vatns verið orsökin. Eins er algengt að hlauparar þorni upp á leiðinni og er alltaf eitthvað um að þeir þurfi að hætta í miðju hlaupi vegna þess. Margir verða fyrir álagsmeiðslum og eru hælar, hné, ökklar, kálfar, sköflungar og mjaðmir þeir líkamspartar sem eru í mestri hættu. Þá kannast margir við að fá krampa vegna þreytu og ofþornunar. Við það stífna vöðvarnir og upplifir hlauparinn þá miklar kvalir. Þá er oft ekki um annað að ræða en að hætta hlaupunum.

Með góðum undirbúningi er þó hægt að ná markmiðum sínum og njóta hlaupanna. Þeir sem stefna á að hlaupa 42 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu 24. ágúst næstkomandi ættu því að fara að stunda markvissar æfingar enda tæpar átján vikur til stefnu.

Heimild: www.bbc.co.uk



# HÁVAÐAVARNIR

MIÐVIKUDAGUR 24. APRÍL 2013

**Kynningarblað** Hljóðdeyfiplötur, hávaðamælar, hljóðísogsloft og hljóðvistarhönnun.

# Betri hljóðvist með lausnum fyrir veggi, loft, gólf og lagnir

Hönnuðir og húsbyggjendur leita í auknum mæli eftir hljóðvörnum til þess að gera hljóðvistina betri í hvers kyns híbýlum. Langvarandi hávaði þreytir og veldur streitu en það eru til lausnir á markaði sem geta hjálpað við að leysa vandann.



Söluráðgjafar Þ. Þorgrímsson & Co. veita viðskiptavinum ráðgjöf um hvaða efni er best að nota á hverjum stað en það er afar mismunandi og hljóðfræðin getur verið flókin. MYND/GVA





Þ. Þorgrímsson býður hljóðdeyfiplötur í loft sem er hægt að setja í kerfi eða líma í loftin. Eins eru á boðstólum fljótandi eyjur sem hanga í loftinu og draga verulega úr hávaða.

Byggingavöruverslun Þ. Þorgrímsson & Co. í Ármúla 29, 108 Reykjavík, hefur í áratugi selt margs konar efni til hljóðdeyfingar fyrir skrifstofur, verslanir, skóla, samkomusali, upptökustúdíó og heimili.

„Það er mjög mismunandi hvaða efni er best að nota á hverjum stað. Sums staðar þarf að ná góðu hljóðísogi í veggjum eða í loftum eða hljóðdempun í gólfi og fer það allt eftir því hvernig aðstæður eru á hverjum stað,“ segir framkvæmdastjórinn Þór Þorgrímsson. „Söluráðgjafar Þ. Þorgrímsson & Co. reyna ávallt að leiðbeina viðskiptavinum um það hvaða efni er best að nota á hverjum stað en hljóðfræðin er flókin fræðigrein og í flóknari verkefnum koma til hljóðsérfræðingar,“ bætir hann við.

Hann segir Þ. Þorgrímsson bjóða hljóðdeyfiplötur í loft sem hægt er að setja í kerfi eða líma í loftin og einnig fljótandi eyjur sem hanga í loftinu og draga verulega úr hávaða. „Á veggina erum við með veggjaeiningar sem eru 1.200 millimetrar á breidd 2.700 á hæð og 40 millimetrar á þykkt til þess að draga úr endurkasti frá veggjum.“

Þór segir eftirspurn eftir veggkorki, sem skreytir mikið, einnig að aukast og fæst hann í nokkrum útgáfum. „NDA-hljóðsvampur er mest notaður í upptökustúdíó. Við erum með bassagildrur í horn, eggjabakkaformið sem notað er á veggina og í loftin, einnig pýramídalagaðan svamp í plötum sem eru 100x100 sentímetrar með lími og fljótlegt er að setja upp hvar sem er.

Eitt besta gólfefnið til þess að draga úr högghljóði í gólfplötu er að sögn Þórs náttúrulegur korkur frá WICANDERS með rúmþyngdina 500 kíló á rúmmetra. Þ. Þorgrímsson & Co. er með eitt mesta úrval af náttúrukorki, bæði í plötum á gólfið og í rúllum til þess að nota undir parket í þeim tilgangi að minnka hljóðleiðnina í gólfinu.

Hljómburður milli rýma og íbúða er sums staðar vandamál og þá þarf helst að nota efni með mikla rúmþyngd og jafnvel önnur efni í bland til að draga úr mismunandi bylgjulengdum. „VIROC-veggjaplatan getur hentað vel í slíkum tilfellum vegna mikillar rúmþyngdar en við erum með nokkrar þykktir og aðferðir sem svara mismunandi þörfum,“ segir Þór.

Hávaði og suð í pípulögnum er enn eitt dæmi um hvimleitt vandamál sem Þ. Þorgrímsson hefur lausn á. „Í slíkum tilfellum getur verið sniðugt að nota EUROBATEX pípueinangrun á rörin en það dregur úr suði.“




# *Hávaði í leik- og grunnskólum áhyggjuefni*

Umboðsmaður barna sendi mennta- og menningarmálaráðherra bréf í desember á síðasta ári þar sem hann lýsti áhyggjum sínum vegna hávaða í leik- og grunnskólum landsins.

Í bréfi Umboðsmanns kom meðal annars fram að hávaði í leik- og grunnskólum færi oft yfir 85 desíbel, sem eru viðmiðunarmörk fullorðinna til að nota heyrnarhlífar við vinnu. Hann bendir á að eyru barna séu viðkvæmari en fullorðinna, auk þess sem húsnæði og aðbúnaði í skólum sé ábótavant hvað hljóðvist snertir. Allt þetta geri það að verkum að markmiðum laga um hljóðvist í slíkum stofnunum sé ekki hægt að ná. Jafnframt spyr hann ráðherra hvernig börn eigi að stunda nám við slíkar aðstæður.

Varðandi eftirlit og ábyrgð yfirvalda segir umboðsmaður að Heilbrigðiseftirlitið hafi lítið sem ekkert frumkvæði að því að framkvæma hávaðamælingar í skólum. Eins er gerð athugasemd við þær mælingar sem framkvæmdar eru, hve lengi þær séu gerðar og í hvaða hæð mælingin fari fram.

Svo virðist sem foreldrar séu lítið meðvitaðir um hávaða í námsumhverfi barna sinna að mati Umboðsmanns og telur hann brýnt að bæta þar úr með bættri upplýsingagjöf. Til dæmis með því að birta niðurstöður hávaðamælinga á heimasíðu, hengja upp á vegg og í fréttabréfum viðkomandi stofnana. Hann bendir einnig á að almenningur geti óskað eftir mælingum hjá heilbrigðiseftirliti viðkomandi svæðis.

Að lokum hnykkir Umboðsmaður á því að hávaði geti valdið streitu og haft verulega neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu barna. Þá telur hann brýnt að setja lög og viðmið um hámarksfjölda nemenda sem einn kennari megi bera ábyrgð á, en tilhneigingin hjá skólum eftir efnahagshruníð hafi verið að fjölga börnum og stækka bekki.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.-



Bragi Kort hjá Pfaff með Soundear-mælitækið í leikskólanum Sólbrekku en rautt ljós kviknar á tækinu þegar hávaðinn nær hættumörkum.

# Rautt ljós í hávaða

**Verslunin Pfaff selur sérstakt mælitæki sem metur hávaðann í umhverfinu og gefur til kynna hvenær hættumörkum er náð. Tækin hafa reynst vel í leikskólum.**

„Soundear er mælitæki sem mælir hávaða í desibelum og sýnir hvenær hávaðinn er orðinn óæskilega mikill eða hreinlega kominn að hættumörkum," útskýrir Bragi Kort hjá Pfaff.

„Tækið er mjög einfalt í notkun, það er einfaldlega hengt upp á vegg og því stungið í samband við rafmagn. Þá er það stillt á þau hávaðatakmörk sem eiga við en tækið sýnir með ljósum á hvaða stigi hávaðinn er. Um það bil fimm desibelum áður en því hávaðamarki sem tækið er stillt á er náð kviknar gult ljós og þegar mörkum er náð kviknar rautt ljós. Gæti ekki verið einfaldara," segir Bragi en tækið hefur meðal annars reynst vel í skólum og leikskólum.

„Krökkunum er kennt að þekkja merkin frá tækinu, við gula ljósið þurfi að draga niður í hávaðanum og að rauða ljósið eigi ekki kvikna, þá sé hávaðinn orðinn of mikill," útskýrir Bragi.

Tækið er í raun hugsað á staði eins og leikskóla, skóla og matsali vinnustaða en það hefur einnig verið notað á skemmtistöðum og börum. Þá eru einnig fáanlegar útgáfur af tækinu sem hægt er að tengja beint við hljóðkerfi þannig að tækið til dæmis slökkvi á hljóðinu þegar hávaðinn nær ákveðnu marki eða stjórni hávaðanum þannig að hann hækki ekki upp fyrir ákveðinn styrk.

„Vinnueftirlitið hefur farið fram á að slíkur mælibúnaður sé settur upp víða þar sem hávaði er mikill. Slík tæki hafa verið á markaðnum um tíma en við erum eina verslunin sem selur Soundear. Frá sama fyrirtæki má einnig fá hugbúnað sem mælir hávaða yfir ákveðið tímabil, til dæmis í opnu skrifstofurými. Þannig má fá skýrslu í lok dags um það hvernig hávaðinn hefur verið."

SoundEar framleiðir einnig mælitæki sem mælir koltvísýring í andrúmsloftinu (CO2).

Nánari upplýsingar er að finna á www.soundear.com.

HEYRN

## HÁVAÐI ER VARASAMUR

**Heyrn er** heyrnarþjónusta sem hefur það að markmiði að allir landsmenn heyri vel.

Stuðlað er að því með:

- **Vandaðri** heyrnarþjónustu þar sem faglegar áherslur skipta mestu máli. Faglærður heyrnarfræðingur með löggildingu.
- **Fjölbreyttu** úrvali heyrnartækja sem búin eru nýjustu tækni frá ReSound í Danmörku.
- **Fræðslu** og ráðgjöf um heyrnarvernd og heyrnarskerðingu.
- **Góðu** úrvali af heyrnarsíum til að vernda heyrnina.

**Talið er** að um 16 prósent jarðarbúa séu heyrnarskert. Hávaði hefur skemmt heyrnina í þriðjungi þeirra en hjá því hefði mátt komast með forvörnum. Margt bendir til þess að heyrnarskertum hafi fjölgað hlutfallslega vegna vaxandi hávaða í umhverfi okkar, svo sem frá tónlist, vélum og umferð.

**Eyrnasuð er** oft fylgikvilli heyrnarskerðingar sem hávaði hefur valdið en það er ýlfur eða sónn í eyrum eða höfði. Eyrnasuðið getur horfið, en er oft sleitulaust eða kemur og fer tímabundið alla ævi. Oft geta heyrnartæki hjálpað þeim sem þjást af eyrnasuði.

**Heyrn í** Hlíðasmára 11, Kópavogi hefur verið starfandi frá 2007 og má nálgast allar nánari upplýsingar í síma 534-9600 eða á heimasíðunni okkar www.heyrn.is








Unnið við uppsetningu Mono-lofts í blokkaríbúð í Reykjavík. MYND/STEFÁN



Sérhæfðir starfsmenn Parka við uppsetningu Mono-lofts. MYND/STEFÁN



Fullfrágengið Mono-loft með innbyggðri lýsingu í einbýlishúsi í Reykjavík. MYND/VILHELM

> Parki hefur selt Mono-loftin um árabil með mjög góðum árangri og mikilli ánægju viðskiptavina sinna.



Mono-loft með innfelldri lýsingu og skuggafúgu með veggjum. MYND/ÚR EINKASAFNIXX

# Samskeytalaus hljóðísogsloft frá Rockfon

**Efnisval í nútímabyggingum einkennist oft af hörðum efnum eins og flísum, steyptum veggjum og gleri. Það kallar á nýjar lausnir í efnisvali á öðrum stöðum til að gera hljóðvist betri. Loftin eru oft sá staður sem hægt er að nota til að bæta hljóðvistina. Parki vinnur náið með hljóðtæknifræðingum, arkitektum og innanhússhönnuðum til að koma með betri lausnir og útlit.**

Verslunin Parki hefur um nokkurra ára skeið selt samskeytalaus steinullarhljóðísogsloft. Um er að ræða vandaða danska gæðavöru að sögn Smára V. Grétarssonar, sölumanns hjá Parka, sem hentar vel jafnt fyrir heimili, vinnustaði og opinberar byggingar. „Hljóðísogsloft dempa hljóð og bergmál í opnum rýmum. Þau henta vel bæði í stórum opnum rýmum og ekki síður í minni rýmum. Þar sem flísar og steinveggir eru, er hætt við miklum glymjanda og bergmáli sem hefur truflandi áhrif á fólk. Því er góð lausn að setja slík loft í byggingar, hvort sem um er að ræða heimahús eða opinberar byggingar.“

Að sögn Smára líta loftin út eins og hefðbundin gifsloft. Þau byggjast upp á grind, ekki ósvipuðu gifslofti, og svo koma 30 millimetra steinullarplötur sem eru skrúfaðar á grindina. „Plöturnar koma með hljóðdúk, samskeytin eru spörsluð, slíðruð og síðan grunnuð og sprautumáluð með sérstakri málningu sem þó rýrir ekki hljóðísogsgildið.“ Hægt er að leggja þessi loft með nánast sama hætti og gert er með gifsloft að sögn Smára. „Loftið er unnið með sama hætti og býður upp á sömu möguleika og gifsloft nema það auðvitað einangrar allt bergmál og glymjanda miklu betur.“

## Umhverfisvæn efni

Samskeytalausu hljóðísogsloftin sem Parki selur heita Mono og eru frá danska framleiðandanum Rockfon. Parki hefur selt Mono-loftin um árabil með mjög góðum árangri og mikilli ánægju viðskiptavina sinna. Loftin frá Rockfon eru gerð úr steinull, sem er umhverfisvænt efni, og plöturnar eru ofnæmisvottaðar. Auk þess lifa bakteríur ekki í steinullinni og þar af leiðandi er ekki hætta á sveppamyndun eins og getur myndast í öðrum efnum eins og timbri og gifsi. Þar að auki er mikið einangrunargildi í steinullinni sem og mikið brunaþol þar sem steinullin er óbrennanlegt efni. „Fyrstu árin var notast við sérhæfða erlenda iðnaðarmenn við uppsetningu þeirra með tilheyrandi kostnaði og vinnu. Nú höfum við íslenska iðnaðarmenn sem hlotið hafa menntun og viðurkenningu frá framleiðanda fyrir uppsetningu loftanna sem gerir þetta allt einfaldara og þægilegra, auk þess sem kostnaður er mun minni.“

Smári segir best að huga að slíkum loftum við hönnun nýbygginga en auðvitað sé lítið mál að setja þau upp í eldri byggingum. „Auðvitað fylgir því smá rask en ef fólk ætlar að búa í húsinu sínu í 30 ár er ein vika stuttur tími miðað við þá bættu hljóðvist sem þú



Smári V. Grétarsson, sölumaður hjá Parka. MYND/STEFÁN

færð í staðinn. Við vorum fyrir stuttu síðan að setja upp Mono-loft í eldra húsi í Grafarvoginum. Íbúarnir höfðu búið þar í nokkur ár og voru ósáttir með hljóðvist hússins. Þeir skruppu til útlanda í vikufrí og við skiptum um loft á meðan. Þegar þeir komu til baka voru þeir helst ósáttir við að hafa ekki gert þetta miklu fyrr enda var breytingin á hljóðvistinni í húsinu ótrúleg.“

## Loft frá Rockfon eru víða

Parki hefur einnig sett upp hljóðísogsloft á nokkrum veitingastöðum hérlendis með góðum árangri. „Þar er eðlilega oft mikill glymjandi í salnum eins og fylgir slíkri atvinnustarfsemi. Eftir að við settum þessi loft upp þar hefur starfsfólki liðið mun betur og viðskiptavinir sitja lengur, enda mun þægilegra að sitja á veitingastaðnum við slíkar aðstæður.“

Parki býður einnig upp á aðrar tegundir lofta, til dæmis hefðbundin kerfisloft frá Rockfon þar sem krafa er um gott hljóðísog og auk þess að hafa aðgengi að lögnum o.fl. Í dag eru loft frá Rockfon í fjölmörgum byggingum svo sem skólum, leikskólum, sjúkrahúsum og skrifstofum svo eitthvað sé nefnt. Parki býður upp á margar lausnir í útliti á köntum og stærð á loftaplötum þar sem stærri plötur eru að ryðja sér til rúms í auknum mæli.

Allar nánari upplýsingar má finna hjá sölumönnum og á heimasíðu Parka, **www.parki.is.**

# Dulinn hávaði veldur heilsubresti

Á verkfræðistofunni Verkís starfa hljóðverkfræðingar sem veita ráðgjöf um lækkun hávaða af öllum toga, hvort sem það er angrandi áreiti í lögnum fjölbýlishúsa, kliður og malandi í skrifstofurýmum, umferðarhávaði eða heilsuspillandi hávaði í iðnaðarsölum. Verkís sér einnig um ýmiss konar hljómvistarhönnun, eins og í skóla og tónleikarými.

Það er þekkt að hávaðaáreiti veldur streitu og nýlega var sýnt fram á að hávaði dregur verulega úr vinnuafköstum,“ segir Halldór K. Júlíusson, hljóðverkfræðingur hjá Verkís. Hann segir blessun að nú sé oftast krafa um að hafa hljóðverkfræðinga með í ráðum þegar hannaðir eru nýir skólar eða byggingar þar sem víst er að hávaðaáreiti verður mikið.

„Það er talað um hávaða þótt hann sé á mjög lágum styrk og stundum mælum við nánast þögnina,“ útskýrir Halldór, sem ásamt fleiri hljóðverkfræðingum Verkís veitir þjónustu á víðtæku sviði; allt frá húsfélögum til stórra iðnaðarsala; fyrir skip, skóla, tónleikasali, umferðarhávaða og allt þar á milli.

„Ef það tengist hljóði skoðum við málið og verkefnin eru fjölbreytileg. Á hljóðaskalanum greinum við hávaða og finnum úrlausnir vegna áreitis í íbúðarhúsum en það getur verið frá lyftuhúsum, útsogi loftræstinga eða vatnsniðs í lögnum,“ segir Halldór.

Verkís kemur einnig að hönnun og úrbótum í opnum skrifstofurýmum. „Þar metum við og greinum ástand sem fyrir er og speglum við viðmiðunargildi fyrir þannig rekstur ásamt því að koma með tillögur að því sem má betur fara svo sköpuð sé góð hljóðvist og meiri vellíðan á vinnustaðnum.“

Halldór telur upp nokkra af truflandi hávaðagjöfum í skrifstofurýmum. „Þeir geta verið frá tækjum sem tengjast húsinu, eins og loftræstingu eða kælibúnaði, eða þá tækjum sem tengjast rekstri eins og suði í prentara, glamri á lyklaborði og pípi í símtækjum, en einnig frá samstarfsfólki þegar talað er í síma.“

Halldór segir fara eftir viðfangsefni vinnustaða hversu mikil truflunin reynist. „Ekki er óalgengt að atvinnurekendur hummi þennan vanda fram af sér. Þeir átta sig ekki alltaf á að góð hljóðvist skilar sér í betri afköstum og meiri vellíðan starfsfólks, alveg eins og rétt lýsing og loftræsting. Þar er að mörgu að huga, eins og hvernig loftefni eru í vinnurýminu, hvort hljóðdeyfing sé á veggjum, hvernig skilrúm eru uppbyggð, hvernig borðin snúa, skápar, hillur og annar húsbúnaður því allt hefur það áhrif á hljóðvistina.“

Hljóðverkfræðingar Verkís koma einnig að hávaðamælingum hjá framleiðslufyrirtækjum.

„Dæmi um þess háttar verkefni eru iðnaðarsalir þar sem hávaði er við hættumörk og tryggja þarf að hann sé ekki skaðlegur heilsu. Þá gerum við mælingar á hljóðgjöfum, kortleggjum stóra framleiðslusali með reiknilíkani og viðskiptavinurinn fær litakort sem sýnir hættusvæði þar sem skylda er að nota hávaðavarnir og heyrnarhlífar.“

Samkvæmt hávaðareglugerð eru atvinnurekendur skuldbundnir til að draga úr hávaða fari hann yfir 85 desibel. „80-85 desibel samsvara hrópi úr eins metra fjarlægð og samræður tveggja mælast á bilinu 60-65 desibel. Mælieining á hljóðstyrk er lógaryþmísk eins og á Richter-skala og skynjar eyrað því hver tíu aukadesibel sem tvöfalt meira áreiti,“ útskýrir Halldór.

Hann segir góðar hávaðavarnir haldast í hendur við góða heilsu.

„Eitt er að tryggja að enginn hljóti heyrnarskaða af hávaða en hitt eru dulin áhrif og streituvaldar. Flestir kannast við léttinn þegar slökkt er á hljóðlátu tæki sem þó malar of hátt og þannig leynast ótal duldir streituvaldar í umhverfi okkar sem við veitum ekki alltaf eftirtekt.“

Hljóðverkfræðingar Verkís eru einnig fengnir til að greina hávaða þegar óljóst áreiti veldur truflun. „Þá kemur oftar en ekki fyrir að hávaðagjafinn sem kemur fram á mælingu er annar en haldið var. Því er mikilvægt að fá fagaðila til mælinga og greiningar því þannig má fyrirbyggja kostnaðarsamar aðgerðir sem engu skila.“

Verkís er í Ármúla 4. Sjá verkis.is.



Halldór K. Júlíusson, hljóðverkfræðingur hjá Verkís, með hátalarakúlu, hljóðmæli fyrir mælingar og upptökur á hávaða og titringi og startbyssu fyrir mælingar á hljóðvist og enduróm rýma. MYND/GVA

Ecophon®

Beislaðu hávaðan með Ecophon

Ecophon SOLO plöturnar hafa reynst einstaklega vel þar sem þær hafa verið notaðar t.d. á heimilum, skrifstofum og í opnum rýmum.

Ecophon SOLO plöturnar draga úr bergmáli og glymjanda og hjálpa til að gera rýmið notalegt og þægilegt án þess að spilla útlitinu.

Það þarf ekki að heilklæða loftið til að fá góða hljóðvist í hvert rými, með Ecophon solo er nóg að nota 30-40 % af loftafleti.

Ecophon býður einnig upp á frábærar hljóðlausnir sem virka og endast fyrir kennslustofur, leikskóla og alla staði þar sem glymjandi er mikill.



Bergmál er ekki lögmál

ÁLTAK

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • www.altak.is

# Skórnir sem slegið hafa í gegn

Hlaupa- og æfingaskórnir Nike Free Run hafa slegið rækilega í gegn að undanförnu. Þeir eru frábærir til hlaupa og hvers kyns æfinga en margir nota þá sömuleiðis hversdags. Þeir eru ótrúlega léttir, þykja flottir á fæti og litaúrvalið er nær óendanlegt.



Elfa mælir með skónum í alla almenna líkamsrækt.

Nike hefur lagt mikla áherslu á Nike Free Run síðastliðin ár. Skórnir eru afar sveigjanlegir, mjúkir og fisléttir. „Það sem greinir Nike Free Run frá öðrum hlaupa- og æfingaskóm er sú staðreynd að í þeim eru það fæturnir sem stýra því hvernig niðurstigið verður en ekki skórnir. Skórnir eru sérstaklega hannaðir til þess að fæturnir geti hreyfst á frjálsan og náttúrulegan hátt,“ segir Elfa Arnardóttir, markaðsstjóri smásölusviðs Icepharma, sem er umboðsaðili Nike á Íslandi.

### Fæturnir styrkjast

Í Nike Free skóm er ekki byggt á eiginlegum stuðningi hringinn í kring eins og fólk á kannski að venjast heldur er tæknin hugsuð þannig að með tímanum örvi þeir litlu vöðvana í fótunum sem gerir það að verkum að fóturinn styrkist. „Hlauparar þurfa hins vegar að gefa skónum tíma því að álagið á rist, hæl og il verður meira en þeir eiga að venjast. Ávinningurinn er sterkari fætur,“ segir Elfa.

Free Run-skórnir eru allir hugsaðir sem hlaupa- og æfingaskór. „Við mælum hins vegar ekki með því að fólk sé að hlaupa mikið meira en tíu kílómetra í þeim í einu enda eru þeir sem fyrr segir ekki styrktir. Þeir eru hins vegar mjög slitsterkir. Elsta parið mitt er þriggja ára og ég geng enn þá í þeim,“ upplýsir Elfa.

### Flottir við gallabuxur

Hún mælir eindregið með Nike Free Run-skóm fyrir fólk sem stundar alla almenna líkamsrækt svo sem krossfit, bootcamp, pallatíma og dans. Eins í skokk og gönguferðir. „Það besta við Nike Free Run-skó er þó það að þeir eru ótrúlega fallegir á fæti og eru margir sem nota þá við gallabuxur og jafnvel fínni klæðnað. Þetta er í fyrsta skipti í lengri tíma sem það þykir flott að vera í hlaupaskóm við gallabuxur og það gleður okkur mikið,“ segir Elfa.



Skórnir eru ekki síður notaðir við gallabuxur en við hlaup og æfingar. Notagildið er því ótvírætt.

### Þrjár gerðir

Nike Free Run-skór koma í þremur útgáfum og er litaúrvalið að sögn Elfu endalaust. „Um er að ræða Nike Free 3.0, 4.0 og 5.0. Munurinn liggur í þykkt og sveigjanleika botnanna. 3.0 er nettastur á fæti en hann hefur líka þynnsta botninn. Hann er sömuleiðis sveigjanlegastur og er hægt að beygja skóinn í heilan hring. Hann er ekki með lausa tungu og minnir svolítið á sokk að því leyti að eigandinn smeygir sér ofan í hann. 5.0 er með þykkasta botninn sem þýðir að hann er mýkstur en hefur um leið minnsta sveigjanleikann. Hægt er að beygja hann í um það bil hálfan hring og tungan er laus eins og í venjulegum hlaupaskóm. 4.0 er svo millivegurinn. Tungan er föst öðrum megin en laus hinum megin. Skórinn er mitt á milli hinna tveggja í mýkt og sveigjanleika.

Elfa segir mikinn meðbyr með skónum og að konur sem karlar um heim allan noti þá við alls kyns tilefni. „Þeir eru notaðir við æfingar, til hversdagsnota og jafnvel á klúbbunum. Reynsla okkur hér heima er sú að því litríkari sem skórnir eru því hraðar rjúka þeir út. Þetta er að okkar mati æðisleg þróun og hvet ég alla til að næla sér í par og taka þátt í þessari þægilegu tískubylgju með okkur enda þvílíkur munur að fara úr hælum yfir í einstaklega létta skó þar sem tilfinningin er nánast eins og að ganga á tánum.“

### Tilboð á morgun

Á morgun, sumardaginn fyrsta, mun Nike í samstarfi við Intersport bjóða allar gerðir af Nike Free Run skóm á aðeins 19.990 krónur. „Við vorum að taka upp heilan helling af nýjum skóm í hinum ýmsu litum og því um að gera að líta við,“ segir Elfa. Tilboðið gildir bæði í Intersport í Lindum og á Höfða.



**3.0** er sveigjanlegastur

**4.0** er millivegurinn

**5.0** eru mýkstur









**Því litríkari sem skórnir eru því hraðar rjúka þeir út, að sögn Elfu.**





**Þótt litríkustu skórnir rjúki út eru alltaf einhverjir sem vilja frekar svarta eða í það minnsta dökka skó og þeir fást líka í úrvali.**

# Maraþon á sléttu, í snjó og musterum

Maraþonhlaup er áskorun eitt og sér. Sumir láta sér þó ekki nægja að ná því takmarki heldur sækjast í enn meiri ævintýri. Maraþonhlaup eru haldin víða um heim og eru sum óvenjulegri en önnur. Nokkur slík eru nefnd hér að neðan.



### HLAUPIÐ Á KÍNAMÚRNUM

Fyrsta maraþonhlaupið á hinum sögufræga Kínamúr fór fram árið 1999 og hefur verið haldið árlega síðan, fyrir utan árið 2003 þegar HABL-faraldurinn gekk yfir. Fyrsta árið tóku tæplega 300 manns þátt en í fyrra, árið 2012, hlupu tvö þúsund manns á Kínamúrnum frá fimmtíu þjóðlöndum.

Hægt er að velja um þrjár mismunandi lengdir, maraþon, hálfmaraþon og 7,5 km skemmtiskokk. Næsta hlaup verður 18. maí næstkomandi en löngu er uppselt í það hlaup. Þeir sem hafa hug á að taka þátt geta punktað niður dagsetninguna 17. maí 2014.

Allar nánari upplýsingar um Kínamúrsmaraþonið er að finna á www.great-wall-marathon.com.



### INNAN UM RÁNDÝR SUÐUR-AFRÍKU

The Big Five Marathon kallast maraþonhlaup sem haldið er í Suður-Afríku, nánar tiltekið í friðlandi veiðidýra. Þar geta hlauparar búist við að sjá fíla, buffalóa, nashyrninga, ljón og hlébarða, þó vonandi í hæfilegri fjarlægð. Engar girðingar aðskilja hlauparana frá afrísku dýralífi og ósnertri náttúru. Leiðin þykir nokkuð erfið yfirferðar en hlauparar eru líklegir til að gleyma raunum sínum um stund í ævintýralegu umhverfi.

Næsta hlaup verður haldið 22. júní næstkomandi en nánari upplýsingar má finna á www.big-five-marathon.com.



### HLAUPIÐ UM FORN MUSTERI

Bagan er forn borg í Mandaley-héraði í Búrma. Frá elleftu til þrettándu aldar risu yfir tíu þúsund búddamusteri, pagóður og klaustur á sléttum Bagan. Í dag standa yfir 2.200 musteri og pagóður enn og eru mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Í Bagan temple-maraþoninu, sem haldið verður í fyrsta sinn 2. nóvember næstkomandi, verður hlaupið um svæðið, milli fornra mustera í ótrúlegu landslagi. Raunar er uppselt í hlaupið í ár en vonir standa til að það verði árlegt.

Nánari upplýsingar á www.bagan-temple-marathon.com.



### Í ÍS OG SNJÓ

Grænland er ægifagurt og því ekki amalegt að fá tækifæri til að spretta úr spori í ósnortinni náttúru þess. Þann 19. október fer fram árlegt maraþon frá bænum Kangerlussuaq við Syðri-Straumfjörð á vesturströnd Grænlands. Hluti hlaupsins fer fram á ísilögðum jökli en aðrir hlutar verða á malarvegi sem þó getur verið þakinn snjó á þessum tíma.

Nánari upplýsingar um hlaupið er að finna á www.polar-circle-marathon.com.

www.gongugreining.is

Atlas göngugreining verður á HKarlinum
í Kórnum 28 - 30. apríl 2013

- Skór valdir eftir fótlagi og niðurstigi með tölvuþrýstiplötu
- Íþróttatoppar valdir eftir ummáli brjósta
- Kynningar sérfræðinga á vörum og þjónustu
- Tilboð á vörum og þjónustu



Úrval af skóm, fatnaði og fylgihlutum frá Asics, Under Armour, Ecco, Brooks, Casall, Ronhill, Cwx, Compressport, Select, McDavid o.fl. o.fl



ATLAS GÖNGUGREINING

Engjavegur 6 - 104 Reykjavík - Sími 55 77 100

## *Vinsæl smáforrit hlaupara*

Snjallsímar eru orðnir æði algengir og hlauparar nýta þá í æ meiri mæli til að hjálpa sér við þjálfunina. Hér má sjá nokkur vinsæl „öpp" eða smáforrit í snjallsíma.



**1 RUNKEEPER**
**Android/iOS** *(frítt)*
Kom fyrst til árið 2011 og hefur verið fínpússað síðan. Kortleggur hlaupaleiðir, rekur hlaupasöguna, hraða og vegalengdir og ber saman við fyrri hlaup og árangur.
www.runkeeper.com

**2 ENDOMONDO**
**Android/iOS/Windows Phone**
*(frítt og hægt að kaupa)*
Með Endomondo er hægt að safna aragrúa upplýsinga um hlaupaleiðir, hraða, vegalengdir og slíkt. Einnig er hægt að merkja myndir og deila statusum og árangri með vinum á Facebook og víðar.
www.endomondo.com

**3 NIKE+ RUNNING**
**Android/iOS** *(frítt)*
Nike var með þeim fyrstu til að útbúa hlaupaforrit sem nýst gæti fjöldanum. Þeir byrjuðu á því að setja skynjara í hlaupaskó sem gætu mælt vegalengdir en með tilkomu snjallsímanna varð til Nike+ appið.
www.nikeplus.nike.com

**4 MAPMYRUN**
**Android/iOS** *(frítt)*
Með appinu má meðal annars hlaða niður hlaupaleiðum sem aðrir hlauparar hafa hlaðið upp á vefsíðu MapMyRun.
www.mapmyrun.com

**5 STRAVA**
**Android/iOS** *(frítt)*
Auk snjallsíma er hægt að nota Strava með ýmsum GPS-tækjum.
www.strava.com

**6 ISMOOTHRUN**
**Aðeins fyrir iOS**
*(frítt og hægt að kaupa)*
Hægt er að nota appið bæði fyrir hlaup og einnig aðrar íþróttir.
www.ismoothrun.com

**7 COUCH-TO-5K**
**Android/iOS** *(frítt)*
Ætlað byrjendum í hlaupagreininni. Býður upp á ýmsar frumlegar þjálfunarleiðir.
www.active.com/mobile/c25k

**8 ZOMBIES, RUN!**
**Android/iOS**
*(kostar 3,99 dollara)*
Til að fá hlaupara til að hlaupa hraðar fá þeir óhljóð úr uppvakningum í eyrun líkt og þeir séu á hælum hlauparanna.
http://www.zombiesrungame.com/

**9 LOSE IT!**
**Android/iOS** *(frítt)*
Fylgist með hitaeiningatapi, þyngd og almennri heilsu notandans.
www.loseit.com

**10 LOOKOUT**
**Android/iOS**
*(frítt og hægt að kaupa)*
Forrit sem hjálpar fólki að finna símann sinn ef hann týnist.
www.lookout.com

# Boost-tæknin – bylting í hlaupaskóm

Íþróttavöruframleiðandinn adidas hefur kynnt til leiks nýja hlaupaskó, adidas Energy Boost. Sólinn er úr byltingarkenndu nýju efni sem kallast Boost. Efnið sameinar mýkt og viðbragð og heldur eiginleikum sínum óháð tíma, notkun og hitastigi. Boost-efnið er framtíðin í hlaupaskóm og verður efnið að finna í fleiri skóm frá adidas á næstu mánuðum og árum.

Boost kallast glæný tækni sem adidas hefur þróað í samvinnu við BASF. „Þetta efni er algjör bylting í hlaupaskóm,“ segir Bjarki Magnúsarson, markaðsstjóri adidas á Íslandi. „Allir hlaupaskór undanfarna áratugi hafa verið búnir sóla sem er að mestum hluta búinn til úr efni sem kallast EVA,“ segir Bjarki en bendir á að EVA hafi marga galla. „Til dæmis verður það hart í kulda en mjúkt í hita. Þá þjappast efnið smám saman saman með tímanum og missir þannig eiginleika sína. Boost er hins vegar alltaf eins.“

Boost er afrakstur mikillar þróunarvinnu en adidas lagði upp með að hanna efni sem myndi sameina mýkt og viðbragð. „Þeir vildu eins mikla mýkt og mögulegt væri en vandamálið við mjúka skó er að þeir draga úr orku, því vildu þeir einnig hámarka viðbragð efnisins,“ útskýrir Bjarki.

Niðurstaðan var boost. „Efnið er samsett úr mörgum litlum kúlum af TPU. Hver kúla er lítil og hörð í upphafi en þegar hún er



Hinn byltingarkenndi hlaupaskór adidas Energy Boost fæst í adidas concept store í Kringlunni og verslunum Útilífs.

hituð og lofti blásið í hana fær hún þá eiginleika að hún er mjúk viðkomu en er líka eins og skopparabolti. Þegar fjöldi slíkra uppblásinna kúla er límdur saman verður til boost-plata sem sólar eru skornir úr.“

Ólíkt EVA heldur boost eiginleikum sínum óháð ytri aðstæðum. „Boost er alveg eins hvort sem er í heitu eða köldu veðri. Þá endist það von úr viti. Meðan sólar úr EVA endast 1.000 til 1.500 kílómetra eru boost-skórnir í lagi allt þar til efra byrðið eða sólinn slitnar,“ segir Bjarki og bætir við að skór með sóla úr boost-efni séu án efa framtíðin.

Fyrsti skórinn með hinu nýja efni heitir adidas Energy Boost en hann var kynntur 28. febrúar síðastliðinn og fór á markað í byrjun mars. „Sólinn í þeim skó er hundrað prósent úr boost-efninu. Engin önnur dempun er í skónum en gúmmí er sett utan á efnið til að platan slitni ekki. Eftir það er ytra byrðið fest ofan á eins og í venjulegum skó,“ segir Bjarki. Hann viðurkennir að skórnir séu í dýrara lagi, en þeir kosta 39.990 krónur. Þeir séu þó vel þess virði. „Við eigum von á fleiri hlaupaskóm í haust þar sem aðeins hluti af sólanum verður úr boost-efninu og þeir verða á hagstæðara verði,“ segir hann.

Skórnir adidas Energy Boost fást í adidas concept store í Kringlunni og í verslunum Útilífs. Nánari upplýsingar má nálgast á www.adidas.is.




Bjarki Magnúsarson, markaðsstjóri adidas, með hinn nýja og byltingarkennda skó adidas Energy Boost. MYND/GVA



# Matur og drykkur fyrir tíu kílómetra hlaup



Það er nauðsynlegt að borða tveimur tímum fyrir hlaup, einkum ef hlaupnir eru tíu kílómetrar. Ekki borða þunga máltíð heldur leggðu áherslu á kolvetni. Pasta með kjúklingi er ákjósanlegt eða gróft brauð með sultu eða hunangi. Ekki drekka of mikið vatn. Best er að drekka ¼ lítra þremur tímum fyrir hlaup.

Hlaupir þú tíu kílómetra á innan við klukkustund er ekki þörf á vatni eða einhvers konar orku á þeim tíma. Ef hlaupið er í miklum hita eða hlauparinn svitnar mjög mikið er þó betra að fá sér eitt glas af vatni eftir fimm kílómetra. Mörgum finnst sömuleiðis gott að skola hálsinn. Eftir hlaupið er æskilegt að borða kolvetni og drekka vatn. Gott er að fá sér epli, banana eða orkubar. Klukkutíma eftir hlaup er rétt að fá sér prótínríka máltíð sem hjálpar uppbyggingu vöðva. Hafragrautur eða mjólk og gróft rúnstykki með fitulausu áleggi er heppilegt.



## TEYGÐU ÚR TÁNUM

**Þreyttir fætur** geta plagað hlaupara. Tærnar ættu ekki að verða út undan þegar teygt er á líkamanum eftir átök. Eftirfarandi táteygjuæfingar er að finna á www.livestrong.com.

Leggstu á bakið og lyftu hægra hnénu að bringu. Gríptu báðum höndum aftan við hnéð. Andaðu frá þér og réttu hægt úr fætinum. Beygðu ökklann svo tærnar snúi að andlitinu og glenntu þær út til hliðanna. Haltu teygjunni meðan þú andar djúpt fimm til sex sinnum.

Krjúptu á gólfinu og hafðu bakið beint, beygðu tærnar undir þig og sestu rólega niður á hælana. Teygðu á iljunum og tánum og andaðu djúpt fimm til sex sinnum. Sestu upp til að losa um spennuna en endurtaktu svo teygjuna tvisvar til þrisvar sinnum.



## SKOKKHÓPAR

**Fjölmargir skokkhópar** eru starfræktir um allt land. Á vefsíðunni hlaup.is er að finna lista yfir allmarga skokkhópa sem hittast reglulega. Listinn er þó ekki tæmandi.

Hér fyrir neðan má sjá lista yfir þá skokkhópa sem eru skráðir á höfuðborgarsvæðinu:

**Reykjavík:**
Árbæjarskokk
Fálka-skokk
Hádegisskokk frá Grafarvogslaug
Hádegisskokk frá Laugum
Hlaupahópur Ármanns
Hlaupahópur Fjölnis Grafarvogi
Hlaupahópurinn Norðlingar
ÍR-skokk
KR-skokk
Laugaskokk
Skokkhópur Fram, Grafarholti
Skokkhópur Íslandsbanka
Skokkhópur Víkings
Skokkklúbbur Icelandair
Trimmklúbbur Seltjarnarness (TKS)
Valur Skokk
Vesturbæjarhópurinn/Hlaupasamtök lýðveldisins
Vinir Gullu
ÖL hópurinn

**Álftanes:**
Skokkhópur Álftaness

**Garðabær:**
Skokkhópur Garðabæjar og nágrennis

**Hafnarfjörður:**
Hlaupahópur FH
Skokkhópur Hauka

**Kópavogur:**
Bíddu aðeins
Snælandsskokkhópurinn

Mosfellsbær:
Mosóskokk


REGENOVEX
Náttúruleg lausn við liðverkjum




Gel Perlur Plástur

Einstök samsetning Regenovex

Hýalúrónsýra
Viðheldur heilbrigðum liðum og liðleika
Hýalúrónsýra er lykilefni í brjóski og í liðvökvanum í liðamótum. Hýalúrónsýra er talin auka virkni liðvökvans sem virkar smyrjandi og höggdeyfandi á liðina. Með aldrinum gengur á þessar birgðir og með því að taka inn Regenovex endurhlöðum við þessar birgðir líkamans.

Bionovex olía
Hefur bólgueyðandi eiginleika
Þegar magn og gæði liðvökvans sem umlykur liðina er ekki nægjanlegt geta myndast bólgur og sársauki. Bionovex olían er unnin úr grænkræklingi og er því náttúruleg. Bionovex olían inniheldur einstaka omega 3 olíu sem finnst aðeins í þessari tegund grænkræklings og hefur sýnt bólgueyðandi eiginleika.

Icepharma

„Ég hef aldrei á mínum 6 ára hlaupaferli fundið slíka virkni“



Regenovex hefur klárlega hjálpað mér að ná markmiðum mínum. Ég byrjaði að taka inn Regenovex í apríl 2012 því þá var ég að undirbúa mig undir að hlaupa maraþon. Þar sem ég var farin að finna fyrir eymslum, ákvað ég að prufa einn pakka. Eftir einn pakka var ekki aftur snúið. Sumarið 2012 hljóp ég meiðslalaus og hef aldrei á mínum 6 ára hlaupaferli fundið slíka virkni. Ég hef hlaupið yfir laugaveginn og mörg fjallahlaup ásamt tugum minni hlaupa. Það verður engin breyting á þetta árið því ég hef markmið um stærri hlaup og mun að sjálfsögðu nota regenovex. Ég mæli með þessu efni frá innstu hjartarótum

Valdís Sylvía Sigurþórsdóttir
Einkaþjálfari í Sporthúsinu
Foam flex stofnandi

Kynntu þér málið á regenovex.is
Fæst í apótekum

## Varahlutir

**EÐAL PARTAR**
Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurrifs. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159.

Eigum varahluti í þessa bíla. Kaupum bíla í niðurrif. Toyota 96-07, Subaru 95-05, Nissan 96-04, Mitsubishi 96-02, Ford 98-07, Mazda 323 95-99. Kia Sportage 97-02, Peugeot 96-01. Opið á laugardögum 10-16. Bílar og Partar, Iðavellir 9c, 230 Reykjanesbæ 421-7979 www.bilarogpartar.is

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**GAUI PÍP**
Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

## Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS
Vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta
Róbert S. 866 9767
www.gardathjonustaislands.is



**GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
**20% AFSLÁTTUR FYRIR ELDRI BORGARA.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, þökulagnir, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.

## Málarar

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjörn verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

Þarftu að láta smíða fyrir þig! Öll almenn smíðavinna. Trésmiðir, sanngjarnt verð tilboð eða tímavinna Uppl. í s. 772 4828 eða 661 2661

**JARÐVINNA**
Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu, malbikssögun, hellulagnir, endurnýjun dren og klóaklagnir. Vélaleiga, Efnissala. Uppl. s. 869 1700/868 4043. Jarðlausnir ehf.

## Skemmtanir

Boltinn í beinni
Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*



**Rúnar Þór ásamt Reyni úr Ýr og Sigga Árna., spila í kvöld!**
**Allir velkomnir.**
Snyrtilegur klæðnaður áskilinn • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð
Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

## Spádómar

**908 1888**
Spásími Daddýar verð við næstu þrjár vikur frá kl. 14-20 virka daga. 250 kr. mín.

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

## Trésmíði

Uppsteypa mannvirkja.
Dynkur ehf
S. 894 2454 Ragnar

## Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 868 7204.

www.stolpiehf.is
Geymslugámar til sölu og leigu
Hafðu samband!
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000



HEITIR POTTAR
- Margar gerðir og stærðir
- Fjölbreytt úrval aukabúnaðar
- Hitastýringar fyrir setlaugar
- Val um liti á setlaugum

Líttu við á heimasíðu okkar www.normx.is og kynntu þér úrvalið!
NORMX Setlaugar
Auðbrekku 6 • 200 Kópavogur
Sími 565 8899 • www.normx.is



**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM TIL SUNNUDAGS.**
Mussa á mynd 3.992,- m/afsl. Kjóll á mynd 5.352,- m/afsl. Taska á mynd 5.592,- m/afsl. Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin ) Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsuvörur



**GREEN PEOPLE - ORGANIC LIFESTYLE**
Breyttu um lífstíl og notaðu lífrænt vottaðar snyrtivörur. Dömu, herra, unglinga og barnalína. Sala og dreifing: Ditto ehf, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 14-18. Lau 12-15. S. 517-8060, www.ditto.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Byssur



**ÚTSALA - SKOTVEIÐVÖRUR OG SKOTFÆRI**
Bjóðum nú 30 % afslátt af öllum skotveiðivörum og skotfærum. T.d Pakkinn af .22LR Standard á aðeins kr.483 með afslætti. Tactical.is Verslunarmiðstöðinni Glæsibæ.Opið virka daga 11-18 Sími 517-8878.

## Atvinnuhúsnæði

Fyrst.is Fyrirtæki og Fasteignir

**HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.**
Verslunarhúsnæði - 50 til 1500 fermetra Skrifstofurými - 20 til 2500 fermetra, stakar eða heil hús. Iðnaðarhúsnæði - Allar mögulegar stærðir Lagerhúsnæði - Sendu fyrirspurn, mikið úrval.
**Ef þú ert að leita að leiguhúsnæði eða vilt leigja út, sendu okkur upplýsingar á: jonvikingur@fyrst.is Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.**

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.IS
VEISLA Í KÖBEN !
12 GLÆSILEGAR HÓTEL-ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU.
FLENSBORGGADE 39
VORIÐ ER KOMIÐ Í KÖBEN
PANTIÐ 3 VIRKA DAGA BORGIÐ AÐEINS 2 VIRKA DAGA
Finnið daga á www.ibudikoben.is
Nánari uppl. í s. +45 27 11 10 38
www.ibudikoben.is
stracta

## Atvinna í boði

**DAG- OG KVÖLDVINNA:**
Einstök félagasamtök óska eftir að ráða til sín fólk í landssöfnun. Vinnutími; frá 9.00 - 22.00 Góð laun fyrir góðan starfskraft. Uppl. gefur Kristín í síma 666 4400 frá kl. 13.00 - 17.00 alla virka daga

VÍSIR

Vísir hf óskar eftir Vélstjóra með réttindi til afleysingar á Sighvat GK 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 856-5770 eða 420-5700.

Óskum eftir að ráða í fullt starf, vanan mann í trjáklippingar og almenn garðyrkjustörf. Umsóknir á www.gardlist.is

Óskum eftir að ráða í fullt starf, vanan mann í viðgerðir á tækjum og bílum á verkstæði. Umsóknir á www.gardlist.is

Velstjóri / Lyftaramaður/ Verkamaður óskast. Mikil vinna framundan umsókn sendist á jonv@jrj.is

**BYLTING Á ÍSLANDI**
XL XT og Sturla Jónsson skila þjóðinni frelsi Til handfæraveiða allt árið. Þitt er valið.

**BIFREIÐASTJÓRI ÓSKAST Í AFLEYSINGAR !**
Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf. Uppl. í s. 860 0740 á milli kl. 10-16 á miðvikudag.

Matráður óskast á kaffistofu Samhjálpar. Umsóknir berist á netfangið: thorunn@samhjalp.is Umsóknafrestur er til 1. maí. Öllum umsóknum verður svarað.

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999


SUMARDAGURINN FYRSTI
ER Á MORGUN!
HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN
TILBOÐ
40%
afsláttur á kassa
HAGKAUP
GRILLLÆRI
1559KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2598
SS
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
GRAND ORANGE
HELGARSTEIK
2249KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2999
ÍSLANDS
NAUT
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
UNGNAUTAHAKK
1519KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1899
ÍSLANDS
NAUT
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
HAMBORGARAR
4STK M/ BRAUÐI
799KR/PK
VERÐ ÁÐUR 999
Holta
TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa
BRATWURST
KJÚKLINGAPYLSUR
382KR/PK
VERÐ ÁÐUR 449
100% KJÚKLINGAKJÖT
ÁN ALLRA AUKEFNA!
Holta
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
KJÚKLINGUR
FERSKUR
794KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1059
Gildir til 28. apríl á meðan birgðir endast.
GUY FIERI
BBQ SÓSUR
NÝTT
Nýjar vörur frá meistarakokkinum
Guy Fieri sem er að gera allt
vitlaust á Food Network.
Sósurnar hans Guy Fieri draga fram
rokkað bragð á grillinu þínu.
Komdu og skoðaðu úrvalið!
24
Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

✝



Elskuleg móðir mín,

**HULDA SIGRÚN SNÆBJÖRNSDÓTTIR**
**Hringbraut 50,**
**áður til heimilis að Holtsgötu 6,**

lést sunnudaginn 14. apríl. Sálumessan fer fram frá Kristskirkju, Landakoti, föstudaginn 26. apríl, klukkan 15.00.

**Ragnheiður Jóhanna Eyjólfsdóttir**

✝



Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN JÓNA KRAGH**
**Álftamýri 26, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 14. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sólborg Ósk Kragh** **Kristján Ágúst Gunnarsson**
**Íris Helga Valgeirsdóttir** **Auðunn Trampe**
**Valgeir Ólafur Kragh** **Erla Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GÍSLI HALLDÓRSSON**
**í Króki,**

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 16. apríl, verður jarðsunginn frá Villingaholtskirkju laugardaginn 27. apríl kl. 15.30.

**Lilja María Gísladóttir** **Páll Óskarsson**
**Ingvar Hreinn Gíslason** **Lynn Ann Gíslason**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓSK GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Nykhól, Mýrdalshreppi,**
**síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Hjallatúni í Vík,**

andaðist miðvikudaginn 17. apríl sl.
Útförin fer fram frá Skeiðflatarkirkju í Mýrdal laugardaginn 27. apríl klukkan 13.00.

**Hörður Þorsteinsson**
**Guðjón Harðarson** **Jóhanna Jónsdóttir**
**Jóhanna Þórunn Harðardóttir** **Guðmundur Oddgeirsson**
**Guðbjörg Klara Harðardóttir** **Hlynur Björnsson**
**Sigurlaug Linda Harðardóttir** **Gunnar Vignir Sveinsson**
**Steina Guðrún Harðardóttir** **Jóhannes Gissurarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**ÁSTVALDUR KRISTINSSON**
**Greniteigi 26, Keflavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík mánudaginn 1. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug.
Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Víðihlíð í Grindavík.

**Kristinn Ástvaldsson** **Ólöf Jónsdóttir**
**Elísabet Ástvaldsdóttir** **Bragi Eyjólfsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA AÐALHEIÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**frá Melbæ, Eskifirði,**
**Víðilundi 15, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar þann 13. apríl.
Útförin fer fram frá Glerárkirkju í dag, miðvikudaginn 24. apríl kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Ástu er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Sérstakar þakkir fyrir yndislega umönnun til starfsfólks lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar og Heimahlynningar.

**Þór Árnason**
**Jóna Dóra Þórsdóttir** **Arnoddur Guðmannsson**
**Örn Þórsson** **Mattý Einarsdóttir**
**Alfreð Þórsson** **Aðalheiður Þórhallsdóttir**
**Helgi Þór Þórsson** **Jóna María Júlíusdóttir**
**Anna Katrín Þórsdóttir** **Halldór Baldursson**
**Sveinar Þórsson**
**Helga Stefanía Þórsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

## MERKISATBURÐIR 24. APRÍL

**1898** Spænsk-bandaríska stríðið hefst þegar Spánn lýsir yfir stríði gegn Bandaríkjunum.

**1914** Síðasti líflátsdómur er kveðinn upp á Íslandi. Dómnum er síðar breytt í ævilangt fangelsi.

**1916** Páskauppreisnin hefst á Írlandi.

**1953** Elísabet II Bretadrottning slær Winston Churchill til riddara.

**1970** Fjöldi háskólastúdenta sest að á göngum og í skrifstofum menntamálaráðuneytisins til þess að leggja áherslu á kröfur námsmanna erlendis.

**1980** Bandaríkjamenn reyna að frelsa 52 bandaríska gísla sem eru í haldi í Teheran, höfuðborg Írans. Leiðangurinn mistekst og engum gísl er bjargað en átta bandarískir hermenn láta lífið.

**1982** Jón Páll Sigmarsson setur tvö Evrópumet í lyftingum, lyftir 362,5 kg í réttstöðu og 940 kg samtals.



**HALLA MARGRÉT** „Nú erum við að sleppa prófförkinni í prentun og til að fá ekki fráhvörf ákváðum við að halda bókmenntahátíð," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Barsvar og upplestur

**Bókmenntahátíð verður í Stúdentakjallaranum í kvöld klukkan 20. Nemar í ritlist við Háskóla Íslands lesa upp og Guðmundur Andri rithöfundur stýrir barsvari.**

Meistaranemar í ritlist og hagnýtri ritstjórn og útgáfu við HÍ standa fyrir bókmenntaglensi í Stúdentakjallaranum í kvöld. Þar ætla þeir að kynna bókina Hvísl sem þeir hafa verið með í smíðum frá áramótum og kemur út 15. maí. „Nú erum við að sleppa prófförkinni í prentun og til að fá ekki fráhvörf ákváðum við að halda bókmenntahátíð og lesa aðeins upp," segir Halla Margrét Jóhannesdóttir, leikari og einn ritlistarnemanna, glaðlega. Hún tekur fram að stjarna kvöldsins verði Guðmundur Andri sem hafi verið svo elskulegur að útbúa spurningar í barsvar fyrir kvöldið. „Mér skilst að farið verði um víðan völl svo það verði ekki bara fornbókagúrúar sem koma með réttu svörin heldur geti það eins orðið þeir sem þekkja til Andrésar Andar," segir hún og bætir við að Stúdentakjallarinn sé kósý staður fyrir budduna, því kaffi og bjór sé á hagstæðu verði.

Halla Margrét kveðst eiga eina sögu í bókinni Hvísl. „Sumir eru með smásögur, aðrir nokkrar örsögur, einhverjir með brot úr lengri verkum og svo eru ljóð innan um," lýsir hún. „Það er misjafnt hvort menn eiga þarna langhlaup eða nokkrar styttri vegalengdir." Útgáfa bókarinnar er hluti af kúrs sem heitir Á þrykk að sögn Höllu Margrétar. „Hann er hugsaður þannig að ritlistarnemar vinni verk til útgáfu sem ritstjórnarnemar ritstýri. Það er ekki inni í námskeiðslýsingunni að verkið eigi að koma út á bók en okkur fannst að þegar búið væri að búa það til prentunar væri skrítið að prenta það ekki svo við gerðumst bara útgefendur og bæði bloggið okkar og þessi bókmenntahátíð er á vegum útgáfunnar," segir hún.

Fyrstu meistaranemar í ritlist á Íslandi útskrifast nú í vor. Fleiri bætast í hópinn í haust, þeirra á meðal Halla Margrét. „Það er frábær hópur í þessu námi og innan hans hefur skapast gjöfult samstarf. Við erum alltaf hvert að skoða texta annars og rýna í þá, þannig að við höfum eignast bókavini hvert í öðru." gun@frettabladid.is

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR ÞORBERGUR HANNESSON**
**málmsmíðameistari,**
**Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,**

lést laugardaginn 20. apríl á Elliheimilinu Grund. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðrún Sigurðardóttir**
**Sigurður Gunnarsson** **Ólöf G. Ásbjörnsdóttir**
**Helga Árnadóttir**
**Óli Ragnar Gunnarsson** **Ragnheiður Júlíusdóttir**
**Heimir Gunnarsson** **Ragnhildur Birgisdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HREFNA JÓNSDÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri hinn 21. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 30. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Sólveig Erlendsdóttir** **Magnús Ingólfsson**
**Guðrún Erlendsdóttir** **Hilmir Jóhannsson**
**Lovísa Erlendsdóttir** **Árni Magnússon**
**Snæbjörn Erlendsson** **Sólveig Rögnvaldsdóttir**
**Hörður Erlendsson** **Hafdís Stefánsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

✝



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR**
**frá Stóru-Hildisey,**
**til heimilis að Engjavegi 14, Selfossi,**

lést þriðjudaginn 16. apríl. Útförin fer fram þann 27. apríl kl. 13.30 frá Selfosskirkju.

**Guðjón Jónsson**
**Auðbjörg Guðröðardóttir**
**Jón Pétur Róbertsson**
**Baldur Már Róbertsson** **Jill Renea Róbertsson**
**Guðmundur Þór Róbertsson** **Þórdís Grímheiður Magnúsdóttir**
**Halldór Ingi Róbertsson**
**Rúnar Valur Róbertsson** **Ragnheiður Arnardóttir**
**Róbert Benedikt Róbertsson** **Diljá Mist Einarsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu, hlýhug og styrk vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**LOVÍSU GUÐRÚNAR JÓHANNSDÓTTUR**
**Heiðarvegi 21a, Keflavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki D-deildar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Ingólfur Arnarson**
**Linda Arnardóttir** **Sveinn Sveinsson**
**Pétur Jónsson** **Rósa Johansen**
**Signý Arnardóttir** **Sigurður Heimisson**
**Elín Arnardóttir** **Bjarni Gunnólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Svínalundir**
**1.698,kr./kg**
verð áður 2.398,-/kg




**Svínahnakki**
**1.298,kr./kg**
verð áður 1.598,-/kg



**Fjallalambs kubbasteik**
**498,kr./kg**




**Emmess Djæf pinnar 4 í pk.**
**468,kr.**

# Fjarðarkaup

## Opið í dag 9:00 - 18:30
## Lokað sumardaginn fyrsta



**Fjallalambs fjallalæri**
**1.398,kr./kg**
verð áður 1.598,-/kg



**Fjallalambs skyndi grill**
**2.379,kr./kg**




**FK kryddaðar svínakótilettur**
**1.398,kr./kg**



**KF grillsneiðar**
**1.898,kr./kg**



**KF Íslenskt heiðarlamb**
**1.398,kr./kg**
verð áður 1.598,-/kg




**McCain super spirals 750g**
**538,kr.**

**McCain Smiles 750g**
**447,kr.**




**Oerlemans Brokkoli mix 2,5kg**
**748,kr.**




**Fræ blaðið er komið út. 24 síðna heilsublað, fullt af fróðleik og tilboðum**




**Wagner 40 litlar pizzur 2 teg.**
**2.259,kr./pk.**




**Mini brauð 15 stk. í pk.**
**289,kr.**




**SS sænskar kjötbollur 750g**
**1.037,kr.**

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT **- Tilvalið gjafakort**

Tilboð gilda til laugardagsins 27. apríl

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** fyrirhöfn, **6.** frá, **8.** for, **9.** nam burt, **11.** gelt, **12.** bolur, **14.** tónstigi, **16.** org, **17.** guð, **18.** seyði, **20.** gjaldmiðill, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dóms, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** knæpa, **7.** skref, **10.** kverk, **13.** starfsgrein, **15.** innyfla, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** af, **8.** aur, **9.** tók, **11.** gá, **12.** stofn, **14.** skáli, **16.** óp, **17.** goð, **18.** soð, **20.** kr, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** mats, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** fótspor, **10.** kok, **13.** fag, **15.** iðra, **16.** ósa, **19.** óð.


# Aðalfundur FVFÍ 2013

**verður haldinn að Borgartúni 22 föstudaginn 26. apríl nk. kl.19:00.**

Fundarefni:
1. **Venjuleg aðalfundarstörf**
2. **Lagabreytingar**
3. **Önnur mál**

**Veitingar að fundi loknum**

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofu FVFÍ alla virka daga milli kl. 10-15 vikuna fyrir fund.

**Mætið vel og stundvíslega,**
Stjórnin.




# HRAUNBÆR 24 (íbúð 301)

Fimmtudag 25. apríl
**frá kl. 14-15**

- Góð 5.herbergja.
- Þrjú svefnherbergi.
- Möguleiki á fjórða svefnherberginu.
- Stórar stofur og bjartar.
- Herbergi á jarðhæð í útleigu.

Allar upplýsingar um eignina veitir Jórunn í síma 845-8958, sem einnig verður á staðnum.
VERIÐ VELKOMIN.


Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **27,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# VERKAMENN

ERUM MEÐ VANA VERKAMENN
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

s. 777 2 333

# SMIÐIR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI
SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

s. 777 2 333


# Legið á línunni

**BAKPANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



„Jæja, viljið þið ekki bara fara að hætta þessu stelpur mínar? Hafið þið nokkuð fleira að segja?“ Tilmælin komu flatt upp á okkur sjö ára vinkonurnar. Við vorum að tala saman í símann þegar þessi þriðja rödd klauf skyndilega samtalið eins og óboðinn gestur en mig minnir einmitt að ég hafi verið að bjóða vinkonunni í afmælið mitt.

Við vorum að tala í sveitasímann svokallaða og frúin hafði verið að hlusta á okkur allan tímann. Hlustað á kannski innihaldslítið spjall okkar í eins-atkvæðis orðum og var farið að leiðast þófið. Hún vildi losna við okkur af línunni, þurfti sjálf að nota símann. Við hlýddum.

**ÞÁ** gat bara einn hringt í einu. Ef maður sjálfur átti erindi en einhver annar var að nota símann varð bara að bíða þar til hann hafði lokið sínu spjalli. Nú, eða blanda sér inn í samtalið og biðja viðkomandi að hætta, eins og frúin. Það var líka hægt að stytta sér biðina með því að hlusta í laumi, þótt það þætti kannski ekki kurteisi. Stundum héngu svo margir á línunni að hlusta að sambandið slitnaði milli þeirra sem voru að tala saman.

**ÞETTA** er eina skiptið sem ég man eftir mér sjálfri að tala í sveitasímann. Ég man hvernig risastórt, svart símtólið gleypti nánast allt andlitið á mér og svört snúran hringaðist eins og lakkrís utan um fingurna. Ég valdi hringinguna með lítilli sveif. Sveitasíminn tilheyrir núna svo löngu liðnum tíma að mér finnst hann nánast óraunverulegur, þó að ég hafi verið sjö ára árið 1982. Ég man aftur á móti vel eftir sjálfri mér tala í glænýja takkasímann þegar hann kom loksins í sveitina enda var árið þá orðið 1985! Ég gerði stundum símaat og hringdi oft í Frú klukku.

**SVEITASÍMINN** er enn fjarlægari minni eigin sjö ára dóttur sem elst upp við að símar séu persónuleg eign hvers og eins. Rúmist fyrir í vasa og séu til taks hvenær sem eigandinn þarf að hringja, eða bara langar til að hringja. Nú hringja sjö ára börn bara sjálf í vini sína úr sínum eigin símum til að bjóða þeim í afmælið sitt og þau hafa ekki hugmynd um hver Frú klukka er.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**TRI**

HJÓLREIÐAR · HLAUP · SUND




# CUBE 2013 hjólin komin

## Þýsk gæði á góðu verði







**Fjallahjól**

| Hjól | Verð | Þyngd |
|---|---|---|
| Aim V-Brake black´n´white | 67.493 kr. | 13,5 kg. |
| Aim disc 26 gray'n'red | 99.990 kr. | 13,85 kg. |
| Reaction SL | 259.000 kr. | 10,8 kg. |






**29-er**

| Hjól | Verð | Þyngd |
|---|---|---|
| Aim 29 | 94.990 kr. | 13,95 kg. |
| Attention 29 | 179.990 kr. | 13,7 kg. |
| Reaction GTC Pro 29 | 349.990 kr. | 11,9 kg. |





**Hybrid**

| Hjól | Verð | Þyngd |
|---|---|---|
| LTD CLS black white print | 95.990 kr. | 13,2 kg. |
| LTD CLS Pro gray red print | 129.990 kr. | 13,5 kg. |
| Curve Pro Lady | 159.990 kr. | 13,4 kg. |






**Racer**

| Hjól | Verð | Þyngd |
|---|---|---|
| Peloton | 189.990 kr. | 9,1 kg. |
| Peloton Pro | 229.990 kr. | 9 kg. |
| Agree GTC | 299.990 kr. | 8,7 kg. |

**Öll 2013 hjól með 10% tollalækkun**

**6 mánaða vaxtalausar afborganir**

**TRI**

Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

www.tri.is

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ALLAR VERSLANIR BÓNUS OPNAR TIL KL.19:00 **ALLAR VERSLANIR BÓNUS**




LITLAR VATNSBYSSUR **98 KR.STK**




SÁPUKÚLUBOX **79 KR.STK**




KRÍTAR 20 STK. **298 KR.**




SÁPUKÚLUSVERÐ **298 KR.STK**




SVAMPBYSSA STÓR. **298 KR.STK**




FREEZE FROSTLENGJA 90 ML. **59 KR.STK**




TEYGJUTWIST-
BAND 10M
**298 KR.**




STÓR FRISBEEDISKUR 36 SM **398 KR.**







KIT KAT 3 STK. Í PAKKA













**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPNAR TIL KL.19:00 ALLAR VERSLANIR BÓNUS OPNAR TIL KL.19:00
NICKY ELITE 12 RÚLLUR
NICKY Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
898 KR. 12 stk.
NICKY ELITE 12 ELDHÚSRÚLLUR
HUGGIES
1498 KR. 60 STK
Nr. 3 fyrir 4-9 kg. 60
1498 KR. 52 STK
Nr. 4 fyrir 7-14 kg. 52 stk.
1498 KR. 48 STK
Nr. 4+ fyrir 9-16 kg. 48 stk.
1498 KR. 44 STK
Nr. 5 fyrir 11-19 kg. 44 stk.
259 KR. 64 STK
Blautklútar 64 stk.
679 KR. KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
BAYONNE
1198 KR. KG
BAYONNE SKINKA NÝREYKT ÚR LÆRI
BÓNUS Grillkjöt
1198 KR. KG
GRILL GRÍSAKÓTILETTUR
GRILL ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
móar KJÚKLINGUR
Veislubringur
1898 KR. KG
MÓAR-MATFUGL
VEISLU KJÚKLINGABRINGUR
KJARNAFÆÐI
KF. VILLIJURTA-
KRYDDAÐAR
BLANDAÐAR
LAMBALÆRIS-
SNEIÐAR
1798 KR. KG
1598 KR. KG
KS.FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
NAUTA Veisla
NAUTGRIPA-HAKK
1298 KR. KG
NV FERSKT 100% NAUTGRIPAHAKK
3198 KR. KG
KS.FROSIÐ LAMBAFILLET
KJARNAFÆÐI
1398 KR. KG
KJARNAFÆÐIS FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ
LÚXSUS FERSKT LAMBALÆRI
Caj P.
Caj-P grillolían er ómissandi á lambakjötið !
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR
498 KR. 500ml
HEIMILISBRAUÐ
239 KR. 770g
NÝBAKAÐ
198 KR. 4 STK
898 KR. 760gr
BÓNUS GULRÓTARKAKA 760 gr
1498 KR. KG
NF. ÍSLENSKIR BLEIKJUBITAR
BEINHREINSAÐIR MEÐ ROÐI
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Heillast af textum sem eru ekki söluvænir

Íslensku þýðingarverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á Gljúfrasteini í gær. Þau komu í hlut Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur fyrir þýðingu hennar á Svarta sauðnum og öðrum fabúlum eftir Augusto Monterroso. Kristín, sem er aðjúnkt í spænsku við HÍ, segist hafa ástríðu fyrir að kynna klassíska spænskuritandi höfunda fyrir Íslendingum og uppáhaldsbókmenntaform hennar er örsöguformið.



**VERÐLAUNAHAFINN** Kristín Guðrún Jónsdóttir segist alls ekki hafa átt von á að hljóta verðlaunin þar sem örtextar eigi yfirleitt ekki upp á pallborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég verð að segja að ég átti alls ekki von á þessu," segir Kristín Guðrún Jónsdóttir, sem hlaut í gær Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir þýðingu sína á bókinni Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur eftir Augusto Monterroso. „Þetta er lítil bók með stuttum textum og slíkt form á yfirleitt ekki upp á pallborðið."

Hefurðu þýtt mikið? „Svona í hjáverkum meðfram starfinu í Háskólanum, já. Ég þýddi fyrst smásagnasafnið Lambið og aðrar sögur árið 1996, ásamt Jóni Thoroddsen. Síðan tók ég mér hlé og byrjaði svo að þýða aftur áratug síðar. Aðallega hef ég þýtt smásögur og örsögur héðan og þaðan frá hinum spænskumælandi heimi. Þýddi til dæmis ásamt samstarfskonu minni í Háskólanum, Erlu Erlendsdóttur, smásagnahefti sem kom út 2008 og inniheldur sögur frá Karíbahafinu. Það heitir Fagurgrænar og frjósamar og þar eru þrjátíu smásögur, tíu frá hverri spænskumælandi eyjunni. Ég þýddi reyndar einu sinni skáldsögu, en hef mest verið að þýða svona stutta texta."

Þú ert aðjúnkt við spænskudeild Háskóla Íslands, stundaðirðu nám á Spáni? „Ég er nú búin að vera víða. Byrjaði á Spáni og var þar í nokkur ár, fór síðan til Mexíkó og þaðan til Púertó Ríkó þar sem ég kláraði BA-prófið. Tveimur árum seinna tók ég svo mastersprófið á Spáni og þegar ég var orðin fertug fór ég svo í doktorsnám til Bandaríkjanna."

Hvað segirðu mér um höfund Svarta sauðsins, Augusto Monterroso? „Hann var frá Gvatemala en bjó lengst af í Mexíkó þar sem hann var landflótta í tvígang. Mjög þekktur og virtur rithöfundur í hinum spænskumælandi heimi þó að nafn hans hafi ekki heyrst oft hér. Juan Rulfo var persónulegur vinur hans og hann var fyrirmynd margra rithöfunda í Mexíkó og annars staðar í Rómönsku-Ameríku. Hann hélt gríðarvinsælar ritsmiðjur þar sem færri komust að en vildu og naut mikillar aðdáunar. Hann var fæddur 1921 og lést 2003."

Er það ástríða hjá þér að kynna minna þekkta spænskuritandi höfunda fyrir Íslendingum? „Já, ég hef mikinn áhuga á því að kynna hér höfunda sem eru klassískir í sínu heimalandi en hafa ekki náð almennilega til Evrópu og Bandaríkjanna. Augusto Monterroso hefur auðvitað verið þýddur á fjölmörg tungumál en þetta er fyrsta verk hans sem kemur út á íslensku. Hann skrifaði mest alls konar stutta texta sem er ekki beint einfalt að flokka. Hann reyndi einu sinni við skáldsögu en hún var mjög brotakennd."

Ertu byrjuð á nýrri þýðingu? „Já, já, ég er með úrval örsagna frá Rómönsku-Ameríku í bígerð en örsöguformið hefur verið mjög vinsælt í hinum spænskumælandi heimi alla tuttugustu öldina og fram á þessa. Nægir þar að nefna Borges og þessa þekktu höfunda sem skrifuðu mikið þessa stuttu texta sem við í dag köllum örsögur. Ég er að vinna að úrvalsefni úr þeim sagnabanka. Svo er ég líka að þýða mexíkóskar smásögur og fullt af öðru efni."

Þetta form heillar þig sem sagt sérstaklega? „Já, ég er mikið fyrir smásagnaformið og örsagnaformið, svona texta sem eru ekki söluvænir."

Hefurðu verið að skrifa eitthvað frá eigin brjósti? „Nei, það hef ég nú ekki gert. Ég reyni bara að miðla annarra hugverkum. Það dugar mér alveg."

fridrikab@frettabladid.is

## Tilnefningar til Þýðingaverðlaunanna

Bandalag þýðenda og túlka veitti Íslensku þýðingarverðlaunin 2013 við hátíðlega athöfn á Gljúfrasteini ígær. Fimm þýðingar voru tilnefndar til verðlaunanna að þessu sinni:
**Allt er ást** eftir Kristian Lundberg í þýðingu Þórdísar Gísladóttur.
**Ariasman** eftir Tapio Koivukari í þýðingu Sigurðar Karlssonar.
**Hjaltlandsljóð,** tvímála útgáfa safns ljóða eftir samtímaskáld frá Hjaltlandseyjum í þýðingu Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar.
**Sá hlær best ...! sagði pabbi** eftir Gunnillu Bergström í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur.
og verðlaunaþýðingin **Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur** eftir Augusto Monterroso í þýðingu Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur.

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114 / VÍNLANDSLEIÐ 16
150 REYKJAVÍK

Sjúkratryggingar Íslands

Nýtt greiðsluþátttökukerfi vegna kaupa á lyfjum 4. maí



Nýtt greiðsluþátttökukerfi vegna kaupa á lyfjum tekur gildi 4. maí nk. Markmiðið með kerfinu er að auka jafnræði milli einstaklinga óháð sjúkdómum og lækka lyfjakostnað þeirra sem nota dýr og/eða mörg lyf.

www.sjukra.is

Upplýsingar um kerfið má nálgast:

- Á www.sjukra.is þar sem þú getur einnig reiknað út lyfjakostnaðinn þinn í nýju kerfi.
- Hjá apótekum.



**SIGRÍÐUR ÓSK** Er á leiðinni til Stokkhólms. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Syngur í dansverki Cullbergs-ballettsins

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópran mun syngja í verkinu Plateau Effect, sem er nýjasta dansverk sænska dansarans og danshöfundarins Jefta Van Dinther. Verkið verður flutt af einum frægasta dansflokki Svíþjóðar, Cullbergs-ballettinum, og frumsýnt í Amsterdam í júlí á einni virtustu danshátíð Hollands, Julidans. Hollenski raftónlistarmaðurinn David Kiers semur tónlistina.

„Ég er sem sagt á leiðinni til Stokkhólms þar sem ég mun syngja tónlist sem er notuð í verkinu inn á band," segir Sigríður Ósk, hæstánægð með samninginn.

„Það verður sem sagt ekki lifandi tónlist með dansinum svo ég flakka ekki um með dansflokknum en hann mun ferðast með verkið víða um Evrópu."

-gun



# STEBBI&EYFI
## FLYTJA LÖG
# SIMON & GARFUNKEL

★

FRIÐRIK STURLUSON: BASSI
GÍSLI HELGASON: FLAUTUR
GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR: RADDIR
HANNES FRIÐBJARNARSON: SLAGVERK & RADDIR
JÓHANN HJÖRLEIFSSON: TROMMUR
JÓN E. HAFSTEINSSON: GÍTARAR
KJARTAN HÁKONARSON: TROMPET
SAMÚEL SAMÚELSSON: BÁSÚNA
SIGURÐUR FLOSASON: SAXÓFÓNAR & SLAGVERK
ÞÓRIR ÚLFARSSON: HLJOMBORÐ

# ELDBORG HÖRPU 8.6.2013

## 12 MANNA HLJÓMSVEIT VALINKUNNRA LANDSLIÐSMANNA OG KVENNA FLYTJA ÖLL ÞEKKTUSTU LÖG SIMON & GARFUNKEL

MIÐASALA HEFST 25. APRÍL
Á HARPA.IS (S: 528 5000)

RISTORANTE Caruso

Egils APPELSÍN HIÐ EINA SANNA

# Verk Sigurjóns í nýju samhengi

Í dag verður opnuð sýningin Úr djúpunum í Listasafni Sigurjóns.

Sýningin Úr djúpunum verður opnuð í Listasafni Sigurjóns í dag. Sýningin er sú fyrsta sem er opnuð eftir að safnið varð hluti af Listasafni Íslands. Á Listasafni Sigurjóns hefur mátt sjá verk myndhöggvarans Sigurjóns Ólafssonar og á þessari sýningu eru þau sett í nýtt samhengi. „Þessi sýning er hugsuð þannig að við erum að sýna valin verk eftir Sigurjón, verk sem ekki hafa verið sýnd lengi, og setjum í kallfæri við málara sem voru honum nákunnugir, þau Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason, Nínu Tryggvadóttur, Kristján Davíðsson og Guðmundu Andrésdóttur.“ segir Birgitta Spur, ekkja Sigurjóns og safnstjóri Listasafns Sigurjóns.

Titill sýningarinnar vísar til þeirra furðuskepna sem Sigurjón tók að fást við eftir erfið veikindi um og eftir 1960, og í verkum hans má meðal annars finna tengingar við hugmyndir listamanna þeirra tíma um súrrealisma og hið sjálfsprottna listform. „Sigurjón var mjög frjór og síbreytilegur listamaður og hann leitaði hugmynda víða. Eftir veikindin fór hann að gera verk sem eru talsvert öðruvísi en þær hefðbundnu höggmyndir sem margir þekkja.“

Listasafn Sigurjóns sameinaðist Listasafni Íslands í fyrra. Birgitta segir að sameiningin muni örugglega dýpka skilning á verkum Sigurjóns. „Samvinnan um safnaeignina mun örugglega skila sér í áhugaverðum sýningum.“ Sýningin verður opin á morgun, um helgar til 1. júní en í sumar alla daga nema mánudaga. - sbt



**ÚR DJÚPUNUM** Birgitta Spur í Sigurjónssafni. Ný sýning þar setur verk Sigurjóns í samhengi við listmálara úr samtíma hans. Í bakgrunni má sjá verk eftir Þorvald Skúlason og Guðmundu Andrésdóttur en höggmyndin er eftir Sigurjón.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Barnabókaverðlaun
Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar
★★★ 2013 ★★★

Til hamingju Anna Heiða

með þessi glæsilegu og verðskulduðu verðlaun!

Anna Heiða Pálsdóttir fangar af þekkingu og með virðingu heim sextán ára stúlku sem alist hefur upp innan sértrúarsöfnuðar.

Úr umsögn dómnefndar:
„Þessi bók lifir lengi með manni. Hún vekur upp grundvallarspurningar um lífið og tilveruna, gildi þess að átta sig á sjálfstæðum vilja, hvað það er að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir um líf sitt, fórnirnar sem maður þarf að færa til að halda í sína eigin sannfæringu, hvers virði það er að vera maður sjálfur og kannski síðast en ekki síst: hvenær er maður, maður sjálfur?“






Bók sem á erindi við lesendur á öllum aldri

Gleðilegt sumar

Skemmtilegar sumargjafir frá Sölku




Salka
salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík



**GAGNVIRKT NETLEIKHÚS** Þátttakendur þurfa að skrá sig í skólann á slóðinni herbergi408.is.

## Leikverk í bréfaskóla

Netleikhúsið Herbergi 408 frumsýndi í gær nýtt gagnvirkt leikhúsverk á slóð leikhússins www.herbergi408.is. Verkið nefnist Skóli umbreytinganna eða School of Transformation Correspondence og er bréfaskóli staðsettur á veraldarvefnum sem byggir á því að nemandinn er aðalleikarinn í sinni eigin sýningu og má því flokka það undir svokallað þátttökuleikhús. „Þetta er nokkurs konar skóli á netinu, þar sem þú fylgir fimm kennslustundum sem eiga að leiða þig til hamingjusamara lífs,“ segir Steinunn Knútsdóttir, listrænn stjórnandi verkefnisins, en með henni hafa unnið Una Lorenzen hreyfimyndasmiður, Snorri Gunnarsson hönnuður og Jarþrúður Karlsdóttir tónskáld.

„Þátttakendur þurfa að skrá sig inn sem nemendur og þá eru þeir komnir í skólann. Þá fá þeir ýmis próf að glíma við, sjá teiknimyndir sem varpa ljósi á eðli mannsins og breyskleika og þegar kennslunni er lokið fá þeir sent diplóma í tölvupósti.“ - fsb




**VINKONUR** Útskriftarverkefni Dagrúnar Aðalsteinsdóttur sem sjá má í Hafnarhúsinu.

## Sjónvarpssería í Hafnarhúsinu

Sjónvarpsserían Vinkonur eftir Dagrúnu Aðalsteinsdóttur verður sýnd í heild sinni á fimmtudögum á meðan útskriftarsýningin stendur yfir á Listasafni Reykjavíkur. Þættirnir segja frá tveimur vinkonum og glímu þeirra við ástina og voru teknir upp með áhugaleikurum í Bangalore á Indlandi. „Ég fór í ársleyfi og tók myndina upp á meðan ég dvaldi á Indlandi,“ segir Dagrún. „Mig langaði til að vinna með hefðbundnar sjónvarpsseríur og máta þær inn í menningu sem er mér framandi.“ - sbt

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 24. APRÍL 2013**

## Listasmiðja

**09.00** Ferðaflækja á flakki er leiðsögn og listasmiðja í Mjódd í Breiðholti þar sem leikskólabörnum verður boðið að fræðast og skapa.

## Sýningar

**11.00** Flökkusýningin Kjarval og Gullmávurinn/Ferðalag listmálara verður sett upp í Árbæjarsafni.

**15.00** Leikskólabörn á Sæborg opna sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum. Yfirskrift sýningarinnar er Maður málar bara eins og manni sýnist.

**15.30** Sýning opnar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Í apríl hefur verið starfrækt ljósmyndasmiðja í þremur frístundaheimilum í Reykjavík og þátttakendur á aldrinum 9 til 11 ára bjuggu til nálargatsmyndavélar (e. pinhole) úr gosdósum, límbandi og álpappír. Þau tóku svo myndir af nánasta umhverfi sínu með myndavélunum og eru myndirnar nú til sýnis. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Sýningin Úr djúpunum verður opnuð í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Á sýningunni eru skúlptúrar eftir Sigurjón Ólafsson og málverk eftir Guðmundu Andrésdóttur, Kristján Davíðsson, Nínu Tryggvadóttur, Svavar Guðnason og Þorvald Skúlason.

## Söngskemmtun

**21.00** Söngfjelagið stendur fyrir söngskemmtun og dansleik í Iðnó við Reykjavíkurtjörn. Þar verður vetur kvaddur með stæl og tekið fagnandi á móti sumri. Miðaverð er kr. 1.500.

## Kvikmyndir

**15.00** Kvikmyndahátíð heldur áfram á Borgarbókasafni, Tryggvagötu 15, þar sem sýndar verða stuttar sjónvarpsmyndir byggðar á hinum klassísku Grimms-ævintýrum. Fyrsta mynd dagsins er Mjallhvít (Schneewittchen), klukkan 16 verður sýnd myndin um Þyrnirós (Dornröschen)og klukkan 17 er það myndin Veðurnornin (Frau Holle).

## Uppákomur

**12.00** Hjólaratleikur fjölskyldunnar við styttur bæjarins verður haldinn í tilefni Barnamenningarhátíðar. Leikurinn hefst við Hörpu og lýkur í höggmyndagarði Ásmundar Sveinssonar við Sigtún. Þátttökuspjöld fást í afgreiðslu Hörpu.

**20.00** Meistaranemar í ritlist og hagnýtri ritstjórn standa fyrir Bókmenntahátíð stúdenta í Stúdentakjallaranum. Nemendur í ritlist lesa úr verkum sínum og Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur og ritstjóri stýrir barsvari (pubquiz) með spurningar úr heimi bókmenntanna í fyrirrúmi.

## Bókmenntir

**20.00** Jón Björnsson hefur umsjón með bókakaffi í Borgarbókasafni Reykjavíkur, Gerðubergssafni. Gluggað verður í samískar bókmenntir og bækur um Sama.

## Málþing

**08.45** Haldin verður ráðstefna um menningarlega minnihlutahópa í barna- og unglingabókum í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Öllum er velkomið að sitja fyrirlestra ráðstefnunnar endurgjaldslaust. Nánari upplýsingar á heimasíðunni conference.hi.is/campusculturae

## Dans

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Freyr.

## Tónlist

**20.00** Samkór Reykjavíkur verður með tónleika í Norðlingaskóla. Fjölbreytt efnisskrá og boðið upp á hressingu í hléi. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en frítt fyrir 16 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

**21.00** Robert the Rommate spilar á Café Rosenberg.

**22.00** Oddur Ingi, Mystery Boy & the Mystery Boyband og The Big Band Theory spila á efri hæð Faktorý. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Plötusnúðateymið Dusky stígur á svið á Volta, Tryggvagötu 22. Dusky til halds og trausts verður landslið íslenskra plötusnúða, þeir Óli Ofur, BenSol og CasaNova. Miðaverð er kr. 1.500 fyrir miðnætti en kr. 2.000 eftir miðnætti.

**23.00** Hljómsveitin Úlfarnir leikur á Sumardansleik Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1000.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*



**ÁRBÆJARSAFN**
**Flökkusýningin** Kjarval og Gullmávurinn/Ferðalag listmálara verður sett upp á Árbæjarsafni.


FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

VILTU MEIRA FYRIR MINNA?

Opin kerfi mælir með Office 365 Small Business Premium




Frábær Fujitsu vinnustöð
Fujitsu Esprimo E710 Intel i3-3220 vinnustöð.
Fujitsu L24T LED skjár.
**Microsoft Office 365** Small Business Premium sem gildir í 12 mánuði og fylgir notanda hvert sem er.




Tilboðsverð
**159.900**kr.
Númer tilboðs OK41347

OK búðin
Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | ok@ok.is | Sími 570-1000 | www.okbudin.is

# Áfengissýkin í burtu

Hætt var við að fjalla um áfengissýki Tonys Stark í þriðju Iron Man-myndinni sem er væntanleg í bíó. „Í fyrsta uppkastinu var Tony meiri rokk og ról týpa. Alkóhólismi er stórt vandamál en ég held að það sé ekki endilega besti „vondi karlinn“ í kvikmyndum,“ sagði handritshöfundurinn Drew Pearce.

Leikstjórinn Shane Black bætti við í viðtali við Comicbookmovie.com: „Kvikmyndaverið sagði okkur að Tony Stark ætti að vera auðjöfur og klikkaður gaur, og stundum vondur, en það passaði ekki að hann væri alkóhólisti.“



**EKKI ÁFENGISSJÚKUR** Robert Downey Jr. leikur Tony Stark í Iron Man 3.







www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# Gamla herstöðin er fullkominn staður

**Stofnandi tónlistarhátíðarinnar All Tomorrow´s Parties er mjög spenntur fyrir því að halda hana í fyrsta sinn á Íslandi. Hann segir dæmið vera borðleggjandi.**

Barry Hogan er stofnandi ensku tónlistarhátíðarinnar All Tomorrow´s Parties sem verður haldin í fyrsta sinn á Íslandi í lok júní. Á meðal hljómsveita sem stíga þar á svið eru Nick Cave and the Bad Seeds, Deerhoof, The Fall, The Notwist, Chelsea Light Moving, Thee Oh Sees, múm og Mugison. Hogan líst vel á að halda hátíðina á gamla varnarliðssvæðinu í Keflavík. „Tómas Young, samstarfsaðili okkar á Íslandi, hafði samband við okkur og benti okkur á gamla NATO-herstöð. Hann sagði að ef við hefðum áhuga á að halda ATP á Íslandi væri þetta rétti staðurinn,“ segir hann. „Við Deborah [Kee Higgins, samstarfs- og eiginkona Hogans] vorum á leiðinni til New York síðasta sumar og ákváðum að koma við á Íslandi til að skoða aðstæður og þær henta fullkomlega. Þetta er dálítið svipað og svæðið sem við erum með á Englandi. Það er allt til alls þarna. Þegar Bandaríkjamenn yfirgáfu svæðið fyrir sex til sjö árum skildu þeir allt eftir í góðu ásigkomulagi. Þarna er hljóðver, kvikmyndahús og bar,“ segir hann og er spenntur fyrir því að feta nýjar slóðir.

**20** Tuttugu flytjendur koma fram á Íslandi, þar af sjö erlendir.

„Margar íslenskar hljómsveitir hafa spilað á ATP. Sigur Rós kom fram á fyrstu hátíðinni og þá spilaði hún fyrir 500 pund. Ég held að Sigur Rós kosti eitthvað meira núna,“ segir Hogan og hlær. „Við erum miklir aðdáendur íslenskrar tónlistar og allir Íslendingarnir sem við höfum hitt hafa sýnt okkur mikinn stuðning, þannig að okkur fannst þetta alveg borðleggjandi dæmi.“

Hogan stofnaði All Tomorrow´s Parties árið 1999 og hélt hátíðina á sumarleyfissvæðinu Camber Sands í East Sussex á Englandi, þar sem hún hefur verið haldin allar götur síðan. „Þegar við byrjuðum voru ekki margar „alternative“-hátíðir í gangi. Það besta sem var í boði voru hátíðir eins og Reading. Þar var hægt að sjá bönd eins og Nirvana, Cop Shoot Cop og Royal Trux, sem var hið besta mál. En það voru kannski þrjár hljómsveitir af eitt hundrað sem voru góðar en restin var ekkert sérstök,“ fullyrðir hann. „Við vildum safna saman 30-40 uppáhaldssveitum í smærra umhverfi þar sem fólk getur til dæmis gist í herbergjum með salernisaðstöðu í stað þess að deila með sér klósetti. Þetta varð eiginlega til af nauðsyn því fólk var orðið þreytt á að fara á staði eins og Reading en það voru engir aðrir valkostir í boði. Það má segja að ATP hafi opnað flóðgáttir því núna virðast vera „alternative“-hátíðir úti um allt.“



**BARRY HOGAN** Stofnandi All Tomorrow´s Parties er mjög spenntur fyrir hátíðinni sem verður haldin á Íslandi í sumar. MYND/DEBORAH KEE HIGGINS

Frá árinu 2000 hefur All Tomorrow´s Parties breitt úr sér og verið haldin víðs vegar um Bretlandseyjar, auk þess að ferðast til Spánar, Ástralíu, Japans og Bandaríkjanna. Aðspurður segist Hogan ánægður með hvernig til hefur tekist. „Þetta hefur verið rússíbanareið, upp og niður en þetta hefur verið gaman. Við höfum unnið með mörgum góðum hljómsveitum og listamönnum, allt frá Portishead og Nick Cave til Ennio Morricone. Við erum mjög stolt af tónlistinni sem við höfum getað boðið upp á.“ Hann segir enga eina tónlistarstefnu fylgja hátíðinni heldur er aðalatriðið að músíkin sé góð. „Við getum verið með hipphopp, elektróník, teknó og indírokk. Svo lengi sem þetta er almennilegt tónlist viljum við bjóða upp á hana.“

> **Sigur Rós kom fram á fyrstu hátíðinni og þá spilaði hún fyrir 500 pund.**

Ef hátíðin gengur vel í sumar, kemur þá til greina að halda ATP á Íslandi aftur að ári? „Af hverju ekki? Ég hef bara einu sinni komið til Íslands og þá fannst mér mjög leiðinlegt að yfirgefa landið. Ég myndi vilja gera eins marga hluti þar og ég get. Ég hlakka mikið til að halda hátíðina á Íslandi. Við erum mjög ánægð með að Nick Cave and the Bad Seeds ætli að spila þar og þetta ætti að vera frábært í alla staði. Þetta er óvenjuleg staðsetning og dálítið úr leið fyrir marga en ef fólk gerir sér ferð á staðinn ætti það ekki að sjá eftir því.“

freyr@frettabladid.is

## Nick Cave og félagar í frábæru formi

Mikill fengur er að fá hina heimsfrægu Nick Cave and the Bad Seeds til Íslands. „Nick Cave spilaði á Íslandi 2006 og 2003 en hefur ekki spilað þar með Bad Seeds síðan 1986. Ég sá þá í Ástralíu fyrir skömmu og verð að segja að það eru einir bestu tónleikar sem ég hef séð með þeim. Þeir voru hreint út sagt magnaðir og Íslendingar sem kaupa miða á hátíðina eiga gott í vændum,“ segir Hogan.

Hann telur upp fleiri sveitir sem spila á ATP á Íslandi: „Thurston Moore úr Sonic Youth er með nýtt band sem heitir Chelsea Light Moving. Það er virkilega gott og hljómar eins og frá tímanum þegar Sonic Youth gaf út Daydream Nation, með dálítið miklum bassa. Svo verða þarna Deerhoof, The Notwist, hin goðsagnakennda The Fall með Mark E. Smith og Thee Oh Sees, sem er líklega eitt besta tónleikaband heims í dag. Ég er líka mjög spenntur fyrir heimaböndum eins og Ghostigital, múm og Mugison og er ánægður með að geta boðið upp á góðar íslenskar hljómsveitir.“






Opið sumardaginn fyrsta frá kl:13-18 á báðum stöðum.



Stærðir: 22-33
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-33
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-40
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 28-35
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-33
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-33
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-33
**Verð kr. 2.995.-**



Stærðir: 24-37
**Verð kr. 2.995.-**

Toppskórinn **Outlet**

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17

Toppskórinn *Markaður*

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| THE CALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE CALL LÚXUS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| LATIBÆR | KL. 4 | L |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 - 8 | 14 |
| SCARY MOVIE | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| OBLIVION | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| G.I JOE RETALATION 3D | KL. 10 | 12 |
| THE CROODS ÍSL. TAL 3D KL. 3.30 - 5.45 2D KL. 3.30 | | |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| THE CALL | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| LATIBÆR | KL. 6 | L |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| OBLIVION | KL. 6 - 9 | 12 |
| KAPRINGEN KL. 5.45 - 8 / SAFE HAVEN KL. 10.15 | | |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| FALSKUR FUGL | KL. 6 - 8 | 14 |
| OBLIVION | KL. 8 | 12 |
| GI JOE | KL. 10 | 16 |
| SCARY MOVIE 5 | KL. 6 - 10.15 | 14 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | 5.20, 8, 10.10, 10.40(P) | 12 |
| IRON MAN 3 2D | 7.30 | 12 |
| LATIBÆR | 4, 6 | L |
| OBLIVION | 5.30, 8 | 12 |
| SCARY MOVIE 5 | 10.30 | 14 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 3:40 - 5:20 - 6:20 - 8 - 9 - 10:40 - 11:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| BURT WONDERSTONE | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| SIDE EFFECTS | KL. 5:50 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 10 | 12 |
| THE CALL | KL. 8 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 7 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 9:40 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 10:30 | 16 |
| OBLIVION | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| OBLIVION | KL. 10:10 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 6 | L |




# Ástareldurinn logar

## Sem betur fer standast sum Hollywood-samböndin tímans tönn.

Blogg-kóngurinn Perez Hilton er duglegur að taka saman lista yfir skemmtilegar staðreyndir úr heimi Hollywood. Nú fyrr í mánuðinum tók hann saman lista yfir langlífustu samböndin þar á bæ. Innan um hjónaböndin sem endast í nokkra daga eða jafnvel klukkutíma leynast nokkur pör sem hafa staðið af sér lífsins ólgusjó.



Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas.



David og Victoria Beckham.



Elton John og David Furnish.



Tom Hanks og Rita Wilson.



Goldie Hawn og Kurt Russell.



Meryl Streep og Don Gummer.

### LANGLÍF SAMBÖND ENDA ÞÓ LÍKA

**Susan Sarandon** og **Tim Robbins** skildu árið 2009 eftir 21 árs samband.

**Johnny Depp** og **Vanessa Paradis** skildu árið 2012 eftir 14 ára samband.

**Heidi Klum** og **Seal** skildu árið 2012 eftir 9 ára samband.

**Demi Moore** var gift **Bruce Willis** í 13 ár og svo Ashton Kutcher í 6 ár.

**Maria Shriver** og **Arnold Schwarzenegger** skildu árið 2011 eftir 25 ára hjónaband.

**Danny DeVito** og **Rhea Perlman** skildu í lok síðasta árs eftir 43 ára samband, þar af þrjátíu ár í hjónabandi. Sögur herma þó að þau séu tekin saman aftur.

### FLEIRI LANGLÍF HOLLYWOOD-PÖR

Ben Affleck og Jennifer Garner – **9 ár**

Sacha Baron Cohen og Isla Fisher – **11 ár**

Beyoncé og Jay Z – **11 ár**

Sarah Michelle Gellar og Freddie Prinze Jr. – **13 ár**

William H. Macy og Felicity Huffman – **16 ár**

Sarah Jessica Parker og Matthew Broderick – **16 ár**

Tim McGraw og Faith Hill – **17 ár**

Melanie Griffith og Antonio Banderas – **18 ár**

Gwen Stefani og Gavin Rossdale – **18 ár**

David Bowie og Iman – **21 ár**

John Travolta og Kelly Preston – **22 ár**

Warren Beatty og Annette Bening – **22 ár**

Kevin Bacon og Kyra Sedgwick – **25 ár**

Oprah og Steadman – **27 ár**

Sting og Trudie Styler – **31 ár**

Ozzy og Sharon Osbourne – **34 ár**

# Bannar ljósmyndara

## Beyoncé vill ekki láta taka af sér ljótar myndir

Tónlistardívan Beyoncé hefur bannað alla utanaðkomandi ljósmyndara á tónleikum sínum en hún er þessa dagana á tónleikaferðalagi um heiminn. Ástæðan ku vera sú að hún vill ekki gefa neinum færi á að taka af sér ljótar myndir sem rata inn á myndabanka heimsins.

Í staðinn verða bara ljósmyndarar á vegum Beyoncé sem sjáum að mata myndabankana með myndum sem söngkonan hefur lagt blessun sína yfir. Samkvæmt vefmiðlinum Jezebel var Beyoncé víst ekki nógu ánægð með allar myndirnar sem voru teknar af henni er hún söng í hálfleik á Superbowl fyrr á árinu.


**STRANGAR REGLUR** Beyoncé bannar utanaðkomandi ljósmyndara á tónleikum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Andlit Dior

**Leikarinn Robert Pattinson er nýjasta andlit tískuhússins Dior og birtist innan skamms í sjónvarpsauglýsingum frá tískurisanum. Auglýsingarnar skarta Pattinson í aðalhlutverki ásamt þremur fyrirsætum.**



**Auglýsingarnar voru teknar upp síðasta sumar, bara nokkrum dögum eftir að upp komst um framhjáhald kærustu Pattinsons, Kristen Stewart, og leikstjórans Ruperts Sanders. Mun Pattinson hafa tekið vel í að vera náinn fyrirsætunum klæddur fatnaði frá Dior og greinir blaðið The Mirror frá því að auglýsingin eigi eftir að vekja mikla athygli þegar hún verður frumsýnd.**




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| ON THE ROAD | (16) | 20:00, 22:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 22:20 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |
| CHASING ICE | (L) | 17:30 |

# TIL HAMINGJU ÍSLAND !

**HljóðX hefur nú til útleigu eitt öflugasta hljóðkerfi landsins. JBL VTX skilar fullkominni dreifingu og krafti til áheyrenda.**




JBL PROFESSIONAL

## BÓKAÐU KERFIÐ STRAX Í SÍMA 553 3050

**Höfum einnig vandaða sviðsvagna til leigu fyrir bæjar- og útihátíðir. Auðveld uppsetning og flutningur á milli staða samdægurs.**

**Erum að taka við bókunum fyrir sumarið og haustið. JBL hljóðkerfið er notað á í mörgum af stærstu stærri útihátíðum heimsins. Tónlistarmenn sem velja þetta kerfi eru m.a. Metallica, Sting, Rihanna, Aerosmith, Santana, Lenny Kravitz, Roger Waters, Skrillex og Josh Groban.**

Hjá HljóðX er ein fullkomnasta mynd, hljóð, ljósa- og sviðsvagnaleiga landsins. Hafðu samband sem fyrst við tækjaleigu HljóðX í **síma 553 3050**.

HLJÓÐX

SPÁ FRÉTTABLAÐSINS 2013

pepsi deildin

hefst eftir **11** daga

## Keflavík hafnar í 11. sæti

Keflavík hefur leikið í efstu deild frá árinu 2004 en nú telur Fréttablaðið líkur á því að liðið leiki í næstefstu deild að ári. Liðið hefur misst markahæsta leikmann félagsins frá upphafi, Guðmund Steinarsson, og ólíklegt að serbneskur staðgengill hans fylli í skarðið.

Miðjan er skipuð efnilegum strákum sem munu þó sakna hörkutólsins Einars Orra Einarssonar sem glímir við meiðsli. Liðið mætir FH og KR í fyrstu leikjum sínum og hætt við því að slæm byrjun geti sett liðið út af laginu.



**➔ STJARNAN**

**Jóhann Birnir Guðmundsson**

Mikil ábyrgð hvílir á herðum Jóhanns sem verður 36 ára á árinu. Atvinnumaðurinn fyrrverandi þarf að eiga topptímabil og vera stoð og stytta ungu leikmannanna ef ekki á illa að fara í Keflavík.

**➔ ÞJÁLFARINN**



**Zoran Daníel Ljubicic** er 46 ára gamall og lék á sínum tíma 169 leiki í efstu deild. Á að baki eitt tímabil sem þjálfari í efstu deild (22 leikir, 8 sigrar, 43 prósent).

**➔ NÝJU ANDLITIN**

Halldór Kristinn Halldórsson (Valur)
Magnús Þórir Matthíasson (Fylkir)
Ray Anthony Jónsson (Grindavík)
Faed Gazibegovic (Slóveníu)
Marjan Jugovic (Barein)

**Fylgstu með þessum:** **Sigurbergur Elísson**–öflugur miðjumaður sem var loksins meiðslafrír í fyrra.

**➔ HVAÐ ER LANGT SÍÐAN...**

...liðið varð meistari–**40 ár** ...liðið var inn á topp 3–**5 ár** ...liðið varð bikarmeistari–**7 ár** ...liðið féll úr efstu deild–**11 ár** ...liðið skoraði flest mörk í deildinni–**5 ár** ...liðið skoraði minna en 20 mörk á einu tímabili–**15 ár**.

**➔ EINKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFARINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ **ÍSLANDSMEISTARI: 4 SINNUM (SÍÐAST 1973)** **BIKARMEISTARI: 4 (2006)**




# Var röng ákvörðun

Í ágúst árið 2011 gaf handknattleiksdeild Stjörnunnar út tilkynningu um að draga kvennalið sitt úr N1-deild kvenna. Nú, innan við tveimur árum síðar, er liðið komið í lokaúrslit um Íslandsmeistaratitilinn eftir fjögurra ára fjarveru.

**HANDBOLTI** Stjarnan vann frækinn sigur á Íslands-, deildar- og bikarmeisturum Vals í undanúrslitum úrslitakeppni N1-deildar kvenna í fyrrakvöld. Árangurinn er ekki síst merkilegur í því ljósi að fyrir tæpum tveimur árum síðan var tekin ákvörðun um að draga kvennalið Stjörnunnar úr keppni í N1-deild kvenna.

Stuttu síðar var hætt við þá ráðagerð og skipt um hluta af stjórn handknattleiksdeildarinnar. Ragnheiður Traustadóttir tók við formannsstarfinu en undir hennar stjórn hafa bæði karla- og kvennalið félagsins náð frábærum árangri.

„Það er svo flókin saga sem býr þarna að baki að ég veit ekki hvort ég geti útskýrt í stuttu máli af hverju það var ákveðið að draga liðið úr keppni á þessum tíma," sagði Ragnheiður í samtali við Fréttablaðið í gær. „Sennilega var það bara fyrst og fremst röng ákvörðun sem var tekin. Engu að síður stóðum við þá frammi fyrir því að hafa misst markvörðinn okkar [Florentinu Stanciu, sem fór til ÍBV] tveimur vikum fyrir tímabil. Það var stóra málið og þá var allt í einu farið að velta því fyrir sér hvort við gætum verið með samkeppnishæft lið."

Liðið tók þó þátt í N1-deild kvenna af fullum krafti í fyrra og komst þá í úrslitakeppnina eftir að hafa lent í fjórða sæti deildarinnar, rétt eins og nú. Þá steinlá liðið hins vegar fyrir verðandi meisturum Vals með samtals 36 mörkum í þremur leikjuum.

Nú gerðu Stjörnustúlkur sér lítið fyrir og unnu Val í oddaleik í Vodafone-höllinni, þar sem þær rauðklæddu hafa vart tapað leik undanfarin ár.

Ragnheiður segir að ákvörðunin á sínum tíma hafi verið ákveðið skipsbrot fyrir handboltann í Garðabæ. En eftir skjót viðbrögð hafi starfið gengið mjög vel.



**FAGNAÐ** Hanna G. Stefánsdóttir er lykilmaður í liði Stjörnunnar. Í bakgrunni er þjálfarinn Skúli Gunnsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það hefur verið mikil aukning í iðkendafjölda, um 20-30 prósent, og þá sérstaklega í kvennaflokkunum sem ég hef haft sérstakan áhuga á. Mér finnst kvennaboltinn hafa staðið víða í stað en undanfarið hefur verið breyting á því. Við vorum til dæmis með 40 prósenta aukningu í 5. flokki kvenna en það eru ótrúlegar tölur," segir Ragnheiður.

Hún bætir við að margt hafi komið til og stuðlað að þessum góða árangri. Til dæmis hafi liðið styrkt sig með öflugum leikmönnum og sé að toppa á réttum tíma. Þá hafi ráðning Skúla Gunnsteinssonar í starf þjálfara verið happaskref en Skúli, sem er gamall og gegn Garðbæingur, sneri aftur í þjálfun í fyrsta sinn í tólf ár, eftir að hann hætti með Aftureldingu árið 2000.

„Skúli flutti aftur heim til Íslands í fyrra eftir að hafa búið í Svíþjóð um árabil og okkur fannst spennandi að prófa hann. Hann var auðvitað farsæll þjálfari og leikmaður á sínum tíma. Svo erum við með sterkan aðstoðarþjálfara í Ingu Fríðu Tryggvadóttur auk þess sem Roland Eradze hefur verið markvarðaþjálfari í fimm ár. Við höfum verið með gott fólk í kringum okkur sem hefur skipt höfuðmáli," segir Ragnheiður.

Stjarnan mætir nú Fram í lokaúrslitum N1-deildar kvenna en rimman hefst í Safamýrinni á morgun kl. 15. eirikur@frettabladid.is

# Kvartanir KR-inga hlægilegar

KR og Keflavík eigast við í öðrum úrslitaleik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn.

**KÖRFUBOLTI** Í kvöld fer fram annar leikur KR og deildarmeistara Keflavíkur um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta kvenna. Keflavík er með 1-0 forystu eftir sigur á heimavelli um helgina en leikurinn fer fram í vesturbæ Reykjavíkur í kvöld.

„Við dvöldum ekki lengi við þetta tap," sagði Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari KR. „Þetta var bara fyrsti leikurinn. Við ætlum að vinna okkar leiki á heimavelli og taka svo einn í Keflavík."

Eftir leik á laugardaginn kvartaði Finnur Freyr undan Keflvíkingum og sakaði þá um að hafa spilað of hart á Shannon McCallum, helstu stjörnu KR-liðsins.

„Hún var hökkuð í spað og henni var ýtt og haldið frá boltanum allan leikinn. Það var samt ekki ein einasta villa dæmd á það," sagði Finnur við Vísi eftir leik. Hann sagði svo í gær að þetta hefði ekki verið neitt nýtt.

„Þetta hafa liðin gert síðustu mánuði eða tvo. Þau hafa komist upp með að spila fullfast á hana miðað við aðra leikmenn í deildinni," sagði Finnur.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, gaf lítið fyrir þessar ásakanir. „Það er bara hlægilegt," sagði Sigurður sem var vitanlega ánægður með sigurinn, þó svo að það sé ávallt hægt að gera betur.

„Við getum spilað betur, sérstaklega miðað við sóknarleik okkar í fyrri hálfleik. Fráköst og tapaðir boltar hafa líka verið að stríða okkur og við getum bætt okkur þar líka."

Finnur segir vandamál KR-inga vera fyrst og fremst í hugarfarinu. „Við þurfum að halda haus betur en við gerðum síðast. Þá vorum við í séns í 28 mínútur en misstum þá hausinn og komumst ekki til baka. Keflavík er með gríðarlega vel mannað lið en ég hef fulla trú á sigri," sagði Finnur. - esá



**LYKILMAÐUR** Shannon McCallum í leik með KR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


MIÐVIKUDAGURINN 24. APRÍL
Ódýrast!
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur
Ofurdagur
ORKAN
10kr.
afsláttur af
lítranum í dag*
Ath!
Öll Skeljungskort gilda
líka á Orkustöðvunum.
Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði
á 67 Orku- og Shellstöðvum um allt land
Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.
Sæktu um Orkulykilinn í dag á www.orkan.is
ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!
*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.
Símanúmer þjónustuvers: 578 88 00

SPÁ FRÉTTABLAÐSINS 2013

pepsi deildin

hefst eftir **11** daga

## Þór Ak. hafnar í 10. sæti

Eftir ársdvöl í næstefstu deild eru Þórsarar mættir til leiks á nýjan leik í Pepsi-deild karla. Reynsluleysi varð liðinu að falli sumarið 2011 þegar flestir töldu liðið eiga skilið að halda sæti sínu.

Eftir rólega byrjun fóru Þórsarar á flug seinni hluta móts í fyrra. Liðið vann síðustu níu leiki sína og munaði miklu um komu framherjans Chukwudi Chijindu sem gæti endurnýjað kynnin við Þór í sumar.

Þórsarar hafa aðeins bætt við sig leikmönnum, hafa á að skipa einni bestu stuðningssveit landsins og eru reynslunni ríkari en árið 2011.



### ➜ STJARNAN

**Joshua Wicks**

Bandaríski markvörðurinn hélt hreinu í fjórum leikjum af sjö seinni hluta síðasta sumars. Þarf að vera í stuði á milli stanganna til að Þórsarar haldi sæti sínu.

### ➜ ÞJÁLFARINN



**Páll Viðar Gíslason** er 43 ára gamall og á sínu fjórða tímabili með liðið. Hann hefur komið Þór tvisvar sinnum upp í efstu deild. Á að baki eitt tímabil sem þjálfari í efstu deild (22 leikir, 6 sigrar, 34 prósent).

### ➜ NÝJU ANDLITIN

Edin Beslija (Víkingur Ó.)
Hlynur Atli Magnússon (Fram)
Jóhann Þórhallsson (Fylkir)
Mark Tubæk (BÍ/Bolungarvík)

**Fylgstu með þessum:**
**Mark Tubæk** – Skoraði sex mörk í ellefu leikjum með BÍ/Bolungarvík í fyrra.

### ➜ HVAÐ ER LANGT SÍÐAN...

... liðið hélt sér í deildinni – **20 ár** ... liðið var inni á topp 3 – **21 ár** ... liðið komst í bikarúrslitaleikinn – **2 ár** ... liðið spilaði í C-deild – ... liðið fékk á sig fæst mörk í deildinni – 21 ár ... liðið var neðar en KA – 4 ár.

**➜ EINKUNNASPJALDIÐ** VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ ÞJÁLFARINN ★★★★★ BREIDDIN ★★★★★ **ÍSLANDSMEISTARI: Aldrei** **BIKARMEISTARI: Aldrei**

# Bayern slátraði Barca

Bayern München lék sér að Barcelona í Þýskalandi.

**FÓTBOLTI** Bayern München er komið með annan fótinn í úrslit Meistaradeildar Evrópu eftir ótrúlegan 4-0 sigur á Barcelona í gær. Þetta var fyrri leikur liðanna í undanúrslitum keppninnar.

Barcelona hefur verið besta lið Evrópu undanfarin ár en það má jafnvel tala um valdaskipti eftir þennan leik. Yfirburðir heimamanna voru algjörir og Barcelona sá aldrei til sólar.

Staðan var aðeins 1-0 í hálfleik en Bayern hefði hæglega getað skorað fleiri mörk á meðan Barcelona kom ekki einu skoti á markið.

Markaregnið kom aftur á móti í síðari hálfleik þegar Bæjarar hreinlega gerðu grín að Börsungum. Sundurspiluðu þá fram og til baka og röðuðu inn mörkum.

Frækin frammistaða hjá liðinu sem verður lengi í minnum höfð. **- hbg**



**SLAKUR** Messi sást ekki í leiknum. NORDICPHOTOS/GETTY


VIKUTILBOÐ
KÆLI/FRYSTISKÁPUR
30% AFSLÁTTUR
TILBOÐ KR: 97.900.-
ÁÐUR KR: 139.900.-
RK61810W
Litur: Hvítur
Hæð: 180 cm.
Stærð kælis: 230 lítrar
Stærð frystis: 92 lítrar.
Hljóðstig: 40 dB(A)
Orkunýtni: A+
5 ÁRA ÁBYRGÐ
Reykjavík • Skútuvogi 1 • Sími: 562 4011
Akureyri • Draupnisgata 2 • Sími: 4600 800
Reyðarfjörður • Nesbraut 9 • Sími: 470 2020
RÖNNING




# Mun salan á Götze trufla lið Dortmund?

Tilkynnt var um sölu á stærstu stjörnu Dortmund, Mario Götze, til Bayern München degi fyrir stórleik liðsins gegn Real Madrid í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Ekki besti undirbúningurinn fyrir stærsta leik ársins hjá félaginu.

**FÓTBOLTI** Leikmenn Borussia Dortmund mæta fullir sjálfstrausts í leikinn gegn Real Madrid í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Liðin mættust í riðlakeppninni fyrr í vetur og þá vann Dortmund heimaleikinn sinn, 2-1, og nældi sér síðan í jafntefli, 2-2, á útivelli.

Jürgen Klopp, þjálfari liðsins, var líka ánægður með dráttinn og sagði að það væri gott að mæta liði sem Dortmund hefði þegar tekist að vinna í vetur.

Í gær láku út þau stórtíðindi að stjarna Dortmund-liðsins, Mario Götze, hefði verið seld til erkifjendanna í Bayern München. Það gæti truflað undirbúning liðsins og tíðindin voru klárlega ekki til þess að kæta stuðningsmenn liðsins.

„Götze er að fara af því að hann var efstur á óskalista Peps Guardiola. Hann vill spila fyrir hann. Ef þetta er einhverjum að kenna þá er það mér að kenna. Ég get ekki minnkað mig um 15 sentímetra og farið að tala spænsku," sagði Klopp þjálfari og var eðlilega ekkert allt of kátur með að missa Götze.

„Ég vissi af þessu daginn eftir sigurinn gegn Malaga. Ég get fullvissað alla um að þetta mun ekki hafa áhrif á okkar einbeitingu. Ég vona að stuðningsmenn okkar jafni sig á þessum tíðindum og standi þétt við bakið á okkur því við erum í einstakri aðstöðu til þess að gera frábæra hluti."

Talsvert var gert með feluleik Barcelona í gær um það hvort Lionel Messi myndi spila í gær eða ekki. Mourinho stóð ekki í neinu slíku á blaðamannafundi í gær og gaf út byrjunarliðið sitt.

„Þið viljið vita hvernig liðið verður, er það ekki? Ekkert mál. Í liðinu verða Diego Lopez, Sergio Ramos, Raphael Varane, Pepe, Fabio Coentrao, Sami Khedira, Xabi Alonso, Cristiano Ronaldo, Angel di Maria og Gonzalo Higuain," sagði Mourinho brattur.

„Di Maria var að eignast dóttur í dag en getur spilað þó svo að hann sé í erfiðu andlegu ástandi."

Flestir spá því að Real Madrid muni fara í úrslitaleikinn en Mourinho ber mikla virðingu fyrir liði Dortmund.

„Ég er í undanúrslitum í sjötta skipti. Það búast allir við slíku frá mér. Þessi fjögur lið, plús Man. Utd og Juventus, eru bestu lið Evrópu. Öll þessi lið eiga möguleika og það er erfitt að spá í það hvernig þetta fer allt saman," sagði Portúgalinn en hann vildi lítið tjá sig um Mario Götze. **henry@frettabladid.is**



**Í SVIÐSLJÓSINU** Það er spurning hvort Mario Götze spilar með Dortmund í kvöld í ljósi þess að hann er á leiðinni til Bayern. NORDICPHOTOS/AFP

### Útsláttarkeppnin

**Sextán liða úrslit**
Shaktar-Dortmund 2-2
Dortmund-Shaktar 3-0

**Átta liða úrslit**
Malaga-Dortmund 0-0
Dortmund-Malaga 3-2

**Sextán liða úrslit**
Real-Man. Utd 1-1
Man. Utd-Real 1-2

**Átta liða úrslit**
Real-Galatasaray 3-0
Galatasaray-Real 3-2




Femmenessence
Finnur þú fyrir breytingaskeiðseinkennum?
20% kynningar afsláttur*
Prófaðu nýja Femmenessence
100% náttúruleg vara unnin úr maca-rót. Rannsóknir sýna að Femmenessence getur bætt líðan kvenna á breytingaskeiði.
Femmenessence styður við og nærir eigin hormónaframleiðslu líkamans
*Tilboðið gildir til 30.apríl
LYFJA Apótekið heilsuhúsið


# Tyson styður Suarez

Mike Tyson fylgist vel með Luis Suarez á Twitter.

**FÓTBOLTI** „Hann beit einhvern. Svona lagað gerist," sagði hnefaleikakappinn Mike Tyson um umtalað atvik sem kom upp í enska boltanum um helgina.

Luis Suarez, leikmaður Liverpool, beit Chelsea-manninn Branislav Ivanovic í leik liðanna um helgina. Það er ekki í fyrsta sinn sem Suarez notar tennurnar en hann fékk níu leikja bann fyrir að bíta andstæðing í leik með Ajax í Hollandi árið 2010.

Tyson sá umræðu um atvikið á Twitter og byrjaði þá að „elta" Suarez þar. Hann hefur greinilega skilning á málinu enda frægt þegar Tyson beit hluta af eyra Evanders Holyfield í bardaga þeirra árið 1997.

„Ég náði sáttum við Evander og við héldum báðir áfram með líf okkar. Ég er viss um að Suarez gerir það sama," sagði Tyson í útvarpsviðtali í Bandaríkjunum.

„Ég sá þennan Suarez-gaur á þessari Twitter-síðu og ákvað að kanna málið betur," sagði Tyson enn fremur. **- esá**



**MIKE TYSON**



Sumargjöfin sem hittir í mark
Fótboltasokkar frá
STANNO
Nike Mercurial Victory CR og
Nike Mercurial Lite
KSÍ
Landsliðtreyja
Íslands
Verum íslensk í sumar :-)
Pepsideildar-
boltinn
mitre
Ultimax
adidas
Messi F50
mitre
Ciero
Fótboltamark í garðinn
STANNO
Frábær æfingafatnaður
í fótboltann
Jói útherji
www.joiutherji.is
Opið:
Í dag 24 apríl til 18:30
Sumardaginn fyrsta
frá 11:00 - 16:00
Ekki gleyma sumrinu
mikið
úrval
Nike og adidas
takkaskór
Spennandi aukahlutir
Hetjukönnur
Mikið úrval af könnum
TRUSOX
Þessir spila í
Trusox:
-Gerrard
-Bale
-Sturridge
-Lennon
-Fellaini
-Suarez
o.fl. o.fl. o.fl.
Markmannshanskar
adidas F50 GK
Nike JR GK
Stanno
Ultimate Grip
Töskur og
bakpokar
Þú finnur okkur
líka á facebook
Sumargjöfin sem skorar í allt sumar
Ármúla 36 - 108 Reykjavík - s. 588-1560 - joiutherji@joiutherji.is - www.joiutherji.is

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 Sport kl. 18.30**

**Meistaradeild Evrópu**

Bein útsending frá leik Borussia Dortmund og Real Madrid í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Þetta er fyrri viðureign liðanna og má búast við miklu fjöri. Þorsteinn J. og gestir hefja upphitun klukkan 18.00 og verða með ítarlega umfjöllun um öll markverðustu atriði leiksins strax í leikslok.

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

**DÖGG MÓSESDÓTTIR,** KVIKMYNDAGERÐARKONA OG FORMAÐUR WIFT.

**RÚV í uppáhaldi**

„Ég horfi á sjónvarp í tölvunni og þá sérstaklega á RÚV. Ég horfi svo á annað sjónvarpsefni og -þætti á síðum á borð við Filma.is.“



**RÚV KL. 19.00**



1 **Fréttir** „Ég reyni yfirleitt að horfa á sjö-fréttirnar.“

**RÚV KL. 21.05**



2 **Kiljan** „Mér finnst gaman að fylgjast með því nýjasta í bókmenntum og horfi því stundum á Kiljuna.“

**RÚV KL. 22.55**



3 **Tsjernobyl að eilífu** „Ég skammta mér tíma í sjónvarpsáhorf. Ef ég á enn inni tíma mun ég eflaust horfa á þessa heimildarmynd.“

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hlustarinn **15.25** „Um miðja grímu margt ég ríma“ **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Sjúkdómsgreining: Ást **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.00 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(Húmanistaflokkurinn) (e)*
**15.30 Sjónvarpsleikhúsið: Ráðhúsið – Ráðhúsið** *(Playhouse Presents: City Hall) (e)*
**15.55 Skólahreysti** *(e)*
**16.40 Læknamiðstöðin** *(5:22) (Private Practice V) (e)*
**17.25 Franklín**
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Brúnsósulandið** *(6:8) (Landet brunsås)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Martin læknir** *(5:8) (Doc Martin 5)*
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** *(Flokkur heimilanna)* Pétur Gunnlaugsson situr fyrir svörum um stefnumál Flokks heimilanna. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.55 Tsjernóbyl að eilífu** *(Chernobyl 4Ever)* Frönsk heimildamynd um slysið í kjarnorkuverinu í Tsjernobyl í Úkraínu árið 1986 og afleiðingar þess.
**23.55 Lesarinn** *(The Reader)* Óskarsverðlaunamynd frá 2008. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.55 Kastljós** *(e)*
**02.15 Fréttir**
**02.25 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.20 Cyrus**
**13.50 Cars 2**
**15.35 Main Street**
**17.10 Cyrus**
**18.40 Cars 2**
**20.25 Main Street**
**22.00 Beyond A Reasonable Doubt**
**23.45 The Expendables**
**01.25 The Road**
**03.15 Beyond A Reasonable Doubt**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** *(12:22)*
**08.30 Ellen** *(130:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(66:175)*
**10.15 Hank** *(8:10)*
**10.40 Cougar Town** *(14:22)*
**11.05 Privileged** *(15:18)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(8:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Suits** *(7:12)*
**13.45 Chuck** *(6:13)*
**14.30 Last Man Standing** *(7:24)*
**14.50 Hot In Cleveland** *(10:10)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** *(8:23)*
**16.05 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(131:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Kappræður oddvitanna** Oddvitar stærstu sex flokka í Reykjavíkurkjördæmi suður sitja fyrir svörum fréttamanna Stöðvar 2 í opinni dagskrá.
**19.50 New Girl** *(11:24)*
**20.10 Go On** *(13:22)*
**20.35 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** *(6:8)*
**21.05 Drop Dead Diva** *(13:13)*
**21.50 Red Widow** *(5:8)*
**22.35 Philantropist** *(1:8)* Mögnuð þáttaröð sem segir frá milljarðamæringnum og glaumgosanum Teddy Rist, sem lifir skrautlegu lífi í skugga sorgar, en hann missti einkabarnið sitt.
**23.20 NCIS** *(18:24)*
**00.05 Grimm** *(2:22)*
**00.50 Sons of Anarchy** *(6:13)*
**01.35 The Closer** *(17:21)*
**02.20 Bones** *(12:13)*
**03.05 Fringe** *(4:22)*
**03.50 Southland** *(4:6)*
**04.35 Drop Dead Diva** *(13:13)*
**05.20 Fréttir**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**15.05 Meistaradeild Evrópu. Bayern - Barcelona**
**16.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**17.30 Spænsku mörkin**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Dortmund - Real Madrid** BEINT
**20.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**21.10 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Dortmund - Real Madrid**
**23.20 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 Liverpool - Chelsea**
**16.05 Football League Show 2012/13** Svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**16.35 West Ham - Wigan**
**18.15 Sunderland - Everton**
**19.55 Premier League Review Show 2012/13** Svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Sunnudagsmessan**
**22.05 Burnley - Cardiff**
**23.45 Man. Utd. - Aston Villa**

### krakkar

**13.35 Svampur Sveinsson**
**14.00 Könnuðurinn Dóra**
**14.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**14.45 UKI**
**14.55 Strumparnir**
**15.19 Histeria!**
**15.44 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.09 Ofurhundurinn Krypto**
**16.34 Lukku Láki**
**17.00 Njósnaskólinn** *(7:13)*
**17.25 Ofurhetjusérsveitin**
**17.50 iCarly** *(37:45)*
**18.15 Bernard**

### POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(11:22)* Bart uppgötvar neyðarlega sjónvarpsauglýsingu sem hann lék í sem krakki.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(3:10)*
**19.00 Friends** *(6:24)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(13:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(25:25)*
**20.10 The Cleveland Show** *(1:22)* Skemmtilegir teiknimyndaþættir um líf Cleveland-fjölskyldunnar.
**20.35 Funny or Die** *(2:10)* Önnur serían af þessum sprenghlægilegu sketsaþáttum frá Will Arnett og HBO byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.00 FM 95BLÖ** Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.25 Arrow** *(15:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.
**22.05 Dollhouse** *(10:13)* Önnur sería þessara spennuþátta.
**22.50 The Cleveland Show** *(1:22)*
**23.15 Funny or Die** *(2:10)*
**23.35 FM 95BLÖ**
**00.00 Arrow** *(15:23)*
**00.40 Dollhouse** *(10:13)*
**01.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

### GULL

**18.20 Doctors** *(18:175)*
**19.00 Ellen** *(131:170)*
**19.40 Einu sinni var** *(2:22)*
**20.10 Örlagadagurinn** *(12:14)*
**20.40 Krøniken** *(13:22)*
**21.45 Ørnen** *(13:24)*
**22.50 Einu sinni var** *(2:22)*
**23.20 Örlagadagurinn** *(12:14)*
**23.50 Krøniken** *(13:22)*
**00.50 Ørnen** *(13:24)*
**01.55 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 Dynasty** *(16:22)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Design Star** *(4:10)*
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 Once Upon A Time** *(16:22)*
**18.45 Everybody Loves Raymond** *(13:25)*
**19.10 Will & Grace** *(17:24)*
**19.35 America's Funniest Home Videos** *(4:44)*
**20.00 Megatíminn - BEINT** *(5:7)* Einn galnasti þáttur landsins þar sem áhorfendur geta unnið allt milli himins og jarðar í beinni útsendingu með því aðeins að senda sms. Þáttastjórnandi er hinn geðþekki Sóli Hólm.
**21.00 Solsidan** *(5:10)* Freddie og Mickan hyggja á fjölgun mannkyns en hinn fyrrnefndi guggnar þegar á hólminn er komið.
**21.25 Blue Bloods** *(9:22)* Vinsælir bandarískir þættir um líf Reagan fjölskyldunnar í New York.
**22.10 Law & Order UK** *(11:13)* Þættir um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum.
**23.00 Falling Skies** *(9:10)* Hörkuspennandi þættir úr smiðju Stevens Spielberg.
**23.45 The Walking Dead** *(11:16)*
**00.35 XIII** *(13:13)*
**01.20 Lost Girl** *(4:22)*
**02.05 Excused**
**02.30 Blue Bloods** *(9:22)*
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** RBC Heritage **2013** *(3:4)* **12.40** Golfing World **13.30** RBC Heritage **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour *(16:47)* **19.10** Ryder Cup Official Film **1999 20**.40 Champions Tour - Highlights *(6:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(17:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(16:45)* **23.45** ESPN America

### ÍNN

**20.00** Björn Bjarna **20.30** Björn Bjarna **21.00** Framboðsþáttur **21.30** Framboðsþáttur

**ÚTVARP** **FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is

**Sendum hvert sem er á höfuðborgarsvæðinu innan 90 mín.**

# UNDER ARMOUR
# Á HEIMKAUP.IS
# 24.–28. APRÍL



PIPAR\TBWA • SÍA • 131331



**30%**
afsláttur
*Gildir til sunnudags*

UNDER ARMOUR

**UNDER ARMOUR
VICTORY HLÝRABOLUR**
Hlýrabolur í mörgum litum. Bolurinn er aðsniðinn og situr því þétt upp að húðinni án þess að þrýsta á hana.

**3.490** kr.
~~Verð áður 4.990 kr.~~

**Frí**
heimsending hvert á land sem er
*Gildir til sunnudags*




**40%**
afsláttur
*Gildir til sunnudags*

UNDER ARMOUR

**UNDER ARMOUR O SERIES BOXER**
Teygjast, aðlagast, haldast á sínum stað. Vinsælasta vara Under Armour frá upphafi.

**2.890** kr.
~~Verð áður 4.790 kr.~~

**PANTAÐU Á NETINU EÐA MÆTTU Á STAÐINN!**

HEIMKAUP
*– allt í einum smelli*

heimkaup.is / Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

**VORBOÐINN**



**Það er þegar ég finn ilminn af nýslegnu grasi, þá veit ég að það er komið vor.**

Íris Hrund Þórarinsdóttir tónlistarkona.

# Íslendingar eru vinalegir og glaðværir

Breski ljósmyndarinn Tom Mills og fjölskylda hans eru miklir Íslandsvinir. Synir hans bera íslensk nöfn.

Breski ljósmyndarinn Tom Mills og fjölskylda hans eru miklir Íslandsvinir og hafa heimsótt landið reglulega frá 2004. Tveir synir Mills-hjóna bera jafnframt rammíslensk nöfn.

„Ég heimsótti Ísland fyrst í janúar árið 2004. Þá var allt á kafi í snjó og þrátt fyrir að hafa leigt jeppa komumst við ekki á alla þá staði sem við vildum heimsækja. Ég var ákveðinn í að koma aftur og skoða landið betur og sú tilfinning hefur enn ekki liðið mér úr brjósti þrátt fyrir fjölda heimsókna," segir Tom Mills um fyrstu heimsókn sína til landsins. Hann segir íslenskt landslag síbreytilegt og á erfitt með að gera upp við sig hvaða árstími sé bestur fyrir Íslandsheimsókn. „Á veturna er hægt að sjá norðurljósin og á sumrin gefst manni kostur á að ferðast um hálendið sem á sér enga hliðstæðu í heiminum. Íslendingar eru jafn heillandi og náttúran; vinalegir og glaðværir. Mér var sagt að vinátta við Íslending myndi endast út ævina og það hefur reynst satt."

Synir Mills-hjónanna bera báðir íslensk goðanöfn og heita Loki Gunnar og Óðinn Gunnar. Tom viðurkennir að hjónin hafi hug á að flytja til Íslands í framtíðinni og að það hafi haft áhrif á nafnavalið. „Það er draumur að flytja til Íslands í framtíðinni og okkur þótti skemmtilegt að strákarnir hétu íslenskum nöfnum í stað nafna á borð við Steve eða Dave," segir hann að lokum. - sm



**ÍSLANDSVINIR** Tom og Natasha Mills ásamt börnum sínum. MYND/TOM MILLS






# Leiklistarbakterían fjölskylduveira

Róbert Óliver Gíslason hefur fengið inngöngu í hinn virta leiklistarskóla Stella Adler í Los Angeles. Róbert er kominn af mikilli leikarafjölskyldu þar sem hann er yngsti sonur Eddu Björgvinsdóttur og Gísla Rúnars Jónssonar.

„Ég ætlaði aldrei að verða leikari og stóð fastur á þeirri ákvörðun minni þangað til fyrir tveimur árum," segir hinn tvítugi Róbert Óliver Gíslason, sem hefur fengið inngöngu í hinn virta leiklistarskóla Stella Adler, Academy of Acting and Theater, í Los Angeles.

Róbert heldur út í ágúst en námið er þriggja ára BA-nám. Hann ætlaði aldrei að leiðast út á leiklistarbrautina þrátt fyrir að vera kominn af mikilli leiklistarfjölskyldu. Foreldrar hans eru leiklistarfólkið Edda Björgvinsdóttir og Gísli Rúnar Jónsson og bróðir hans er leikarinn Björgvin Frans Gíslason.

„Ég hef verið spurður svona átta billjón sinnum yfir ævina hvort ég ætli ekki að feta í fótspor fjölskyldunnar en alltaf neitað. Svo fyrir svona tveimur árum skráði ég mig á leiklistarnámskeið og þá varð ekki aftur snúið. Held að ég geti ekki flúið þetta lengur," segir Róbert, sem vinnur sem vaktstjóri á Tokyo Sushi í Glæsibæ. „Foreldrar mínir eru voða spenntir fyrir mína hönd þó að þetta hafi komið þeim svolítið á óvart."

Í skólanum fetar Róbert í fótspor heimþekktra leikara á borð við Marlon Brando, Robert De Niro og Sölmu Hayek. Ekki er hefðbundið inntökuferli inn í skólann en Róbert segir fyrsta árið vera í raun eitt stórt inntökupróf. „Maður þarf að vera á tánum allan tímann því að skólinn getur rekið mann eftir fyrsta árið. Ég hef farið í eitt viðtal í gegnum Skype en þar var í raun bara verið að athuga með tungumálið," segir Róbert sem er með bandaríska hreiminn á hreinu þar sem hann dvaldi eitt ár með föður sínum í Bandaríkjunum þegar hann var 14 ára. „Bróðir minn er búsettur með fjölskyldu sinni í Minneapolis en það er fínt að vita af honum þarna því að ég fer út einn."

Róbert hefur talað inn á um 300 barnaþætti um Dodda í Leikfangalandi. alfrun@frettabladid.is



**SPENNTUR** Róbert Óliver Gíslason hefur smitast af leiklistarbakteríunni frá foreldrum sínum, Eddu Björgvinsdóttur og Gísla Rúnari Jónssyni, en hann heldur til Los Angeles í leiklistarnám í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fyrrverandi nemendur í Stella Adler-leiklistarskólanum:

- Marlon Brando
- Salma Hayek
- Robert De Niro
- Benicio Del Toro
- Antonio Banderas
- Melanie Griffith
- Richard Dreyfuss
- Holland Taylor



# Financial Times hrífst af Yrsu

Mælir með draugasögunni Ég man þig ef fólk vill láta halda fyrir sér vöku.

„Ef þú vilt láta halda fyrir þér vöku, þá mæli ég með Ég man þig eftir Yrsu Sigurðardóttur," segir Christopher Fowler, gagnrýnandi breska viðskiptablaðsins Financial Times.

Fowler fjallar um Ég man þig í umsögn um Nordic Noir, yfirlitsriti yfir norrænar glæpasögur eftir Barry Forshaw.

Bók Forshaw kom nýverið út í Bretlandi þar sem hann fer yfir þennan geira bókmenntanna. Gagnrýnandinn segir að margir þeirra sem þekkja ekki til norrænna glæpasagna byrji á bókum Maj Sjövall og Per Wahlöö um Martin Beck og flytji sig síðan yfir í Stieg Larsson. Hann segir Forshaw fjalla um þríleik Larssons en líka um keppinauta hans og arftaka og hið myrka afl sem býr í norrænum sögum.

Þess má geta að Forshaw birti á sínum tíma ítarlegan dóm um Ég man þig í blaðinu The Independent. Þar sagði hann að Yrsa væri „jafnoki höfunda á borð við Stephen King þegar kemur að því að skapa óhugnað og ótta". - fb

➜ Yrsa er á ferð um Þýskaland að kynna Brakið. Hún kom fram í Hamborg í gærkvöldi og verður í München í kvöld.



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Gagnrýnandi Financial Times skrifar um Ég man þig.

CCP®

# EVE FANFEST 2013

## TÍU ÁRA AFMÆLI EVE, HARPA 24. - 27. APRÍL

CCP fagnar 10 ára afmæli EVE heimsins á Fanfest hátíðinni um helgina. Á þessum tímamótum viljum við þakka hátíðargestum, samstarfsaðilum og þjónustuaðilum í Reykjavík og nágrenni kærlega fyrir samleiðina á fyrsta áratug hátíðarinnar.

Framundan er stærsta Fanfest hátíðin til þessa. Um tvö þúsund erlendir gestir eru byrjaðir að streyma til landsins og við vonumst til að landsmenn taki á móti þeim af sömu gestrisni og undanfarin ár.

Enn eru aðgöngumiðar fáanlegir á tónlistardagskrá hátíðarinnar og verður dagskráin öll í beinni útsendingu á EVE TV.

Góða skemmtun!

## MIÐVIKUDAGUR 24. APRÍL

OPNUNARTÓNLEIKAR, ELDBORG

- SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS SPILAR TÓNLIST EVE ONLINE

## LAUGARDAGUR 27. APRÍL

PARTY AT THE TOP OF THE WORLD

- Z-TRIP
- SKÁLMÖLD
- RETRO STEFSON
- DJ MARGEIR

**MIÐASALA Í HÖRPU, Á HARPA.IS OG MIDI.IS**

FREKARI UPPLÝSINGAR OG BEIN ÚTSENDING Á FANFEST.EVEONLINE.COM

PS3 PlayStation 3 · THE WAY nVIDIA · ALIENWARE · PROMOTE ICELAND PROMOTEICELAND.COM · Reykjavík PURE ENERGY · LÉTTÖL · NÝHERJI · ICELANDAIR · EVE ONLINE · DUST 514 · CCP

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Heiða Kristín þrítug

**Heiða Kristín Helgadóttir**, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, gerði hlé á kosningabaráttunni á laugardag þegar hún hélt upp á þrítugsafmæli sitt með viðhöfn í Hafnarloftinu við Lækjargötu. Heiða var þó ekki alveg laus við pólitík þetta kvöld því samherjar hennar voru áberandi meðal gesta. Guðmundur Steingrímsson og Róbert Marshall fluttu lag sem þeir höfðu samið um Heiðu auk þess sem Jón Gnarr borgarstjóri hélt ræðu. Upplýsti hann þar að hann hefði í margar vikur reynt að ná sambandi við átrúnaðargoð Heiðu, Bruce Springsteen, til að fá það til að flytja henni kveðju á afmælinu en það hefði strandað á umboðsmanni. Heiða tók þó viljann fyrir verkið. Loks flutti Björk Vilhelmsdóttir ræðu á sænsku og vísaði þar með til orða Heiðu Kristínar um að Samfylkingarfólk talaði saman á sænsku og syngi Maístjörnuna.

- mþl



### Eins og blóm í eggi í Litháen

**Bryndís Schram** dvelur í Litháen þessa dagana, nánar tiltekið í Vilníus, ásamt eiginmanni sínum Jóni Baldvini Hannibalssyni. Jón, sem mun vera hálfgerð þjóðhetja í Litháen, stundar kennslu við háskólann í Vilníus en Bryndís segist í nýlegri Facebookfærslu sitja við skriftir sem lausapenni. Þar segir Bryndís enn fremur að þau hjónin lifi eins og blóm í eggi í borginni og njóti alls þess góða sem borgin hefur upp á að bjóða, eins og lágs verðlags og góðra veitingastaða.



- hó

## Mest lesið vísir

1 Framdi bankarán í Danmörku og er nú í framboði til Alþingis
2 Undarlegt ástand í Kolgrafafirði
3 Jimmy Kimmel grínast með „Islandibubok“
4 Ingólfur Júlíusson látinn
5 Sáttmáli D- og B-lista yrði marklaust plagg





